

Vátryggingaréttur

Allt sem þú þarft
að vita um tryggingar

 **Neytenda
samtökin**



Tryggingar gegna veigamiklu hlutverki í lífi okkar og geta vegið þungt í heimilisbókhaldinu. Það getur þó reynst erfitt fyrir neytendur að fóta sig í flóknu lagaumhverfi váttrygginga.

Markmið þessarar samantektar er að lesendur fái greinargott yfirlit um öll helstu atriði sem snúa að váttryggingarétti. Farið er yfir allar helstu tegundir trygginga, hvað í þeim felst og hvaða undantekningar geta leitt til þess að bætur fáið ekki greiddar.

Tekin eru fjölmörg dæmi úr úrskurðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Þessi dæmi varpa ljósi á það hvernig lagareglum og skilmálum er beitt og hvaða áhrif það hefur á bótarétt neytenda.

Styttra og einfaldara yfirlit um váttryggingarrétt má finna á ns.is/tryggingar

Neytendasamtökin 2026

Efnisyfirlit

Vátryggingar einstaklinga	5
Lögbundnar tryggingar einstaklinga	5
Frjálsar tryggingar einstaklinga	5
Eigin áhætta og sjálfsábyrgð	6
Helstu réttarreglur	8
Ásetningur og stórkostlegt gáleysi	9
Gáleysi annarra – samsömun	11
Varúðarreglur	11
Tilkynningarskylda tryggingafélaga	13
Tímafrestrir	14
Tilkynningarfrestur	15
Fyrningarfrestur	16
Málskotsfrestur	18
Matsfrestur samkvæmt skilmálum tryggingafélaga	19
Réttindi og vernd neytenda	21
Réttur til upplýsinga áður en trygging er keypt	21
Réttur til upplýsinga þegar tjón verður	22
Réttur til upplýsinga við endurnýjun tryggingar	23
Réttur til að segja upp tryggingu með 30 daga fyrirvara	23
Ágreiningur við vátryggingafélög	23
Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum	24
Tjónanefnd vátryggingafélaganna	24
Lögboðnar ökutækjategyggingar	25
Sakarskipting í árekstrum	25
Skerðing eða niðurfelling bóta	25
Hvenær er ökutæki í notkun?	28
Líkamstjón og sönnun	29
Munatjón og sönnun	30
Sérstaða vélknúinna hlaupahjóla	31
Alþjóðlegar bifreiðategyggingar á Íslandi	32
Kaskótryggingar	33
Tjónsorsakir	33
Skerðing eða niðurfelling bóta	34
Umfang tjóns	36
Mikilvægir frestrir	36
Fjölskyldutryggingar	38
Innbústrygging	39
Innbúskaskó	41
Ábyrgðartrygging einstaklings	42
Sérregla vegna barna yngri en 10 ára	43
Fritímaslysstrygging	43
Skilgreining á slysi – slyshugtakið	43
Ferðatryggingar	45
Réttaraðstoðartrygging/málskostnaðartrygging	45
Aðrir þættir sem eru oft hluti af fjölskyldutryggingum	48
Mikilvægir frestrir	48

Ferðatryggingar	50
Forföll	50
Sjúkrakostnaður, endurgreiðsla ferðar og ferðarof	51
Farangur	52
Gæludýratryggingar	54
Afnotamissistrygging	54
Ábyrgðartrygging	55
Líftrygging	55
Sjúkrakostnaðartrygging	56
Umönnunar/gæslutrygging	56
Fasteignatrygging	57
Helstu þættir fasteignatryggingar	59
Ábyrgðartrygging húseiganda	60
Réttaraðstoðartrygging/málskostnaðartrygging	62
Líf- og sjúkdómatryggingar	64
Sjúkdómatrygging	64
Líftrygging	64
Áhættumat og heilsufarsupplýsingar	65
Aðrar heilsutryggingar	67
Slysatrygging launþega	68
Skilgreining slyshugtaksins	68
Orsakatengsl og sönnun	69
Skerðing eða niðurfelling bóta	70
Mikilvægir frestir	70
Ábyrgðartryggingar	72
Mikilvægir frestir	72
Eigin sök í skaðabótamálum	73
Sönnunarbyrði í skaðabótamálum	73
Fjárhæð skaðabóta	74
Frjálsar eða lögboðnar ábyrgðartryggingar	74
Ábyrgðartrygging atvinnureksturs	74
Algengar undanþágur	75
Vinnuslys	75
Slys vegfarenda	76
Ýmis munatjón	77
Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra	77
Starfsábyrgðartrygging fasteignasala	79
Starfsábyrgðartrygging lögmanna	80

Vátryggingar einstaklinga

Vátryggingum er í stuttu máli ætlað að verja okkur fyrir óvæntu fjárhagslegu tjóni hvort sem er vegna eignatjóns eða tekjumissis vegna heilsubreysts. Segja má að trygging feli í sér samkomulag þar sem tryggingafélag lofar að bæta tjón gegn greiðslu iðgjalds.

Lögbundnar tryggingar einstaklinga

Sumar tryggingar eru **lögbundnar** eða svokallaðar skyldutryggingar. Þetta eru tryggingar sem einstaklingum, eða fyrirtækjum, er skylt að kaupa samkvæmt lögum. Tilgangurinn er að vernda þriðja aðila (ábyrgðartryggingar) eða að tryggja fjárhagslegt öryggi í samfélaginu. Þær lögbundnu tryggingar sem snúa að einstaklingum eru brunatrygging fasteigna og lögboðin ökutækjatrýgging. Öllum eigendum fasteigna og ökutækja ber samkvæmt lögum að kaupa slíkar tryggingar. Ef iðgjaldið er ekki greitt hefur tryggingafélag rétt til að krefjast uppboðs á eigninni þar sem svokallaður lögveðsréttur hvílir á ökutækinu og/eða fasteigninni og gengur hann fyrir öllum öðrum skuldbindingum. Á grundvelli lögveðsréttar getur tryggingafélag krafist nauðungarsölu á fasteign/ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Lögboðin ökutækjatrýgging er samsett trygging sem felur í sér ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns og eiganda. Ábyrgðartryggingin tekur til tjóna sem notkun ökutækisins veldur öðrum. Hér er bæði átt við tjón á eignum annarra og líkamstjón. Slysatrygging ökumanns og eiganda greiðir bætur vegna líkamstjóns ökumanns og eiganda ökutækis þegar hann er tjónvaldur í umferðinni; til dæmis ekur aftan á aðra bifreið, ekur bifreið út af eða slasast sem farþegi í eigin bifreið við slíkar aðstæður.

Brunatrygging fasteigna er lögboðin trygging sem bætir tjón af völdum eldsvoða. Rétt er að geta þess að tryggingafélög innheimta iðgjald vegna náttúruhamfaratryggingar, vegna fasteigna fyrir ríkið samhliða iðgjaldi brunatrygginga.

Tryggingafélag þarf að hafa mjög ríkar ástæður til að neita beiðni um tryggingu, sérstaklega þegar um skyldutryggingu er að ræða. Félag getur þannig almennt ekki vísað frá sér bifreiðaeiganda sem vill taka ábyrgðartryggingu eða húseiganda sem vill brunatryggja hjá félaginu.

Frjálsar tryggingar einstaklinga

Frjálsar tryggingar eru, eins og heitið gefur til kynna, tryggingar sem fólki er ekki skylt að taka. Hér undir falla þó margar algengar og mikilvægar tryggingar eins og fasteignatrygging, ferðatrygging, líf- og sjúkdómatrygging og fjölskyldutrygging.

Algengustu tryggingarnar eru eftirfarandi:

Fjölskyldu- og innbústrygging, oft einnig nefnd heimilistrygging, tryggir lausafé heimilisins, svo sem húsgögn, raftæki og fatnað, gegn tjóni vegna bruna, innbrota og vatnstjóns. Um er að ræða samsetta tryggingu og hjá flestum íslenskum tryggingafélögum er hægt að velja á milli mismunandi viðtækra trygginga. Áætla þarf verðmæti innbús þar sem mikilvægt er að tryggingaverndin endurspegli raunverulegt verðmæti þess ef til tjóns kemur. Flestar fjölskyldutryggingar fela einnig í sér slysatryggingu í frítíma, réttaraðstoðartryggingu og ábyrgðartryggingu. Hjá sumum trygg-

ingafélögum er innbúskaskótrygging innifalin en hjá öðrum er hún valkvæð. Oftast er ferðatrygging einnig valkvæð viðbót við fjölskyldu- og innbústryggingar, þ.e. ekki sjálfkrafa innifalin. Tryggingafélögin bjóða einnig upp á ýmsar aðrar tryggingar, svo sem áfallatryggingu, umönnunartryggingu barna og neyðaraðstoð vegna ofbeldis sem hluta af viðtækari tegundum fjölskyldu og innbústryggingar. Þar sem fjölskyldu- og innbústryggingar geta verið mjög mismunandi milli tryggingafélaga er mikilvægt að gera samanburð og velja þá tryggingu sem hentar best.

Fasteignatrygging verndar fasteignina sjálfa gegn tjóni vegna vatnsleka, óveðurs, innbrota og fleiri atvika. Flestar fela einnig í sér réttaraðstoðartryggingu og ábyrgðartryggingu.

Kaskótrygging ökutækja bætir tjón á eigin ökutæki. Kaskótrygging er ekki eingöngu fyrir bifreiðar því einnig er hægt að kaupa slíka tryggingu fyrir bifhjól, dráttarvélar, húsvagna og aðra eftirvagna ökutækja.

Bílrúðutrygging er oftast valkvæð viðbót við lögboðna ökutækjatryggingu. Bætir tjón á rúðum ökutækis, t.d. sprungur eða brot.

Ferðatrygging bætir tjón vegna óvæntra atvika á ferðalögum, t.d. veikinda og slysa sem verða á ferðalagi eða áður en ferðalagið hefst (forfallatrygging).

Dýratryggingar eru í boði fyrir gæludýr líkt og hunda og ketti og einnig fyrir hesta. Tryggingarnar samanstanda flestar af líf- og sjúkrakostnaðartryggingu en einnig er hægt að kaupa afnotamissistryggingu sé dýrið ætlað til tiltekinna nota eða ræktunar. Ábyrgðartrygging er einnig oft hluti af tryggingunni.

Líf- og sjúkdómatryggingar eru algengustu tryggingar þegar kemur að lífi og heilsu. Sjúkdómatrygging greiðir bætur ef tryggður greinist með alvarlegan sjúkdóm sem skilgreindur er í skilmála tryggingarinnar s.s. ýmis krabbamein eða hjartaáfall. Sá sem kaupir slíka tryggingu ræður bótafjárhæðinni sjálfur og tekur iðgjaldið mið af henni. Sama á við um líftryggingu en bætur úr henni greiðast til þeirra aðila sem hinn látni hefur tilgreint.

Eigin áhætta og sjálfsábyrgð

Í flestum tryggingum ber viðskiptavinur hluta tjónsins og er það ýmis nefnt eigin áhætta eða sjálfsábyrgð viðskiptavinar. Eigin áhætta dregst frá tjónabótum séu þær greiddar út en í þeim tilvikum sem viðgerð fer fram, svo sem á ökutækjum eða fasteignum, fær viðskiptavinur sérstaka rúkkun fyrir sjálfsábyrgðinni frá tryggingafélaginu. Í sumum tryggingum, til dæmis kaskótryggingu ökutækja, geta viðskiptavinir valið hversu há sjálfsábyrgðin er og lækkar þá iðgjald tryggingarinnar eftir því sem viðskiptavinir taka sjálfir á sig stærri hluta mögulegs tjóns.

Dæmi: Ef þú ert með innbústryggingu með 75.000 kr. sjálfsábyrgð og verður fyrir 300.000 kr. tjóni, þá greiðir þú fyrstu 75.000 kr. og tryggingafélagið hinn hlutann, eða. 225.000 kr. Sé kostnaður vegna tjónsins minni en 75.000 kr. greiðast engar bætur.

Í flestum einstaklingstryggingum er sjálfsábyrgð stöðluð fjárhæð og getur hún verið mishá eftir tegund tryggingar og skilmálum. Sumar tryggingar eru með fleiri en eina sjálfsábyrgð, eftir því hvernig tjón um ræðir. Því er mikilvægt að skoða fjárhæð eigin áhættu við samanburð á iðgjöldum milli tryggingafélaga.

Yfirlit yfir einstaklingstryggingar

Flokkur	Tegund tryggingar	Skylda?	Verndar hvað?	Hvaða tjóns tekur tryggingin til?
Fasteignir	Brunatrygging fasteigna	Já	Fasteign gegn eldsvoða	Tjóns á fasteign vegna eldsvoða
	Fasteignatrygging	Nei	Fasteign gegn ýmis konar tjóni	Tjón á fasteign vegna vatnstjón, óveðurs, innbrots
Heimili og fjölskylda	Fjölskyldu- og innbústrygging	Nei	Innbú og fjölskyldu vegna frítímaslysa og skaðabótakrafna	Tjón á innbúi vegna innbrots, eldsvoða, annarra óhappa. Ábyrgðar-, réttaraðstoðar-, slysatrygging einstaklinga. Ferðatrygging (valkvæð viðbót)
Ökutæki	Lögboðin ökutækjatrygging	Já	Greiðir skaðabætur vegna tjóns annarra og bætur vegna slysa ökumanns/eiganda	Tjón á öðrum ökutækjum eða eigum og líkamstjón annarra svo sem við árekstur, slys á ökumanni sem ber sök á árekstrinum
	Kaskótrygging	Nei	Eigið ökutæki	Skemmdir á eigin bifreið, hjóli eða húsvagni
	Bílrúðutrygging	Nei	Rúður ökutækis	Sprungur eða brot í rúðu
Ferðalög	Ferðatrygging	Nei	Tjón á ferðalögum vegna s.s. veikinda eða þjófnaðar	Tjón á ferðalögum vegna veikinda, tjón vegna afpöntunar ferða vegna veikinda, ferðarof vegna veikinda eða andláts, tjón á farangri s.s. vegna þjófnaðar
Líf og heilsa	Sjúkdómatrygging	Nei	Alvarleg veikindi	Svo sem hjartaáfall eða krabbamein
	Líftrygging	Nei	Bætur vegna andláts	Greiðist til maka/barna eða annarra tilgreindra rétthafa við andlát
Dýr	Dýratrygging (gæludýr/hestar)	Nei	Líf og heilsa dýra	Dýralæknakostnaður, dauði, ábyrgðartjón

Helstu réttarreglur

Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (skammstöfuð vsl.) gilda um tryggingar einstaklinga. Þau fjalla um réttindi og skyldur bæði viðskiptavinar og tryggingafélags og eru lögín ófrávikjanleg nema annað sé tekið fram. Það þýðir að ekki má semja á annan hátt en lögín kveða á um ef það leiðir til lakari stöðu neytenda. Það er gert til þess að veita neytendum lágmarksvernd þegar kemur að samningum um kaup á tryggingum. Í lögnum er tryggingum skipt í þrjá flokka: skaðatryggingar, persónutryggingar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir.

Skaðatryggingar eru tryggingar sem einkum er ætlað að bæta raunverulegt fjárhagslegt tjón og gildir þar sú grundvallarregla að enginn eigi að hagnast á váttryggingunni, þ.e. sá sem verður fyrir tjóni á að fá tjón sitt bætt en ekki meira en það. Til skaðatrygginga teljast hefðbundnar eignatryggingar, eins og brunatryggingar, fasteignatryggingar, kaskótryggingar ökutækja og ábyrgðartryggingar.

Persónutryggingar eru helst líftryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar.

Váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir eru til dæmis líftryggingar með fjárfestingu. Eins og er eru það helst erlend tryggingafélög sem bjóða upp á þessar tryggingar í gegnum íslenska tryggingamiðlara.

Almenn ákvæði váttryggingaskilmála tryggingafélaga, t.d. reglur sem gilda um upphaf og lok váttryggingarsamnings, greiðslu iðgjalds og áhrif vanskila eru byggð á lögnum. Sum tryggingafélög eru með sérstaka skilmála sem nefnast „Almennir skilmálar“ og eru níu til tíu blaðsíður. Þessir skilmálar gilda um allar tryggingar félaganna og byggja ákvæði þeirra að miklu leyti á lögum um váttryggingarsamninga. Hafa þarf í huga að þessir „almennu skilmálar“ gilda því samhliða þeim skilmálum sem við eiga um hverja og eina tryggingu.

Í lögnum er m.a. kveðið á um:

- Upplýsingaskyldu tryggingafélaga við gerð váttryggingarsamninga.
- Upplýsingaskyldu tryggingartaka(neytanda)við gerð váttryggingarsamninga.
- Hlutlægar ábyrgðartakmarkanir sem tengjast háttsemi hins váttryggða eða manna sem verða samsamaðir honum.
- Varúðarreglur skilmála og þær skilgreindar. Í váttryggingarskírteini skal benda tryggingartaka sérstaklega á að kynna sér þær varúðarreglur sem eiga við um trygginguna.
- Reglur um uppsögn váttryggingarsamnings, bæði af hálfu tryggingartaka og tryggingafélags. Miklar takmarkanir eru settar á heimildir tryggingafélaga til þess að slíta váttryggingarsamningi.
- Reglur um uppgjör tryggingabóta, greiðslutími tryggingabóta, skuldajöfnun.
- Aukna vernd tjónþola þegar sá sem er bótaskyldur nýtur verndar ábyrgðartryggingar.
- Heilsufarsupplýsingar sem tryggingafélög geta krafist þegar sótt er um persónutryggingu.

- Skyldu tryggingafélaga til að hafa með sér samstarf um úrlausn ágreiningsfna.

Í þessari umfjöllun verður ekki farið yfir öll ákvæði laganna, heldur eingöngu þau ákvæði sem oftast reynir á í ágreiningsmálum.

Ásetningur og stórkostlegt gáleysi

Meginreglan er sú að ef váttryggður veldur tjóni af **ásetningi**, þ.e. viljandi og af ásettu ráði, þá getur hann ekki gert kröfu um bætur úr tryggingu.

Stundum verður tjón vegna þess að einhver hegðar sér af miklu kæruleysi, þ.e. tjóni er ekki valdið viljandi heldur verður tjón vegna þess að einhver hagar sér með afar óvarkárum eða jafnvel glæfralegum hætti. Það getur leitt til þess að váttryggingafélag lækki bætur eða neiti alveg að greiða bætur. Í lögunum eru ákvæði sem fjalla bæði um ásetning váttryggðs og einnig háttsemi sem felur í sér mikið kæruleysi, þ.e. verulegt frávik frá því sem ætla mátti af hinum váttryggða. Þetta kallast **stórkostlegt gáleysi** í lögunum og váttryggingarskilmálum. Tryggingafélag getur lækkað eða fellt niður bætur ef háttsemi váttryggðs telst vera stórkostlegt gáleysi.

Ef frávikið telst ekki verulegt er talað um **almennt gáleysi**. Tryggingafélög mega ekki takmarka bótarétt vegna slíkrar háttsemi nema það sé sérstaklega heimilt skv. lögum. Erfitt er að setja fram algild viðmið um það hvenær gáleysi telst almennt og hvenær það telst stórkostlegt enda verður að meta það með hliðsjón af atvikum í hverju tilviki.

Tryggingafélög geta einnig takmarkað bótarétt sé að ræða brot á svokölluðum **varúðarreglum**. Í slíkum tilfellum má tryggingafélag takmarka ábyrgð sína ef um skaðatryggingu er að ræða. Um varúðarreglur er fjallað nánar síðar.

Dæmi um háttsemi sem getur talist **stórkostlegt gáleysi**:

- Að stýra ökutæki undir áhrifum áfengis eða vímuefna.
- Ofsaakstur.
- Að nota farsíma undir stýri.

Gott að vita:

- Tryggingafélag þarf að sýna fram á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða. Sú sönnun tekst ekki alltaf.
- Ef tryggingafélag lækkar eða fellir niður bætur vegna stórkostlegs gáleysis er hægt að leggja ágreining um það fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.
- Tryggingafélagi ber að tilkynna um slíka skerðingu eða brottfall bóta án ástæðulauss dráttar frá því að atvik tjónsins voru ljós. Dragist um of að senda slíka tilkynningu leiðir það til þess að óheimilt er lækka eða fella niður bætur.
- Stórkostlegt gáleysi er ekki það sama og brot á varúðarreglu, en stundum getur sama háttsemi bæði falið í sér brot á varúðarreglu og stórkostlegt gáleysi.

Í lögunum er fjallað um stórkostlegt gáleysi á tveimur stöðum.

- 2. mgr. 27. gr. vsl. á við um skaðatryggingar. Þar segir:
„Hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vá-

tryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“

- 1. mgr. 90. gr. vsl. á við um persónutryggingar. Þar segir:

„Hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef váttryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.“

Hér má sjá úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum þar sem reynir á stórkostlegt gáleysi.

36/2023: Hárri sendibifreið var ekið inn í bílakjallara og skemmdist toppur bifreiðarinnar þegar hann rakst upp undir loft kjallarans. Á vettvangi var sérstakt bannmerki sem tilgreindi mestu leyfilegu hæð ökutækja sem var 2,2 metrar. Bifreiðin var 2,365 metrar. Tryggingafélagið samþykkti bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar en vildi skerða bæt看 um helming á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Nefndin taldi að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en taldi hæfilega skerðingu 1/3 hluta.

57/2024: Talið stórkostlegt gáleysi M að líta á farsíma sinn við akstur. Nefndin taldi heimilt að skerða bæt看 úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda um 1/3 hluta.

215/2024: M stýrði bát upp í grjóttgarð og reyndist vera undir áhrifum áfengis. M hélt því fram að hann hefði drukkið áfengið eftir tjónsatvikið. Nefndin taldi sannað á grundvelli almennra upplýsinga um niðurbrotstíma áfengis í blóði og því að áfengisneysla M hefði hafist nokkru fyrir tjónið. Taldi nefndin að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og ætti engan rétt til bóta úr slysaftryggingu sjómanna.

328/2024: M varð fyrir líkamstjóni er hún missti stjórn á rafhlaupahjóli og féll af hjólinu og á gangstétt. Reyndist hún hafa verið undir áhrifum áfengis en í blóði hennar mældist áfengismagn 1.09 prómill. Nefndin taldi að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og taldi rétt að skerða bæt看 úr frítímaslysaftryggingu hennar um 2/3 hluta.

245/2024: M missti stjórn á bifreið sinni. Á vettvangi var hámarkshraði 60 km./klst. en í lögregluskýrslu viðurkenndi M að hafa ekið á 90 km./klst. Vitni sögðu bifreiðina hafa verið í kappakstri og að henni hefði verið ekið ólöglega fram úr bifreið á beygjuakrein. Taldi nefndin að með háttsemi sinni hefði M stofnað öðrum í hættu og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Tryggingafélagið hafði alfarið hafnað bótaskyldu á grundvelli þess en nefndin taldi rétt að skerða bæt看 um helming.

353/2024: M sofnaði undir stýri og ók á hringtorg. Slasaðist hann við það og gerði kröfu um bæt看 úr slysaftryggingu ökumanns. Tryggingafélagið taldi rétt að skerða bæt看 til hans um helming. Nefndin taldi ósannað að M hefði, þrátt fyrir að hafa sofnað undir stýri, verið þennan morgun ófær um akstur. Taldi nefndin að tryggingafélagið hefði ekki sýnt fram á að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur og átti M því rétt á fullum bótum vegna líkamstjónsins.

Gáleysi annarra – samsömun

Í 29. gr. laga um váttryggingarsamninga er fjallað um samsömun. Samsömun felur það í sér að tjónþoli getur þurft að þola lækkun eða höfnun bóta þó hann sjálfur hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi heldur einhver annar. Ákvæðin sem fjalla um samsömun þegar um ræðir tryggingar neytenda eru svohljóðandi:

*„Í váttryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að váttryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má semja svo um að:*

a. við váttryggingu ökutækja, skipa, loftfara eða annarra farartækja og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða,

b. við váttryggingu íbúðarhúsnæðis, orlofshúsnæðis og innbús megi félagið bera fyrir sig háttsemi maka hins váttryggða sem býr með honum og manns sem hinn váttryggði býr með í föstu varanlegu sambandi.“

Almenna reglan er því sú að það er bannað að setja í skilmála að neytendur missi bótarétt ef fjölskyldumeðlimir þeirra eða vinir valda tjóni með stórkostlegu gáleysi. Til þess að slík skerðing sé heimil þurfa þeir sjálfir, en ekki aðrir, að hafa sýnt af sér slíka háttsemi.

Hins vegar reynir nokkuð oft á túlkun á undantekningunum, sér í lagi þegar um kaskótryggingar bifreiða er að ræða. Í þeim tilvikum þarf að meta hvort sá sem sýndi af sér stórkostlegt gáleysi – ók til að mynda undir áhrifum eða var í kappakstri – var ábyrgur fyrir bifreiðinni með samþykki þess sem er tryggður. Oft getur verið flókið að meta hvort svo sé en nokkuð oft hefur reynt á þetta atriði fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sjá til dæmis úrskurði í málum nr. 8/2023 og 183/2024.

Af úrskurðarframkvæmd má ráða að mikið þarf til svo samsömun sé beitt, þ.e. svo sá sem er með kaskótryggingu þurfi að þola lækkun bóta ef ökumaður brýtur af sér. Verður til dæmis að telja að ef unglingur ekur alltaf um á einni af bifreiðum heimilisins sé samt sem áður ekki heimilt að beita samsömun ef sýnt er fram á að foreldrarnir reki bifreiðina og greiði öll gjöld vegna hennar. Í slíkum tilvikum væri því ekki heimilt að skerða rétt foreldranna til bóta vegna skemmda á bifreiðinni sjálfri. Hins vegar væri heimilt að lækka bætur til unglingsins úr slysáttryggingu ökumanns eftir almennum reglum hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Varúðarreglur

Í skilmálum flestra trygginga eru settar fram ákveðnar reglur eða fyrirmæli um hegðun sem skal viðhafa í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á tjóni. Þetta kallast varúðarreglur.

Dæmi um varúðarreglur:

- Að læsa bifreið þegar hún er yfirgefin.
- Að læsa húsi þegar það er mannlaust og loka gluggum þess.
- Að skilja hluti ekki eftir eftirlitslausum á almannafæri.

Ef brotið er gegn varúðarreglum getur það haft áhrif á bótarétt. Þannig getur tryggingafélag lækkað bætur eða neitað að greiða bætur. Meta þarf alvarleika brotsins, hvernig tjónið bar að og önnur atvik. Tryggingafélagið þarf að sýna fram á að

varúðarregla hafi verið brotin og að það hafi valdið tjóninu eða aukið afleiðingar þess.

Í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 segir um varúðarreglur:

- 26. gr. vsl. á við um skaðatryggingar. Þar segir:
„Félagið getur gert fyrirvara um að ábyrgð þess á váttryggingaratburði skuli lækka að tiltölu ef ákvörðun iðgjalds er skýrlega háð því hvernig hinn váttryggði hlutur er notaður og að fylgt sé ákveðnum varúðarreglum.

Fyrirvara, sem greinir í 1. mgr., verður ekki beitt ef breytingar á váttryggðri áhættu eru ekki orsök váttryggingaratburðar. Honum verður heldur ekki beitt ef þær eru hvorki af völdum váttryggðs né með samþykki hans og hann hefur gert þær ráðstafanir sem sanngjarnar má telja til að upplýsa félagið um þær án ástæðulauss dráttar frá því að hann vissi um þær.“

- 90. gr. vsl. á við um persónutryggingar. Þar segir:
„Hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef váttryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti..“

Dæmi úr úrskurðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum:

163/2024: M var erlendis í golfferð og skildi golfsettið sitt eftir fyrir framan golfskála meðan hann fékk sér hressingu þar. Golfsettinu var stolið og gerði M kröfu um bætur úr greiðslukortatryggingu sinni vegna þjófnaðarins. Tryggingafélagið taldi að M hefði ekki gætt fyllstu varúðar við geymslu á golfsettinu og þannig brotið gegn varúðarreglu skilmála tryggingarinnar sem kveður á um að ekki skuli skilja við muni eftirlitslausa á almannafæri. Niðurstaða nefndarinnar var sú að tryggingafélaginu var heimilt að skerða bætur til hans um 2/3 hluta vegna brots á fyrrgreindri varúðarreglu.

358/2024: Ferðatösku M var stolið úr bifreið sem lagt var fyrir utan hótél á Ítalíu. M gerði kröfu um bætur vegna muna sem voru í töskunni úr bæði greiðslukortatryggingu og fjölskyldutryggingu. Tvö mismunandi félög voru með þær tryggingar og bæði höfnuðu þau bótaskyldu á þeim grundvelli að þjófnaður úr ólæstri bifreið væri undanskilinn bótaskyldu. Nefndin taldi að félögin gætu ekki borið fyrir sig þessa undanþágureglu þar sem í raun væri um að ræða dulda varúðarreglu þ.e. fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann eigi að geyma váttryggðan hlut. Á grundvelli 26. gr. vsl. taldi nefndin þó heimilt að skerða bætur um 2/3 hluta.

Í máli nr. 89/2023 var um að ræða þjófnað úr ólæstri geymslu fjöleignarhúss. Í máli nr. 127/2023 var deilt um bótarétt vegna þjófnaðar á ólæstri bifreið. Í þeim tilvikum var talið heimilt að skerða bætur um helming vegna brota á varúðarreglu.

Þó varúðarreglur séu þannig brotnar leiðir það því ekki sjálfkrafa til þess að bótaréttur falli að fullu niður heldur þarf að meta hvert tilvik fyrir sig.

Oft er vísað bæði til þess að um brot á varúðarreglu hafi verið að ræða og stórkostlegt gáleysi váttryggðs sem leiði til brottfalls bótaréttar. Sem dæmi um slíkt er úrskurður í máli nr. 433/2023 en atvik voru þau að M rétti ókunnugum manni símann sinn í þeim tilgangi að sá tæki mynd af M. Maðurinn hljóp þess í stað í burtu með símann. Taldi nefndin að M hefði bæði brotið gegn varúðarreglu og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leiddi til þess að bótaréttur hans féll niður.

Tilkynningarskylda tryggingafélaga

Ef tryggingafélag telur sig laust undan ábyrgð, að öllu leyti eða að hluta, vegna háttsemi váttryggðs, ber því að tilkynna það sérstaklega án ástæðulauss dráttar. Tilkynninguna þarf að senda eins fljótt og auðið er eftir að félagið fær vitneskju um þau atvik sem það telur veita sér rétt til að hafna bótaskyldu eða skerða bætur. Félagið glatar rétti sínum til að skerða eða fella niður bætur ef það vanrækir þessa upplýsingaskyldu sína. Mat á því hve mikið svigrúm félagsins er að þessu leyti verður að fara fram í hverju tilviki fyrir sig. Ekki eru gerðar þær kröfur til félagsins að það sendi strax tæmandi upplýsingar um hvernig það muni bregðast við. Nægilegt er að það tilkynni að til athugunar sé að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð. Nauðsynlegt er þó að senda fullnaðartilkynningu strax og atvik málsins eru ljós, svo sem þegar fullnaðarrannsókn lögreglu eða önnur gögn liggja fyrir. Í tilkynningunni ber félaginu jafnframt að upplýsa váttryggðan um möguleika hans til þess að bera álitaefnið undir úrskurðarnefnd.

31. gr. vsl. á við um skaðatryggingar. Þar segir:

- Nú hyggst félagið bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum þessa kafla, eða það hafi rétt til þess að segja upp váttryggingunni, og skal það þá tilkynna váttryggingartaka eða váttryggðum þá afstöðu sína. Tilkynningin skal send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. Í þessu sambandi skal félagið einnig upplýsa um möguleika til þess að bera álitaefni undir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
- Vanræki félagið upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. glatar það rétti til að bera ábyrgðartakmörkun fyrir sig.

94. gr. vsl. á við um persónutryggingar. Þar segir:

- Nú hyggst félagið bera fyrir sig að það sé samkvæmt ákvæðum þessa kafla laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta, eða geti sagt upp váttryggingunni, og skal það þá tilkynna váttryggingartaka eða þeim sem rétt á til váttryggingarbóta skriflega um afstöðu sína. Tilkynningin skal send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðunum. Í því sambandi skal félagið einnig upplýsa um rétt til að leggja mál fyrir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
- Vanræki félagið að senda slíka tilkynningu glatar það rétti til þess að bera fyrir sig atvikin.
- Í líftryggingum skal félagið samtímis því sem það sendir tilkynningu skv. 1. málsl. 1. mgr. skrá í líftryggingarskrá að það hafi borið fyrir sig atvikin.

Tímafrestrir

Í lögum um váttryggingarsamninga og tryggingaskilmálum er kveðið á um ýmsa tímafrestrir sem tjónþolar verða að fylgjast vel með. Ef ekki er brugðist við innan þessara frestra, getur réttur til bóta glatast jafnvel þótt enginn vafi sé um að bótaskyld tjón hafi átt sér stað. Athuga skal þó að tilkynningarfrestur, málskotsfrestur og matsfrestur eiga ekki við þegar um ábyrgðartryggingar er að ræða. Þá gilda einnig sérstakar fyrningarreglur um ábyrgðartryggingar og ökutækjatrýggingar.

Fjórir frestrir sem mikilvægt er að hafa í huga:

1. Tilkynningarfrestur – innan eins árs frá tjóni

Tilkynna þarf tryggingafélaginu um tjón innan 12 mánaða frá því það á sér stað. Sé það ekki gert getur réttur til bóta glatast alfarið, óháð því hvort tjónið er bótaskyld.

2. Fyrningarfrestur – yfirleitt fjögur til tíu ár

Krafa um bætur fyrnist að ákveðnum tíma liðnum, mismunandi eftir því um hvers kyns tegund tryggingar eða tjón er að ræða. Algengast er að fyrningarfrestur sé **fjögur ár** frá því tjónþoli fékk vitneskju um bótarétt sinn – eða í síðasta lagi **tíu ár** frá því tjónið varð.

3. Málskotsfrestur – eitt ár frá höfnun eða skerðingu bóta

Sé tryggingafélag búið að hafna bótakröfu eða skerða bætur hefur tjónþoli **eitt ár** til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða til dómstóla. Sé það ekki gert getur ákvörðun félagsins staðið óhöggð.

4. Matsfrestur – þrjú ár frá slysdegi (gildir um líkamstjón)

Í slysatryggingum, t.d. vegna vinnu- eða frítímaslysa, setja tryggingafélög yfirleitt sérstakan frest í skilmála sína sem kveður á um hvenær tjónþoli þarf að óska eftir mati á varanlegum afleiðingum slyssins (örorkumat). Sá frestur er **þrjú ár frá slysdegi** svo hafi mat ekki farið fram innan þess tíma glatast réttur til bóta.

Tímalína fresta

Hér að neðan má sjá dæmi um þá tímafresti sem þarf að huga að í reiðhjólaslysi þar sem bæði varð líkamstjón og munatjón. Dæmið miðast við reiðhjólaslys sem er bótaskyldt úr frítímatryggingu fjölskyldutryggingar. Reiðhjólið skemmdist líka og bætur vegna þess eru sóttar í innbústryggingu.

- **1. júní 2020 – Tjónsdagur** munatjón og líkamstjón
- **31. maí 2021 – Tilkynningafrestur**
 - Tilkynningafrestur vegna reiðhjóls (munatjóns) rennur út. Upphaf frests á tjónsdegi, þegar hjólið skemmist.
 - Tilkynningafrestur vegna líkamstjóns gæti byrjað að renna út en upphaf frestsins er ekki endilega á tjónsdegi, heldur er horft til þess hvenær tjónþoli gat gert sér grein fyrir tjóni sínu. Öruggst að tilkynna líkamstjónið fyrir þennan tímapunkt.
- **15. ágúst 2022** – Tryggingafélag hafnar að greiða bætur. Kærufrestur til úrskurðarnefndar er eitt ár.
- **1. júní 2023** – Frestur til að láta meta varanlegar afleiðingar líkamstjóns rennur út.
- **14. ágúst 2023** – Frestur til að kæra höfnun tryggingafélags til úrskurðarnefndar rennur út.
- **31. desember 2024** – Fyrsta mögulega fyrning tjóns.
 - Munatjónið fyrnist yfirleitt í kringum þennan tímapunkt.
 - Líkamstjónið fyrnist í fyrsta lagi í kringum þennan tímapunkt.
- **31. desember 2030** – Allar kröfur fyrnast ef ekki er búið að rjúfa fyrningu.

Tilkynningarfrestur

Ef slys eða tjón sem gæti fallið undir tryggingu á sér stað er mikilvægt að tilkynna tryggingafélaginu um það eins fljótt og hægt er. Í lögunum er tekið fram að ef beðið er of lengi með að tilkynna tjónið glatist réttur til bóta, jafnvel þótt tryggingin hafi verið í gildi og bótaréttur sé til staðar.

Tilkynningarfrestur laganna gildir um persónutryggingar og skaðatryggingar, aðrar en ábyrgðartryggingar. Tilkynna þarf tryggingafélaginu um tjón innan árs frá því tjónþoli vissi, eða mátti vita, að eitthvað hefði gerst sem gæti veitt honum rétt til bóta.

- 1. mgr. 51. gr. vsl. á við um skaðatryggingar. Þar segir:
„Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.“
- 1. mgr. 124. gr. vsl. á við um persónutryggingar. Þar segir:
„Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á [eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti“

Hvenær byrjar fresturinn að líða?

- Ef um er að ræða eignatjón, t.d. brotinn farsíma, byrjar fresturinn yfirleitt að líða strax á tjónsdegi.
- Ef um er að ræða líkamstjón, t.d. fótbrot eða áverka á stoðkerfi, byrjar fresturinn ekki endilega að líða á slysdegi heldur þegar tjónþoli gerir sér grein fyrir því að afleiðingar líkamstjónsins séu varanlegar.

Sjaldan reynir á tilkynningarfrest vegna munatjóns fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum en hér er þó eitt dæmi:

432/2024: M slasaðist í reiðhjólasyli og gerði strax kröfu um bætur vegna líkamstjóns síns. Tæpum tveimur árum síðar, þegar komið var að uppgjöri vegna líkamstjónsins, krafðist M einnig bóta vegna skemmda á hjólinu og búnaði þess. Tryggingafélagið hafnaði þeirri kröfu með vísan til þess að hún hefði ekki verið gerð innan eins ár frá því M vissi um atvikið, sbr. 1. mgr. 51. gr. vsl. M hélt því fram að tryggingafélagið hefði átt að vita af munatjóninu þegar það fékk tilkynningu um líkamstjónið. Nefndin taldi að þar sem ekki hefði verið gerð formleg krafa um bætur vegna munatjónsins innan árs frá því slysið varð hefði M glatað rétti sínum til bóta.

Líkt og áður segir þá er flóknara að meta hvenær ársfresturinn hefst í raun og veru þegar um líkamstjón vegna slysa er að ræða.

102/2024: M slasaðist 1. maí 2022 þegar barnabarn hennar sparkaði plastflösku í andlit hennar með þeim afleiðingum að tönn brotnaði og þurfti að fjarlægja hana. M fór til tannlæknis daginn eftir og í framhaldinu fór fram frekari meðferð hjá tannlækni á árinu 2022 og fram í ágúst 2023. Hún tilkynnti slysið til tryggingafélags í mars 2024 og krafðist bóta úr slysatryggingu. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að tjón hefði ekki verið tilkynnt innan árs frá því að tjónþoli vissi um atvik málsins. Nefndin féllst á þessa afstöðu og horfði til þess að tönnin var fjarlægð daginn eftir slysið og

var þá strax ljóst að frekari meðferð var fyrirhuguð. Því var talið að M hefði mátt vera ljóst strax við fyrstu skoðun tannlæknis um atvik sem krafa hennar var reist á og var því talið að ársfrestur hafi byrjað að líða 2. maí 2022. Var hann því liðinn þegar slysið var tilkynnt í mars 2024.

247/2024: M féll í hálku í nóvember 2020 og brotnaði á ökkla. Hún fór í meðferð og endurhæfingu í Póllandi um miðjan desember 2020, losnaði við spelku í janúar 2021 og lauk sjúkráþjálfun í nóvember 2021, þegar læknir mat það svo að hún myndi búa við varanlegar afleiðingar af líkamstjóni sínu. Hún tilkynnti tjónið til tryggingafélags í október 2022, tæpu ári síðar. Vátryggingafélagið taldi að tilkynningarfresturinn hefði byrjað að líða í janúar 2021 þegar M leitaði til bæklunarlæknis, og synjaði greiðslu bóta. Nefndin féllst ekki á þá túlkun og taldi eðlilegt að fresturinn miðaðist við nóvember 2021, þegar læknir upplýsti M að um varanlegar afleiðingar yrði að ræða. Þar með var tilkynningin send innan ársfrestsins og bótaréttur því til staðar.

Þess ber að geta að hafi vátryggður notið aðstoðar lögmanns á þeim tíma sem tilkynningarfrestur eða fyrningarfrestur rann út getur bótaréttur verið til staðar úr ábyrgðartryggingu viðkomandi lögmanns. Það væri þá að því gefnu að bætur hefðu verið greiddar hefði tjónið verið tilkynnt innan frestsins eða krafan ekki verið talin fyrnd. Sem dæmi má nefna að í máli nr. 108/2024 fyrir nefndinni var niðurstaðan sú að tjónþoli ætti rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns þar sem misfórst að tilkynna tryggingafélagi um vinnuslys innan tilkynningarfrests.

Fyrningarfrestur

Ef of langur tími liður án þess að krafa sé gerð um tryggingabætur getur krafa fyrnst. Það þýðir að bótaréttur fellur niður. Ekki skal rugla saman reglum um fyrningu bótaréttar og reglum um tilkynningarfrest því krafa um bætur getur fyrnst þrátt fyrir að tjónið hafi verið tilkynnt innan tilkynningarfrests og tjónþoli hafi verið í reglulegum samskiptum við tryggingafélag vegna tjónsins.

- 52. gr. vsl. á við um skaðatryggingar. Þar segir:
„Krafa um bætur fyrnist á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð. Hafi félagið sent vátryggðum tilkynningu sem greinir í 2. mgr. 51. gr. fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur liður sem þar er tilgreindur.

Í ábyrgðartryggingum fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt sömu reglum og gilda um fyrningu skaðabótaábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Fresturinn skv. 3. málsl. 1. mgr. framlengist þó ekki í samræmi við 15. gr. síðastgreindra laga..“

- 125. gr. vsl. á við um persónutryggingar. Þar segir:
„Krafa um vátryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum ogaðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum, en aðrar kröfur á 10 árum, eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð. Hafi félagið vegna vátrygginga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 124. gr. sent

tilkynningu skv. 2. mgr. sömu greinar fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.

Krafa samkvæmt lífeyristryggingu fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta lífeyrisgreiðsla var innt af hendi. Hafi ekki verið inntar af hendi neinar greiðslur hefst fresturinn á þeim degi er rétthafinn gat krafist fyrstu greiðslu. Krafa um gjaldfallnar greiðslur fyrnist auk þess að liðnum fjórum árum frá gjalddaga.

Að öðru leyti gilda reglur laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905. Frestur sá sem tilgreindur er í 3. málsl. 1. mgr. framlengist þó ekki skv. 15. gr. þeirra laga.”

Hversu langur er fyrningarfrestur?

Samkvæmt 52. gr. laga um váttryggingarsamninga fyrnist krafa váttryggðs vegna skaðatrygginga á fjórum árum. Upphafstími fyrningar er lok þess almanaksárs þegar váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum tjónsársins. Í 125. gr. er að finna sambærilegt ákvæði um fyrningu krafna úr persónutryggingum en þar sem sjaldan reynir á það ákvæði, verður ekki fjallað nánar um það hér.

Ef um er að ræða **umferðarslys** gilda fyrningarreglur laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Meginreglan er sú að bætur fyrir líkamstjón fyrnast á tíu árum frá tjónsatburði. Gildir þetta um slys sem urðu eftir 1. janúar 2020, þegar lögin tóku gildi. Fyrir þann tíma fyrndist krafa vegna líkamstjóns á fjórum árum frá lokum þess árs sem tjónþoli fékk vitneskju um kröfuna og gat leitað fullnustu hennar. Þessi breyting var gerð til þess að bæta réttarstöðu tjónþola og eyða óvissu um upphaf fyrningarfrestsins. Fyrir breytinguna voru mörg mál höfðuð fyrir dómstólum gegn tryggingafélögum vegna ágreinings um upphafstíma frestsins en eftir breytinguna er búið að eyða þeirri óvissu. Fjögurra ára reglan gildir enn um munatjón þ.e. tjón á ökutækjunum sjálfum og öðrum munum sem skemmast af völdum ökutækja.

Aðrar skaðabótakröfur fyrnast samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda þar sem finna má sambærilegt ákvæði við 52. gr. vsl. Krafa fyrnist á fjórum árum frá þeim degi sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns fyrnist á tíu árum.

Hvenær byrjar fresturinn að líða?

- Ef um er að ræða eignatjón, t.d. brotinn farsíma, byrjar fresturinn yfirleitt að líða strax á tjónsdegi.
- Ef um er að ræða líkamstjón, t.d. fótbrot eða áverka á stoðkerfi, byrjar fresturinn ekki endilega að líða á slysdegi, heldur þegar tjónþoli gerir sér grein fyrir því að afleiðingar líkamstjónsins eru varanlegar.

Hvað er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir að krafa fyrnist?

- Höfða mál fyrir dómstólum.
- Bera ágreining undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.
- Ef tryggingafélag viðurkennir kröfuna með beinum hætti eða með því að greiða hluta af kröfunni, slítur það fyrningu.

Málskotsfrestur

Ef tryggingafélag hafnar bótaskyldu eða tekur ákvörðun um að skerða bætur, ber því að tilkynna skriflega um slíka ákvörðun og benda á hægt sé að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla innan árs. Hinn váttryggði þarf því að bregðast við innan ársins, annars stendur ákvörðun félagsins óhöggðu. Rétt er að ítreka að málskotsfrestur laganna á við um persónutryggingar og skaðatryggingar (þegar tjónþoli krefst bóta úr eigin tryggingu) en ekki ábyrgðartryggingar.

- 2. mgr. 51. gr. vsl. á við um skaðatryggingar. Þar segir:
„Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans.“
- 2. mgr. 124. gr. vsl. á við um persónutryggingar. Þar segir:
„Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir [úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnunina. Í tilkynningu félagsins verður að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verði slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905, gilda eftir því sem við getur átt um slit á frestum.“

Hvenær byrjar fresturinn að liða?

- Frá þeim degi sem tjónþoli fékk sannanlega tilkynningu um höfnun (eða skerðingu) bóta. Getur hér verið miðað við afhendingardag ábyrgðarbréfs eða dagsetningu tölvupósts frá tryggingafélagi.

53/2024: M krafðist bóta úr slysatryggingu ökumanns eftir að hafa slasast á mótorkrosshjól 26. júní 2021. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu 7. september 2022. M skaut málinu til til úrskurðarnefndarinnar 3. febrúar 2024 og byggði á því að tryggingafélagið hefði tekið nýja afstöðu með tölvupósti 22. maí 2023 og að fresturinn hefði því byrjað að liða þá. Nefndin féllst ekki á það enda var tryggingafélagið í tölvupósti sínum 22. maí 2023 eingöngu að ítreka fyrri afstöðu sína. Taldi nefndin því ársfrest M til lögfræðilegra aðgerða liðinn þegar málskot barst nefndinni 3. febrúar 2024. Mögulegur bótaréttur M var því fallinn niður.

Matsfrestur samkvæmt skilmálum tryggingafélaga

Í skilmálum slysatrygginga, t.d. vegna vinnu- og frítímaslysa, hafa tryggingafélög sett inn sérstakan frest sem kveður á um hvenær tjónþoli þurfi að óska eftir mati á varanlegum afleiðingum slyssins (örorkumati). Gæta þarf að því að slíkt mat fari fram innan þess frests eða óska eftir því að tryggingafélagið samþykki að lengja frestinn ef gagnaöflun er enn í gangi vegna slyssins.

Sé þessi frestur liðinn er ekki unnt að krefjast bóta vegna þeirra atriða sem metin eru í slíku mati, s.s. varanlegrar örorku.

Hvenær byrjar fresturinn að liða?

- Frá slysdegi án undantekninga.

151/2024: M varð fyrir slysi í vinnu þann 18. mars 2021 og krafðist síðar bóta úr slysaftryggingu launþega. Lögmaður hans óskaði eftir læknisfræðilegu mati vegnaslyssins í apríl 2024, þ.e. rúmum þremur árum eftirslysið. Tryggingafélagið synjaði bótaskyldu á þeim grundvelli að samkvæmt váttryggingarskilmálum skyldi örorka að jafnaði metin innan eins árs frá slysi en eigi síðar en þremur árum frá slysdegi. M mótmælti og byggði á því að ákvæðið væri ósanngjarnt, gengi gegn kjarasamningi, bryti gegn 36. gr. samningalaga og væri í andstöðu við lög um váttryggingarsamninga. Nefndin féllst ekki á þau sjónarmið og vísaði m.a. til fyrri dóma Hæstaréttar (m.a. Hrd. 36/2022) þar sem sambærileg ákvæði um matsfrest voru talin gilda og hvorki óeðlileg né ósanngjörn. Matsfresturinn, sem var þrjú ár, hafði runnið út áður en mat fór fram. M hafði því glatað rétti sínum til bóta vegna líkamstjóns úr slysaftryggingu launþega.

Réttindi og vernd neytenda

Líkt og áður segir fjalla lög um váttryggingarsamninga um réttindi og skyldur bæði viðskiptavina tryggingafélaga og tryggingafélaganna sjálfra. Markmið laganna er ekki síst að tryggja neytendavernd með því að auka gagnsæi og upplýsingagjöf til neytenda áður en þeir taka ákvörðun um að kaupa tryggingu. Reglurnar eiga draga úr líkum á því að fólk kaupi tryggingu sem það þarf ekki eða skilur ekki.

Dreifingaraðilar váttrygginga eru ekki eingöngu váttryggingafélög því hér á landi eru starfandi váttryggingamiðlarar, váttryggingaumboðsmenn og svo aðilar sem selja váttryggingu sem aukaafurð. Sem dæmi um hið síðastnefnda eru raftækjaverslanir sem selja tryggingu með ákveðnum vörum eða flutningafyrirtæki sem selja farmtryggingu samhliða vöruflutningi. Þá eru einnig dæmi um að viðskiptabankar selji tryggingar í samstarfi við ákveðin tryggingafélög. Nánar er fjallað um dreifingaraðila váttrygginga í lögum um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019.

Mikil áhersla er lögð á upplýsingagjöf varðandi váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir (s.s. sparnaðarlíftryggingar og söfnunarlíftryggingar). Slíkar tryggingar eru ekki algengar á Íslandi. Oft er um að ræða tryggingar sem Íslendingar kaupa af erlendum tryggingafélögum í gegnum íslenska váttryggingamiðlara.

Hér verður farið yfir helstu atriði laganna sem snúa að neytendavernd og gott er að neytendur séu meðvitaðir um. Ekki er um tæmandi talningu að ræða heldur aðeins stiklað á stóru.

Réttur til upplýsinga áður en trygging er keypt

Upplýsingar um trygginguna sjálfa (6. gr. og 140. gr. d.)

- Viðskiptavinur á rétt á skýrum og skiljanlegum upplýsingum um trygginguna áður en hún er keypt.
- Viðskiptavinur á rétt á að vita hvað tryggingin felur í sér, til hvaða þátta hún nær ekki til og hvort hún henti þörfum hans.
- Hvað varðar tryggingar sem tengjast fjárfestingum þá fylgir slíkum tryggingum aukin áhætta. Viðskiptavinur á því rétt á að fá upplýsingar um mögulegar fjárfestingarleiðir, leiðbeiningar um þær og áhættur sem felast í hverri þeirra. Viðskiptavinur á einnig rétt á upplýsingum um kostnað og tengd gjöld vegna sölunnar.

Þarfagreining og ráðgjöf (6. og 140. gr. e.)

- Tilgangur þarfagreiningar er að tryggja að rétt trygging sé keypt.
- Sá sem selur tryggingu á að spyrja kaupandann hvers konar tryggingu hann þurfi og hverju hann sé að leita eftir, þ.e. gera þarfagreiningu.
- Þær tryggingar sem boðnar eru eiga að henta viðskiptavininum og þörfum hans.
- Kaupandi á að fá útskýringar á því af hverju ákveðin trygging henti best fyrir hann.
- Sérstakar reglur gilda um tryggingar sem tengjast fjárfestingum. Þar þarf einnig að meta fjárhagsstöðu, áhættusækni og þekkingu viðskiptavina á fjárfestingum.

Upplýsingar um þann sem selur trygginguna (4 og 5. gr.)

- Viðskiptavinur á að fá upplýsingar um það hver selur trygginguna, hvort það er fulltrúi tryggingafélags eða óháður váttryggingamiðlari.
- Viðskiptavinur á rétt á að vita hvort sá sem selur trygginguna fái greitt frá tryggingafélagi eða frá kaupanda og hvort það kunni að vera hagsmunaárekstur til staðar.
- Viðskiptavinur á líka að fá að vita hvort ráðgjöf sem hann fær sé hlutlaus og byggð á samanburði við fleiri en eitt tryggingafélag.

Staðlað upplýsingaskjal (10. gr.)

- Til staðar á að vera staðlað upplýsingaskjal vegna allra skaðatrygginga (t.d. ökutækjetrygginga, fasteignatrygginga og fjölskyldutrygginga) og tiltekinna persónutrygginga (aðallega sjúkra- og slysatryggingar).
- Skjalið á að vera stutt, skýrt og auðvelt aflestrar og henta því vel fyrir þá sem ekki treysta sér til að lesa skilmálana sjálfa.
- Í skjalinu á m.a. að koma fram samantekt á því hvað tryggingin bætir og hvað ekki, helstu skyldum aðila og skilyrðum fyrir uppsögn.

Form á upplýsingum (7. gr.)

- Viðskiptavinur á rétt á upplýsingum á því formi sem hentar best.
- Hann má velja hvort hann fær upplýsingarnar á rafrænu formi eða á pappír.
- Upplýsingarnar skulu veittar án endurgjalds og áður en tryggingarsamningur er gerður.
- Upplýsingarnar skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem viðskiptavinur samþykkir.
- Heimilt er að veita upplýsingar á vefsvæði ef viðskiptavinur samþykkir það.

Réttur til upplýsinga þegar tjón verður

Váttryggingafélag skal, samkvæmt 12. gr. b. laga um váttryggingarsamninga, sjá til þess að sá sem verður fyrir tjóni fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar.

Reynt hefur á þetta ákvæði í nokkrum málum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum:

5/2023: Nefndin taldi að tryggingafélag þyrfti að bera hallann afsönnunarskorti í málinu og að afgreiðslutími félagsins hefði verið of langur. Taldi nefndin að starfsmenn tryggingafélagsins hefðu sýnt af sér gáleysi við afgreiðslu tjónamáls fasteignatryggingar. Þrátt fyrir það var ósannað að M hefði orðið fyrir fjárhagstjóni vegna þessa.

330/2023: Nefndin taldi að starfsmenn tryggingafélags hefðu brotið gegn upplýsingaskyldu sinni. Með hliðsjón af því og öðrum atvikum var bótaréttur M talinn vera til staðar úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar.

339/2023: Erlent tryggingafélag hafði hafnað bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu. Var M sent bréf bæði á ensku og íslensku þar sem enginn rökstuðningur kom fram um það hvers vegna bótaskyldu hefði verið hafnað. Taldi nefndin að tryggingafélagið hefði ekki veitt M upplýsingar um bótarétt sinn með fullnægjandi hætti. Það hafi verið sérstaklega mikilvægt þar sem um var að ræða umfangsmikla váttryggingarskilmála sem töldu um 20 blaðsíður og voru á öðru tungumáli en móðurmáli M. Hafði þetta þó ekki áhrif á rétt M til bóta.

76/2024: Ekki var talið að starfsmenn tryggingafélags hefðu sýnt saknæma vanrækslu við að upplýsa M um bótarétt sinn þó samskiptaörðugleikar hafi verið til staðar.

171/2024: Nefndin taldi að tryggingafélag hefði gefið M væntingar um að frekari bótagreiðslur myndu eiga sér stað umfram tjónamat sem þegar lá fyrir. Tryggingafélagið samþykkti frekari bótagreiðslur við rekstur málsins og staðfesti nefndin þá ákvörðun.

Réttur til upplýsinga við endurnýjun tryggingar

Þegar kemur að endurnýjun trygginga skal tryggingafélag, samkvæmt 12. gr. d. laga um váttryggingarsamninga, upplýsa viðskiptavini um nýja valkosti sem í boði eru eða viðbótarvernd sem það getur veitt og er tilkomin eftir að tryggingin var tekin eða endurnýjuð síðast.

Í úrskurði nefndarinnar reyndi á þetta ákvæði:

58/2024: M hafði keypt húsvagnatryggingu árið 2020 sem tók til foktjóns. Árið 2022 breytti tryggingafélagið skilmálum sínum þannig að tjón vegna foks væri ekki lengur bætt yfir vetrartímann, nema húsvagninn væri geymdur inni. Tjón varð í janúar 2024 þegar hjólhýsi M fauk og skemmdist. Taldi nefndin að tryggingafélagið hefði upplýst M með fullnægjandi hætti um þessa breytingu. Nefndin taldi hins vegar að tryggingafélagið hefði vanrækt upplýsingaskyldu sína við endurnýjun váttryggingar þar sem M hefði ekki verið upplýstur um að í boði væri að kaupa viðbótarvernd sem tæki til foktjóna yfir vetrartímann. Með hliðsjón af atvikum taldi nefndin að félagið gæti ekki borið fyrir sig skilmálabreytinguna og ætti M því rétt á bótum vegna foktjónsins.

Réttur til að segja upp tryggingu með 30 daga fyrirvara

Eitt mikilvægasta atriðið sem snýr að neytendavernd er réttur neytenda til þess að segja upp (flestum) tryggingum með 30 daga fyrirvara hvenær sem er á váttryggingatímabilinu. Tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

Markmiðið er að auka hreyfanleika viðskiptavina milli tryggingafélaga, auka þannig samkeppni þeirra á milli og stuðla að neytendavernd.

Ágreiningur við váttryggingafélög

Komi upp ágreiningur í samskiptum neytenda við váttryggingafélög má leggja hann fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum en starfssvið hennar er mjög víðtækt.

Ef um er að ræða ágreining um sök og sakarskiptingu í árekstrarmálum er hægt að leggja hann fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna.

Nefndunum er ætlað að leysa úr ágreiningi á skilvirkan og hagkvæman hátt án þess að þurfi að fara með mál fyrir dómstóla.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Starfssvið nefndarinnar tekur til nær alls ágreinings sem neytendur eða aðrir, svo sem húsfélög og fyrirtæki (málskotsaðilar) geta átt í við váttryggingafélög eða tjónsuppgjörsmiðstöðvar (Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi / ABÍ) og dreifingaraðila váttrygginga (varnaraðila). Þá er hægt að vísa ágreiningi um bótafjárhæðir fyrir nefndina ef fjárhæðin sem deilan snýst um er á bilinu 25.000 kr. til 5.000.000 kr. Ef um hærri eða lægri fjárhæð er að ræða þarf sérstakt samþykki varnaraðila fyrir því að nefndin úrskurði um fjárhæðir.

Málskotsaðilar geta lagt ágreining fyrir nefndina gegn greiðslu málskotsgjalds. Allt að 90%, þeirra sem leita til nefndarinnar, er einstaklingar en oft njóta þeir aðstoðar lögmannna við að leggja mál fyrir nefndina, sér í lagi í flóknari málum eða þar sem hagsmunir eru mjög miklir. Málskotsgjaldið er endurgreitt ef fallist er á kröfur málskotsaðila fyrir nefndinni. Í gegnum árin hefur hlutfallið yfirleitt verið þannig að fallist er á kröfur málskotsaðila í um þriðjung tilvika. Varnaraðilar geta hafnað því að fara að álitum nefndarinnar og gera það stöku sinnum, en þeir þurfa þá að rökstyðja höfnunina sérstaklega. Í þeim tilvikum þurfa málskotsaðilar að sækja rétt sinn fyrir dómi.

Nefndin sem hefur starfað óslitið frá árinu 1994, er starfrækt á grundvelli samnings milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu. Hver aðili skipar sinn fulltrúa í nefndina og er fulltrúi ráðuneytisins formaður hennar.

Nefndin starfar samkvæmt samþykktum sem birtar eru á vefnum *nefndir.is*. Þar eru einnig birtir úrskurðir nefndarinnar, ársskýrslur og sérstakt málskotseyðublað.

Málafjöldi fyrir nefndinni hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarinn áratug og hefur árlegur fjöldi mála verið á bilinu 409 til 490. Almennt líða um tveir mánuðir frá því mál berst nefndinni og þar til úrskurður hennar liggur fyrir.

Tjónanefnd váttryggingafélaganna

Tjónanefnd váttryggingafélaganna er nefnd sem starfar á vegum Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) og fjallar um ágreining varðandi sök eða sakarskiptingu í árekstrum ökutækja. Tilgangur nefndarinnar er að veita skjótvirkt úrræði til að skera úr um slíkan ágreining. Nefndin er skipuð fulltrúum frá öllum tryggingafélögum sem bjóða ökutækjatryggingar.

Málsmeðferð:

- Viðskiptavinir sem eru ósammála niðurstöðu tryggingafélags síns um bótaskyldu eða sakarskiptingu geta óskað eftir því að málið verði lagt fyrir tjónanefndina.
- Tryggingafélagið sér um að leggja málið fyrir nefndina að beiðni viðskiptavinarins.
- Nefndin fundar vikulega og tekur málsmeðferð að jafnaði eina til tvær vikur.
- Meðferð málsins er viðskiptavininum að kostnaðarlausu.
- Niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila málsins.

Sé viðskiptavinur ósáttur við niðurstöðu nefndarinnar um sakarskiptingu í árekstri getur hann eftir sem áður lagt málið fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Lögboðnar ökutækjatrýggingar

Samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 er eigendum ökutækja skylt að kaupa lögboðna ábyrgðartryggingu. Það er eðlilegt þegar höfð er í huga sú hætt á tjóni sem notkun ökutækja hefur í för með sér. Ábyrgðartrygging ökutækja er því skyldutrygging og ekki er hægt að hætta með hana en vissulega er hægt að færa trygginguna milli tryggingafélaga. Tryggingin fellur niður við afskráningu ökutækis eða innlögn númera til Samgöngustofu. Við sölu bifreiðar færast tryggingaskyldan yfir á kaupanda bifreiðarinnar. Hann velur tryggingafélag og skráir það á tilkynningu um eigendaskipti hjá Samgöngustofu. Lögboðin ökutækjatrýgging er samsett trygging sem felur í sér ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns og eiganda:

- **Ábyrgðartryggingin** greiðir bætur vegna tjóns sem ökumaður veldur öðrum með notkun ökutækisins (t.d. við árekstur ökutækja). Hér er bæði átt við tjón á eignum annarra og líkamstjón þeirra. Um er að ræða hlutlæga ábyrgðarreglu sem þýðir að bæta skal allt tjón, bæði eigna- og líkamstjón sem rekja má til notkunar ökutækis, óháð því hvort ökumaður sýndi af sér saknæma háttsemi þ.e. hegðaði sér gáleysislega í umferðinni í aðdraganda tjónsins (árekstursins).
- **Slysatrygging ökumanns og eiganda** greiðir bætur vegna líkamstjóns af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis. Slasist farþegi í eigin ökutæki á hann líka rétt til bóta úr tryggingunni. Þetta á ekki við ef tjónið er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu annars ökutækis. Það er þó alltaf skilyrði fyrir því að bætur séu greiddar að tjónið verði rakið til notkunar ökutækisins.

Samkvæmt lögunum nær vátryggingaskyldan til allra skráningarskyldra ökutækja. Það eru:

Öll ökutæki, en á því eru þó eftirfarandi undantekningar:

- Reiðhjól, létt bifhjól í flokki I (hjól sem eru ekki hönnuð til að ná meiri hraða en 25 km/klst.) og önnur smáfarartæki, sem ætluð eru til aksturs á landi og búin eru aflvél til að knýja þau eru ekki vátryggingaskyld.
- Ökutæki sem eru eingöngu ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki þurfa eingöngu að vera með ábyrgðartryggingu ökutækis. Slysatrygging ökumanns og eiganda er valfrjálst fyrir slík ökutæki.

Lög um ökutækjatrýggingar gilda ekki þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki. Það er vegna þess að þá telst ökutækið ekki vera í notkun sem slíkt og hlutlæga ábyrgðarreglan á þá ekki við. Lögin gilda heldur ekki þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum. Rökin fyrir því eru þau að slíkur akstur eigi lítið skylt við akstur í almennri umferð og aukin áhætta fylgi því að taka þátt í aksturskeppni. Þarf því að tryggja ökutæki sem notuð eru í keppni sérstaklega.

Ökutækjatrýgging gildir á Íslandi, innan Evrópska Efnahagssvæðisins (EES) og í Sviss og því er óhætt að fara með ökutæki í ferðalag þangað. Ef ætlunin er að aka á eigin ökutæki utan þess svæðis þarf að hafa samband við tryggingafélagið og kanna sérstaklega hvort tryggingin gildi.

Sakarskipting í árekstrum

Ef tjón hlýst af árekstri tveggja eða fleiri ökutækja skal skipta tjóninu í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af öllum atvikum. Er það gert á grundvelli svokallaðrar árekstrarreglu 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þetta felur í sér að ábyrgðatrygging ökumanns sem er í órétti greiðir allt tjónið á hinn bifreiðinni og líka bætur vegna meiðsla ökumanns hennar og farþega í báðum bifreiðum. Ökumaður í órétti verður hins vegar að borga fyrir viðgerð á sínu eigin ökutæki, eða sækja bætur úr kaskótryggingu, sé hún til staðar. Bætur vegna líkamstjóns þess ökumanns sem er í órétti greiðast þá úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Þegar árekstur verður meta tryggingafélög ökumanna hvernig sök skiptist milli ökutækjanna. Við matið er horft til ákvæða umferðarlaga og háttsemi ökumanna í aðdraganda áreksturs.

Oft getur verið óljóst hvað gerðist við árekstur og það getur verið erfitt að sanna það eftir á. Það er því góð regla að gefa sér tíma til að fylla út sameiginlega tjónaskýrslu strax eftir áreksturinn, teikna upp afstöðumynd áreksturs og lýsa atvikum eins og aðilar eru sammála um að þau hafi verið. Tjónstilkynningareyðublöð eru m.a. aðgengileg hjá tryggingafélagunum og það er góð regla að hafa eitt slíkt í bílnum. Einnig er ráðlagt að taka ljósmyndir af ökutækjunum og aðstæðum á vettvangi svo auðveldara sé fyrir starfsfólk tryggingafélaganna að meta atvik við áreksturinn. Ef ökumenn eru ekki sammála um tildrög áreksturs er líka hægt að hafa samband við arekstur.is. Ef slys verða á fólki í árekstri skal hringja í 112.

Ef ekki er sátt um niðurstöðu tryggingafélaganna er hægt að leggja ágreininginn fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna, úrskurðarnefnd í váttryggingamálum eða dómstóla, sjá nánar á bls 23.

Ef ósannað er hverjum áreksturinn var að kenna er sök almennt skipt til helminga:

70/2025: Árekstur varð milli bifreiða A og B í þrengingu á götu. Báðir ökumenn sögðust hafa runnið áfram þegar þeir bremsuðu og mættust bifreiðarnar á miðri þrengingunni. M hélt því fram að ökumaður A hafi ekið inn í þrenginguna þegar hann sjálfur var þar fyrir. Nefndin bentu á að þegar hindrun er á miðjum vegi njóti sá ökumanni forgangs sem fyrstur kemur að samkvæmt 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga. Þar sem ekki var hægt að slá því föstu hvor ökumanna kom að þrengingunni fyrst, og hvorugur sýndi nægilega aðgát, var sök skipt til helminga milli bifreiðanna A og B.

Skerðing eða niðurfelling bóta

Ef ökumaður eða farþegi ökutækis sýnir af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi í umferðinni getur verið heimilt á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar að skerða bætur vegna líkamstjóns í heild eða hluta. Sama á við um líkamstjón annarra vegfarenda, svo sem gangandi og hjólréiðafólks sem slasast af völdum ökutækja. Ef um munatjón er að ræða t.d. tjón á reiðhjóli, er nægilegt, á grundvelli 5. mgr. 4. gr. laganna, til að lækka eða fella niður bætur, að sá sem varð fyrir tjóni hafi sýnt af sér einfalt gáleysi. Við mat á því hvort, og þá hvaða, skerðing er heimil þarf að meta hve mikil sök viðkomandi er og líta til allra atvika við tjónið.

Dæmi: Upp getur komið tilvik þar sem einstaklingur á reiðhjóli fer yfir götu þar sem engin gangbraut er til staðar og verður fyrir bíl. Bæði var um að ræða

líkamstjón og svo skemmdist reiðhjólíð einnig í árekstrinum. Ef háttsemi reiðhjólamanns er talin vera einfalt gáleysi þá getur það leitt til þess að hann fær engar bætur vegna reiðhjólsins en fullar bætur vegna líkamstjónsins.

Meginreglan er sú að réttur ökumanns til bóta vegna líkamstjóns í umferðinni er ekki fyrir hendi hafi hann verið undir slíkum áhrifum áfengis eða lyfja að hann hafi verið óhæfur til aksturs. Sjaldan reynir á slík mál fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum enda er yfirleitt ekki bótaréttur til staðar við slíkar aðstæður. Hins vegar reynir oft á mál sem fjalla um bótarétt þeirra sem slasast sem farþegar í ökutæki eða gangandi vegfarendur í umferðinni.

Sú háttsemi farþega að taka sér far með ölvuðum ökumanni er almennt talin til stórkostlegs gáleysis. Í þeim tilvikum sem farþegi í ökutæki vissi að ökumaður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar tjón varð hafa dómstólar mótað þá reglu að hæfileg skerðing bóta sé í flestum tilvikum 2/3 hlutar og að því sé einhver bótaréttur til staðar. Hafi farþegi hins vegar ekki vitað eða mátt vita um ástand ökumanns getur fullur bótaréttur hins vegar verið fyrir hendi. Var það t.a.m. niðurstaðan í máli 141/2023 sem reifað er hér að neðan.

Oft getur verið erfitt að meta hvort gáleysi er einfalt/óverulegt (engin skerðing v/ líkamstjóns) eða stórkostlegt/verulegt. Það er tryggingafélagið sem þarf að sýna fram á að um gáleysi hafi verið að ræða og að heimilt sé að skerða eða fella niður bótarétt vegna þess. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fær oft til sín mál þar sem reynir á þetta:

57/2024: Talið stórkostlegt gáleysi af M að líta á farsíma sinn við akstur. Taldi nefndin heimilt að skerða bætur til hans úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um 1/3 hluta.

353/2024: M sofnaði undir stýri og ók á hringtorg. Slasaðist hann við það og gerði kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns. Tryggingafélagið taldi rétt að skerða bætur til hans um helming. Nefndin taldi ósannað að M hefði, þrátt fyrir að hafa sofnað undir stýri, verið ófær um aksturinn. Taldi nefndin að tryggingafélagið hefði ekki sýnt fram á að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og átti M því rétt á fullum bótum vegna líkamstjónsins.

141/2023: M slasaðist sem farþegi í bifreið sem fór út af vegi og valt nokkrum sinnum. Ökumaður bifreiðarinnar var ölvaður og reyndist áfengismagn í blóði hans vera 1,59‰. Tryggingafélagið taldi að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þar sem honum hafi ekki getað dulist að ökumaður væri undir áhrifum áfengis. Fram kom að ökumaður hafði verið að vinna kvöldið áður og sótt M heim til hans sama morgun og slysið varð. Engin gögn lágu fyrir um að M hafi mátt vera kunnugt um að ökumaður hefði verið með áfengismagn í blóði og var það niðurstaða nefndarinnar að tryggingafélaginu væri ekki heimilt að skerða bótarétt M.

71/2024: Ekið var á M er hún gekk yfir götu. Tryggingafélagið taldi rétt að skerða bætur um 1/3 hluta þar sem M hefði þverað akbraut, verið í símanum og með hettu á höfði sem byrgði henni sýn. Gangbraut var til staðar í um 50 metra fjarlægð sem M kaus að nota ekki. Nefndin taldi M ekki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og horfði við matið til nokkurra þátta. Hámarkshraði á götunni var 30 km/klst og við götuna er að finna fjölsóttar verslanir þar sem gera megir ráð fyrir umferð gangandi vegfarenda. Taldi nefndin að M hefði sýnt

af sér gáleysi en ekki að gáleysið hefði verið það mikið að það ætti að leiða til skerðingar á bótarétti. M.ö.o. þá var gáleysið talið einfalt en ekki stórkostlegt og átti M því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar vegna líkamstjóns síns.

162/2023: M slasaðist er bifreið var ekið á hann þar sem hann ók rafmagns-hlaupahjólí inn á göngupverun á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Lauga-vegs. Nefndin taldi sannað af gögnum málsins og vitnaframburðum að M hefði farið inn á göngupverunina á miklum hraða og á móti rauðu ljósi. Var sú háttsemi M talin stórkostlegt gáleysi sem leiddi til þess að bótaréttur hans var skertur um 1/3 hluta.

74/2022: Nefndin taldi að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann slasaðist eftir að hafa dottið af slöngu sem bundin var aftan á bifreið við akstur á jökli. Hæfileg skerðing bóta var talin helmingur.

Hvenær er ökutæki í notkun?

Oftast fer ekki milli mála að tjón hafi orðið vegna ökutækis í notkun svo sem þegar um er að ræða árekstur eða áakstur á gangandi vegfaranda eða mannvirki. Stundum koma þó upp tilvik þar sem meta þarf sérstaklega hvort tjón megi rekja til notkunar ökutækis. Þetta getur skipt tjónþola öllu máli þar sem trygging bifreiðarinnar greiðir aðeins bætur vegna tjóns sem hægt er að rekja til notkunar hennar.

Dómstólar hafa metið það þannig að ef ökutæki er ekki á hreyfingu þurfi tjón að hafa orðið vegna sérstakra eiginleika ökutækja sem ökutækja, þ.e. eiginleika tengdum hraða, vélarafl og þyngd þeirra, til að um notkun teljist hafa verið að ræða. Algengustu ágreiningsmálin snúa að tjóni sem rekja má til kyrrstæðra bifreiða, svo sem þegar verið er að ferma og afferma ökutæki:

16/2025: Bifreið var lagt í halla án virkrar handbremsu og rann hún niður brekku þar sem hún lenti á kyrrstæðri bifreið sem skemmdist við það. Úrskurðarnefndin taldi tjónið falla undir „notkun ökutækis“ í skilningi 4. gr. laga nr. 30/2019, þótt bifreiðin væri mannlaus og ekki í gangi. Hreyfing hennar skapaði hættu sem ábyrgðartryggingin átti að ná yfir. Nefndin taldi jafnframt að háttsemi ökumanns, sem hafði ranglega gert ráð fyrir sjálfvirkri handbremsu, bryti gegn 28. gr. umferðarlaga. M fékk því tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

120/2024: M féll af reiðhjólí eftir að bifreið kom akandi að henni fyrir horn. M sagði að henni hefði brugðið við komu bifreiðarinnar og bremsað hjólinu snögglega, sem leiddi til þess að hún féll af því og meiddist. Hún krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, en tryggingafélagið hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að ekki væru orsakatengsl milli tjóns hennar og notkunar ökutækisins. Úrskurðarnefndin féllst á þá afstöðu. Þar sem engin bein snerting átti sér stað, engin vitni voru til staðar og engin gögn sýndu að eiginleikar ökutækisins (svo sem hraði, vélarafl eða þyngd) hefðu valdið tjóninu, þótti M ekki hafa fært sönnur á að tjónið hefði orðið vegna „notkunar“ ökutækis. Bótaskylda var því ekki til staðar.

170/2024: M slasaðist við vinnu sína þegar hann féll af palli vörubifreiðar er hann var að tengja eftirvagn. Hann krafðist bóta úr slysartryggingu ökumanns á grundvelli þess að slysið hefði orðið við notkun ökutækisins. Úrskurðarnefndin féllst ekki á þá skýringu. Talið var ósannað að tjónið stafaði af notkun öku-

tækisins í skilningi 4. gr. laga nr. 30/2019, þar sem engin hreyfing eða virkni ökutækisins hafði orsakað slysið og engir sérstakir hættueiginleikar þess voru virkir. M fékk þó bætur úr slysatryggingu launþega samkvæmt kjarasamningi, en ekki úr slysatryggingu ökumanns.

Grjótkast

Það hefur verið talið til notkunar ökutækis ef steinn kastast undan hjólum ökutækis á aðra bifreið. Sönnunarstaða eiganda ökutækis sem verður fyrir steinkasti er erfið enda sjaldan vitni til staðar sem geta staðfest undan hvaða bifreið steinninn eða steinarnir hafi komið. Því hafa eigendur oft settið uppi sjálfir með tjón sitt vegna sönnunarskorts. Á síðustu árum hafa mælaborðsmyndavélar orðið vinsælli og svo hafa einnig komið á markaðinn bifreiðar sem útbúnar eru myndbandsupptökukerfi. Þessi myndbönd hafa komið að góðum notum við sönnun á því undan hvaða bifreið steinn eða steinar hafa skotist.

343/2024: Tjón varð á bifreið M vegna steinkasts. Ágreiningur snerist um það hvort það teldist nægilega sannað að steinarnir hafi komið frá bifreiðinni A. Nefndin taldi nægilega sannað að steinar hefðu skotist undan A og valdið tjóni á rúðum og lakki bifreiðar M og vísaði til þess að M hefði strax stöðvað ökumann A í kjölfar atviksins og þess að myndbandsupptaka sýndi steina skjótast frá A, þó það sæist ekki hvernig þeir lentu á bifreið M. Nefndin taldi nægilega sannað að tjón á bifreið M mætti rekja til notkunar A. Átti M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Líkamstjón og sönnun

Slasist fólk í árekstri á það almennt rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu þess sem sök bar á árekstrinum. Slasist eigandi bifreiðar sem ökumaður eða farþegi í eigin bifreið og slysið er ekki öðrum að kenna á hann almennt rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Til þess að bætur verði greiddar þarf að sýna fram á tjónið og að það megi rekja til slyssins. Þannig þarf að sýna fram á orsakatengsl milli tjónsatburðar og þeirra einkenna sem tjónþoli telur vera vegna slyssins. Um getur verið að ræða ný einkenni eða versnun einkenna sem voru til staðar fyrir slysið en í báðum tilvikum þarf að sýna fram á orsakatengsl.

Það að árekstur hafi verið vægur og lítið tjón orðið á ökutækjum útilokar ekki alltaf að líkamstjón hafi orðið. Til að meta orsakatengsl þarf að líta til allra gagna málsins, einkum læknisfræðilegra. Þá er lítið til fyrra heilsufars til að hægt sé að meta hvort einkenni hafi versnað eða ný einkenni komið fram.

Verði fólk fyrir meiðslum í árekstri er mikilvægt að leita sem fyrst til læknis. Það dugir þó ekki eitt og sér til að sanna orsakatengsl, heldur þurfa öll atvik og gögn málsins að styðja við það að slys hafi haft raunveruleg varanleg áhrif á heilsufar viðkomandi tjónþola.

Ágreiningur um hvort orsakatengsl séu til staðar ratar oft fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum:

66/2024: M krafðist bóta vegna bakmeiðsla sem hún taldi sig hafa hlotið í minniháttar umferðarslysi. Tryggingafélagið hafnaði kröfunni á þeim grunni að ekki væru sönnuð orsakatengsl milli tjónsatburðarins og meiðslanna, einkum þar sem M átti langvarandi sögu um stoðkerfis- og kviðverki fyrir slysið.

Úrskurðarnefndin féllst á afstöðu tryggingafélagsins og lagði áherslu á að samkvæmt almennum sönnunarreglum í váttryggingarétti hvíli það á tjónþola að sýna fram á tjón og orsakatengsl. Þar sem M hafði ekki lagt fram gögn sem tengdu einkenni hennar skýrt við slysið og áreksturinn var talinn of vægur til að valda meiðslum af því tagi, var ekki talið að bótaskylda væri fyrir hendi. M átti því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis.

109/2024: M missti stjórn á bifreið sinni í hálku og lenti á vegriði. Hún leitaði á Læknavakt daginn eftir vegna bakverkja og síðar aftur til læknis tæpu ári síðar. M krafðist bóta úr slysatryggingu ökumanns vegna líkamstjóns síns, en tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með vísan til skorts á orsakatengslum milli slyssins og lýstra einkenna M. Nefndin taldi að fyrirliggjandi gögn væru mjög takmörkuð þar sem þar væri eingöngu lýst tveimur læknisheimsóknum. Einkennin væru ósértæk og vantaði bæði sérfræðivottorð og sérstakt mat á orsakatengslum. Hallinn af skorti á sönnunargögnum hvíldi á M og bótaskylda var ekki talin til staðar.

257/2024: M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu eftir að bifreið var ekið aftan á hennar ökutæki. Hún kvaðst hafa versnað af bakverkjum í kjölfarið og verið óvinnufær í sex mánuði. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að áreksturinn hefði verið mjög vægur og að engin orsakatengsl væru milli slyssins og einkenna M, m.a. samkvæmt PC-Crash skýrslu (útreikningi á höggkrafti í árekstri) og eldri upplýsingum um bakverki. Úrskurðarnefndin taldi að þrátt fyrir litinn höggkraft væri ekki hægt að draga af viðtækar ályktanir af skýrslunni einni og bæri að líta heildstætt á læknisfræðileg gögn. M hafði ekki áður leitað læknis vegna bakverkja, leitaði tafarlaust aðstoðar eftir slysið og glímdi við viðvarandi einkenni sem leiddu til óvinnufærni. Nefndin taldi því meiri líkur en minni á að M hefði orðið fyrir tjóni í árekstrinum og ætti rétt til bóta að því marki sem það yrði sýnt fram á tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Munatjón og sönnun

Tjónþoli ber alltaf sönnunarbyrði þess að tjón hafi orðið og hvert umfang þess hafi verið. Þetta felur í sér að ef bíll, reiðhjól, bifhjól eða aðrar eigur skemmast í árekstri þarf að sýna fram á hversu mikið tjón hafi orðið. Ef það tekur því ekki að gera við bifreið eftir árekstur kaupir tryggingafélagið hana og greiðir hana út. Ef tjónþoli telur að verðið sem tryggingafélagið býður sé of lágt þarf hann að sýna fram á að verðmætið hafi verið meira en það sem félagið er tilbúið að borga. Á sama hátt ber tryggingafélagi að veita tjónþola fullnægjandi upplýsingar um bótarétt hans og sundurliðun á bótatilboði.

209/2024: Bifhjól M skemmdist í umferðaróhappi og viðurkenndi tryggingafélag hans bótaskyldu vegna tjónsins. Ágreiningur kom upp milli M og félagsins um verðmæti bifhjólsins. M krafðist 700.000 kr. með vísan til mats bílasala, en hann hafði keypt hjólið fimm dögum fyrir slys á 400.000 kr. og engin gögn um annað verðmat lágu fyrir. Nefndin taldi að M hefði ekki sýnt fram á að tjón hans væri meira en kaupverðið, þ.e. 400.000 kr. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar hvílir sönnunarbyrðin um fjárhæð tjóns á tjónþola og M þar því hallann af þessum sönnunarskorti. Átti hann því ekki rétt á hærri bótum en tryggingafélagið hafði þegar boðist til að greiða honum.

262/2024: M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis A vegna tjóns sem varð á bifreið hennar í árekstri við A, en bifreiðin hafði áður orðið fyrir skemmdum á framhluta. Tryggingafélagið féllst á að bæta rispur sem urðu við áreksturinn, en hafnaði bótum vegna umfangsmeiri skemmda sem M taldi að hefðu aukist við áreksturinn. Nefndin lagði áherslu á að M bæri sönnunarbyrðina fyrir því að umræddar viðbótarskemmdir hefðu orðið við áreksturinn. Þar sem gögn málsins, s.s. ljósmyndir og tilboð í viðgerð, studdu það ekki með fullnægjandi hætti að skemmdirnar hefðu versnað við áreksturinn, var kröfu M um frekari bætur hafnað.

267/2024: Tjón varð á hópferðabifreið M þegar steypuslettur úr ökutæki A lentu á hægri hlið hennar. Ekki var deilt um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu, en ágreiningur stóð um hversu víðtækar skemmdirnar væru og hver rétt bótafjárhæð væri. M taldi nauðsynlegt að mála stóran hluta hægri hliðar bifreiðarinnar og endurmerkja hana, sem kostaði rúmlega 830.000 kr., en tryggingafélagið taldi sig aðeins þurfa að bæta hluta tjónsins og bauð 250.000 kr. Nefndin benti á að tjónþoli ber sönnunarbyrði um raunverulegt tjón og að ekki hefði verið sýnt fram á að málun og endurmerkingar væru nauðsynlegar til að koma bifreiðinni í sama ástand og fyrir tjónið, enda hafi lakk áður verið rispað, ryðgað og með tæringu. Þar sem gögn málsins studdu ekki við staðhæfingar M um umfang tjónsins, taldi nefndin að M ætti ekki rétt á hærri bótum en tryggingafélagið hafði þegar boðið.

167/2023: Bifreið M skemmdist í umferðaróhappi og viðurkenndi tryggingafélag þess sem ók á bifreið hans bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu. Upphaflega bauð félagið 600.000 kr. í bætur fyrir bifreiðina en lækkaði boðið í 125.000 kr. eftir að skoðun leiddi í ljós eldri skemmdir sem ekki tengdust slysinu. Fyrir lá þó undirritaður kaupsamningur, afsal og tilkynning um eigendaskipti, undirrituð af starfsmanni tryggingafélagsins, þar sem kaupverð var ákveðið 600.000 kr. Félagið hafði þess utan lýst því yfir að það hefði kynnt sér ástand bifreiðarinnar og sætt sig við það. Nefndin taldi að um bindandi samning væri að ræða og að félagið væri bundið af upphaflegu bótatilboði. Skyldi það því greiða M 600.000 kr.

Sérstaða vélknúinna hlaupahjóla

Í umferðarlögum eru vélknúin hlaupahjól (rafhlaupahjól) nú skilgreind sem smáfar-artæki þ.e. lítið ökutæki sem er vélknúið og án sætis, telst hvorki létt bifhjól né reiðhjól og hannað er til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Rafhlaupa-hjól hafa orðið sífellt algengari í umferðinni, en notkun þeirra hefur leitt í ljós ýmis vandkvæði, einkum þegar átt hefur verið við þau á þann hátt að þau komast hraðar en 25 km/klst. Slíkt er óheimilt samkvæmt lögum. Hjól sem ná meiri hraða geta flokkast sem létt bifhjól í flokki II eða bifhjól og eru því skráningarskyld og vátryggingarskyld. Til að aka slíkum hjólum þarf ökumaður að hafa ökuréttindi og tryggingu.

144/2024: Árekstur varð á bifreiðastæði milli vélknúins hlaupahjóls og bifreiðarinnar A. Á vettvangi var 15 km/klst hámarkshraði. M sem var ökumaður hlaupahjólsins slasaðist í árekstrinum og gerði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A. Lögregla framkvæmdi hraðapróf á hlaupahjólinu og mældist mesti hraði þess í svokallaðri turbo stillingu 65,8 km/klst. Samkvæmt seljanda hlaupahjólsins var það hannað til aksturs á allt að 85 km/klst. Taldi nefndin að hlaupahjólið væri bæði skráningar- og vátryggingarskyldt og því hefði verið um

að ræða árekstur tveggja skráningarskyldra ökutækja og skipta ætti sök milli ökutækjanna. Talið var að M hefði ekki gætt að varúð til hægri á bifreiðastæðinu og bæri því alla sök á umræddum árekstri. Fékk hann því engar bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi

Íslensk tryggingafélög sem selja ökutækjatryggingar eiga og reka saman fyrirtækið Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi, ABÍ. Hlutverk ABÍ er fjórþætt en það sem mestu máli skiptir fyrir íslenska neytendur er það hlutverk ABÍ að greiða bætur vegna óþekktra og óvátryggðra ökutækja auk þess að reka tjónsuppgjörsmiðstöð.

Óþekkt ökutæki = Sé um að ræða óþekkt ökutæki, sem valdið hefur tjóni, getur einvörðungu skapast bótaréttur hjá ABÍ vegna **líkamstjóns** og/eða **missis framfæranda** en **ekki vegna munatjóns**, nema því sé valdið í sama tjónsatviki.

Dæmi: Ef þú skilur bifreið þína eftir kyrrstæða á bílastæði þar sem ekið er á hana og tjónvaldurinn lætur sig hverfa áttu engan rétt gagnvart ABÍ þar sem ABÍ greiðir ekki bætur þegar aðeins er tjón á eignum. Ef þú ert með kaskótryggingu (húftryggingu) gætir þú þó gert kröfu um bætur úr henni, en annars situr þú uppi með tjónið. Ef bifreiðin er ekki mannlaus, þ.e. ef þú eða annar aðili situr í bifreiðinni og slasast við áreksturinn, er bótaréttur til staðar hjá ABÍ vegna bæði líkams- og munatjóns.

Óvátryggt ökutæki = Sé um að ræða óvátryggt ökutæki, sem valdið hefur tjóni og reglur um aðild ABÍ teljast uppfylltar, getur tjónþoli gert kröfu á hendur ABÍ vegna **bæði líkams- og munatjóns**. Ökumaður óvátryggðs ökutækis á engan rétt til bóta en farþegar í slíku ökutæki geta sótt bætur til ABÍ. Eftir að ABÍ hefur gert upp slík tjón er eigandi ökutækisins og ökumaður, ef hann er annar en eigandi, endurkrafinn um allan kostnað sem á ABÍ hefur fallið við uppgjör tjónsins.

Tjónsuppgjörsmiðstöð = Sé um að ræða erlent ökutæki (frá ríkjum sem eiga aðild að hinu fjölþjóðlega samstarfi um notkun grænna korta), sem valdið hefur tjóni á Íslandi, getur tjónþoli gert kröfu á hendur ABÍ á sama hátt og gagnvart íslensku tryggingafélagi, hefði tjónvaldurinn ekið íslensku ökutæki.

Kaskótryggingar

Kaskótryggingar eru valfrjálsar tryggingar sem hægt er að kaupa sérstaklega fyrir skráningarskyld ökutæki, s.s. bíla, mótorhjól og hjólhýsi. Þeim er ætlað að bæta tjón sem verður á hinu váttryggða ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika, með þeim undanþágum og takmörkunum sem fram koma í skilmálum.

Kaskótrygging bætir tjón á ökutæki við árekstur ef ökumaður þess er í órétti. Þá bætir tryggingin einnig tjón á ökutæki vegna annarra atvika, til dæmis áaksturs, þjófnaðar og eldsvoða. Í skilmálum kaskótrygginga eru ýmist talin upp þau atvik sem veita rétt til bóta eða þau atvik sem eru undanskilin bótaskyldu, þ.e. tjónstilvik sem engar bætur fást greiddar vegna.

Í öllum kaskótryggingum er svokölluð eigin áhætta, sem er fyrirfram ákveðin fjárhæð sem váttryggður ber sjálfur. Sé tjónið mjög lítið, þannig að það nær ekki fjárhæð eigin áhættu, fást engar bætur frá tryggingafélaginu. Hægt er að velja hversu há eigin áhætta er við töku tryggingarinnar – því hærri eigin áhætta því lægri iðgjöld.

Við kaup á notuðum ökutækjum gildir kaskótrygging fyrri eiganda í 14 daga frá eigendaskiptum. Vilji nýr eigandi kaskótryggja ökutækið er því mikilvægt að huga að því að kaupa tryggingu innan þeirra tímamarka frá kaupunum. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum byggði á því í máli nr. 381/2024 að umræddur 14 daga frestur byrji að líða við kaupin sjálf en ekki við skráningu eigendaskipta hjá Samgöngustofu. Í því tilviki var kaskótrygging því ekki lengur fyrir hendi þegar tjón átti sér stað.

Kaskótrygging, rétt eins og ábyrgðartrygging, bifreiðar, getur haldið gildi sínu þó ferðast sé erlendis á bílnum. Almennt gildir tryggingin á EES-svæðinu og í Sviss, en sé ætlunin að ferðast utan þess svæðis er rétt að kanna hvort kaskótryggingin eigi við eða hvort hægt er að kaupa viðbótartryggingu. Einnig getur hugsast að í skilmálum sé tekið fram að tiltekin tjón sem verða á bifreiðinni erlendis séu ekki bætt líkt og þjófnaður en hægt er að tryggja þá áhættu sérstaklega. Gildistími tryggingarinnar erlendis er takmarkaður, en oft er miðað við þrjá mánuði. Sé ætlunin að ferðast eða flytja erlendis með fjölskyldubílinn er því rétt að huga vel að tryggingum. Ef lán hvílir á ökutækinu þarf almennt skriflegt leyfi frá viðkomandi fjármögnunarfyrirtæki til að fara með ökutækið úr landi.

Tjónsorsakir

Ágreiningur um bætur úr kaskótryggingu snýst oft um það hvort tjónið hafi orðið vegna atviks sem er bótaskyldt samkvæmt skilmálum. Kaskótrygging nær ekki til alls tjóns sem verður á ökutæki – það ræðst eins og áður segir af skilmálunum hvort tiltekið tjón sé bætt. Það er þá á ábyrgð tjónþola, þ.e. eiganda ökutækisins, að sýna fram á að tjónið hafi stafað af atviki sem tryggingin nær til.

Ef tjón eða bilun kemur fram löngu síðar getur verið erfitt að sýna fram á hver ástæða þess er. Því getur verið skynsamlegt að láta skoða ökutækið sem fyrst eftir óhapp til að kanna hvort tjón hafi orðið. Ágreiningur um hvort tjón falli undir kaskótryggingu ratar oft til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum:

347/2020: Trampólín fauk á bifreið í eigu M. Í skilmálum kaskótryggingarinnar sagði að hún bætti tjón ef ökutæki skemmdist vegna áfoks af völdum óveðurs. Kom þá fram að það væri óveður þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Ekki var sýnt fram á að vindhraði hefði verið svo mikill. Þar sem skilmálarnir voru skýrir hvað þetta varðaði var kröfu M um bætur hafnað.

86/2021: Sonur M henti síma í útvarpsskjá bifreiðar í eigu M þannig að hann skemmdist. Nefndin taldi að um væri að ræða skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik af völdum þriðja aðila, en í skilmálum kom fram að kaskótryggingin bætti tjón á bifreiðinni og eðlilegum aukahlutum hennar af völdum þriðja aðila. Fékk M því tjón sitt bætt.

308/2021: Bifreið M skemmdist þegar hún rakst niður og fékk á sig högg við að aka á hraðahindrun. Nefndin taldi að það að aka of hratt yfir hraðahindrun væri ekki bótaskyldur „áakstur“ í skilningi skilmálans og fékk M því ekki bætur vegna tjónsins.

229/2022: M missti stjórn á bifreið sinni í hálku og hafnaði hún utan vegar. Bilun í sjálfskiptitölvu bifreiðarinnar kom fram tveimur mánuðum síðar. Þar sem ekki lágu fyrir nein gögn, eins og t.d. matsgerð bifvélavirkja, sem sýndu fram á að bilunina væri að rekja til útafakstursins var kröfu M um bætur hafnað.

138/2024: Bifreið M skemmdist á bónstöð og taldi nefndin að sýnt væri fram á að skemmdirnar hefðu orðið vegna rangrar efnisnotkunar. Fór M fram á bætur úr kaskótryggingu vegna tjónsins. Nefndin tók fram að í skilmálum kæmi fram að bætur væru greiddar vegna tjóns sem rekja mætti til skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem ekki væru sérstaklega undanskilin í skilmálum. Tryggingafélagið taldi að ekki væri um skyndilegt atvik að ræða. Nefndin var ósammála því og taldi atvikið uppfylla framangreind skilyrði. Var því fallist á kröfu M.

Skerðing eða niðurfelling bóta

Varúðarreglur

Þegar í váttryggingarskilmálum er að finna svokallaðar varúðarreglur eru það fyrirmæli til váttryggingartaka um tiltekna háttsemi t.d. að læsa bifreið, að gæta þess að ökutæki sé í lögmæltu ástandi og að aka ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Ef varúðarreglur eru brotnar getur tryggingafélag fellt ábyrgð sína niður í heild eða að hluta. Oft reynir á hvort og þá hve mikil, skerðing bóta er heimil í slíkum tilvikum:

35/2020: Farið var inn í bifreið í eigu M og ýmsum verðmætum stolið. Af gögnum málsins mátti ráða að bifreiðin hafði verið ólæst en í varúðarreglum skilmála kaskótryggingar kom fram að læsa ætti ökutæki þegar það væri ekki í notkun. Var því heimilt að lækka bætur til M um helming.

86/2020: M lenti í árekstri í snjókomu að vetrarlagi. Bifreið M var á sumar-dekkjum og talið var að með því hefði M ekki farið að varúðarreglu í skilmálum kaskótryggingar um að sjá til þess að dekk væru í lagi. Var því heimilt að lækka bætur til M um ¼ hluta.

127/2023: Ólæstri bifreið í eigu M var stolið og ekið á brunahana með þeim afleiðingum að hún skemmdist verulega. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu m.a. með þeim rökum að í skilmálum kæmi fram að bætur væru aðeins greiddar

vegna þjófnaðar á læstri bifreið. Nefndin taldi að líta yrði á þetta orðalag skilmálanna sem áréttingu á þeirri varúðarreglu að læsa skyldi bifreiðum þegar þær væru ekki í notkun og því væri ekki fortakslaust hægt að hafna bótaskyldu. Þar sem M hafði brotið gegn umræddri varúðarreglu var þó talið heimilt að lækka bætur til hennar um helming.

Stórkostlegt gáleysi

Sýni ökumaður af sér stórkostlegt gáleysi og það leiðir til tjóns, getur verið heimilt að skerða bætur til hans í heild eða hluta. Við mat á því hvort og þá hvaða, skerðing er heimil þarf að meta hve mikil sök viðkomandi er og líta til allra atvika við tjónið. Oftast reynir á þetta þegar ökumaður er undir áhrifum áfengis eða lyfja en einnig geta önnur atvik komið til. Það er svo tryggingafélagið sem þarf að sýna fram á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og að heimilt sé að skerða eða fella niður bótarétt vegna þess:

70/2021: Vinnuvél í eigu M rakst á brú og skemmdist vegna þess að ökumaður hennar ók að brúnni með gálga á vinnuvélinni í uppréttri stöðu. Var vinnuvélin því of há til að komast undir brúna. Með þessu braut ökumaðurinn gegn ákvæðum reglugerðar um stærð og hámarksþyngd ökutækja þar sem sagði m.a. að sérstaklega ætti að gæta að hæð vinnuvélar þegar ekið væri undir brú. Var ökumaðurinn talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og var því heimilt að skerða bætur til M um helming.

Svipuð sjónarmið voru uppi í málum 36/2023 og 234/2023 en í þeim tilvikum óku ökumenn of háum bifreiðum upp undir loft í bílakjöllurum. Leit nefndin í úrskurðum sínum til aðstæðna á vettvangi, þar á meðal merkinga um hæðartakmarkanir, en í báðum tilvikum var niðurstaðan sú að skerða mætti bætur um þriðjung.

354/2021: M ók bifreið sinni á grjóttvegg og velti henni. Sannað var að M ók of hratt miðað við aðstæður og tryggingafélagið hafnaði kröfu hans um bætur þar sem hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Við mat á sök M, sem var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna, og hafði hægt á ferðinni áður en árekstur varð, taldi nefndin aðeins heimilt að lækka bætur til hans um þriðjung.

284/2022: M sofnaði undir stýri með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti utan vegar. Ekkert lá fyrir um að M hefði verið vansvefta eða þreyttur þegar aksturinn hófst. Hins vegar kom fram að M hafi orðið mjög þreyttur við aksturinn og þá ætlað að biðja eiginkonu sína að taka við, en hún hafi sjálf verið sofandi. Nefndin féllst á það að með því að stöðva ekki aksturinn á þeim tíma, þrátt fyrir þreytu, hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hins vegar taldi nefndin aðeins heimilt að lækka bætur til hans um þriðjung, en ekki helming eins og tryggingafélagið fór fram á.

214/2023: Ökumaður vörubifreiðar missti stjórn á henni þegar hann var að teygja sig í kæli sem var farþegamegin í bifreiðinni. Tryggingafélagið taldi ökumanninn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og vildi því skerða bætur vegna tjónsins. Nefndin taldi að ökumaðurinn hefði vissulega sýnt af sér gáleysi, en það væri ekki stórkostlegt gáleysi að teygja sig eftir hlutum við akstur. Var niðurstaða nefndarinnar því sú að eigandi bifreiðarinnar, M, ætti rétt á fullum bótum vegna tjónsins.

Reglur um samsömun (gáleysi annarra)

Í skaðatryggingum einstaklinga, eins og kaskótryggingu bifreiða, gildir sú meginregla að vátryggður (t.d. eigandi bifreiðar) missir ekki sjálfkrafa rétt til bóta þó að annar aðili valdi tjóni með stórkostlegu gáleysi. Þetta á t.d. við ef fjölskyldumeðlimur eða vinur veldur tjóni, nema sérstakar undantekningar eigi við.

Tryggingafélag getur aðeins neitað að greiða bætur úr kaskótryggingu ef sá sem veldur tjóni:

- ber með samþykki vátryggðs ábyrgð á bifreiðinni, t.d. sem fastur umráðamaður,
- og sýnir af sér háttsemi sem getur leitt til skerðingar á bótarétti, t.d. akstur undir áhrifum eða stórkostlegt gáleysi, eða brýtur gegn varúðarreglum í skilmálum tryggingarinnar.

Í úrskurðarframkvæmd hefur komið fram að ekki sé nægjanlegt að einhver hafi fengið að keyra bílinn af og til heldur þarf að vera um meðvitaða og varanlega yfirfærslu ábyrgðar að ræða. Tryggingafélagið ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo hátti til:

8/2023: M lánaði A bifreið sína en maður sem hún var í sambandi við, B, tók lykllana að bifreiðinni í leyfisleysi af heimili A. B var ölvaður við aksturinn og lenti í árekstri. Nefndin tók fram að heimild til samsömunar næði ekki til B, enda væri ekki sýnt fram á að hann hefði ekið bifreiðinni með samþykki M eða A.

183/2024: Kærasti M ók bifreið sem var í umráðum M án þess að hafa til þess ökuréttindi og undir áhrifum áfengis. Nefndin fjallaði um það að svo samsömun yrði beitt þyrfti M að hafa meðvitað afhent umráð og vörslur bifreiðarinnar með nokkuð varanlegum hætti. Ekki væri nægjanlegt að lána bifreið í skamman tíma með venjulegum hætti, og ekki væri nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða. Var því ekki talið heimilt að beita samsömun.

Umfang tjóns

Tjónþoli, þ.e. eigandi ökutækis, þarf að sýna fram á umfang þess tjóns sem orðið hefur. Í þeim tilvikum þar sem deilt er um fjárhæð bóta skiptir miklu máli fyrir tjónþola að leggja fram ítarleg gögn:

43/2023: Altjón varð á bifreið M. M taldi að verðmæti hennar væri meira en það sem tryggingafélagið var tilbúið að greiða honum. Tryggingafélagið lagði fram þrjú mót um verðmæti bifreiðarinnar miðað við staðgreiðslu. M lagði hins vegar fram eitt verðmat og kom sérstaklega fram að það væri miðað við „ásett verð“ en ekki staðgreiðsluverð. Þar sem bætur voru staðgreiddar var ekki talið að M hefði sýnt fram á að miða ætti við hærra verð en tryggingafélagið hafði boðið.

Mikilvægir frestir

Mikilvægt er að tilkynna tryggingafélagi um tjón sem gæti fallið undir kaskótryggingu eins fljótt og unnt er. Sé það ekki gert innan árs glatast réttur til bóta jafnvel þó þær hefðu annars fengist greiddar. Ársfresturinn byrjar að líða þegar tjónþoli gerir sér grein fyrir tjóninu. Þegar um skemmdir á bifreið er að ræða má gera ráð fyrir því að það sé alla jafna um leið og tjónið á sér stað.

Ef tryggingafélag hafnar bótaskyldu eða tekur ákvörðun um að skerða bætur, ber félaginu að tilkynna skriflega um ákvörðun sína. Félagið skal jafnframt benda tjónþola á að hægt sé að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla og það skuli gert innan árs, annars glatist réttur til bóta.

Um kröfur vegna munatjóns úr kaskótryggingu gilda einnig almennar fyrningarreglur. Krafa um bætur fyrnist á fjórum árum og það felur í sér að eftir þann tíma fellur hún í raun niður. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Hægt er að slíta fyrningu, til dæmis með því að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, en við það byrjar nýr fjögurra ára frestur að líða.

Fjölskyldutryggingar

Fjölskyldutryggingar, eða heimilistryggingar, eru samsettar tryggingar sem ætlaðar eru til að vernda innbú og fjölskyldumeðlimi. Þær eru að jafnaði seldar í pakka sem inniheldur nokkrar mismunandi tryggingar sem hver um sig tryggir gegn sérstökum áhættuþáttum. Slíkar tryggingar taka til þess ef óvænt atvik verða á heimili eða í daglegu lífi fjölskyldunnar.

Grunntryggingin er innbústrygging sem tryggir lausafé heimilisins (innbú), s.s. húsgögn, raftæki og fatnað, gegn tjóni vegna bruna, innbrota og vatnstjóns. Auk þess er slysatrygging í frítíma, ábyrgðartrygging og málskostnaðartrygging hluti af fjölskyldutryggingum.

Hjá sumum tryggingafélögum er innbúskaskótrygging einnig innifalin en hjá öðrum er hún valkvæð. Oftast er ferðatrygging einnig valkvæð viðbót við fjölskyldu- og innbústryggingar og því ekki sjálfkrafa innifalin. Einnig er boðið upp á sjúkrahúslegutryggingu, áfallatryggingu, umönnunartryggingu barna og neyðaraðstoð vegna ofbeldis sem hluta af viðtækari tegundum fjölskyldu og innbústryggingar.

Hver eru vátryggð?

Meginreglan er sú að allir fjölskyldumeðlimir sem búa á sama stað og eru með sama lögheimili eru tryggðir (sá sem kaupir trygginguna, maki og börn jafnvel þó þau séu fullorðin). Að auki falla börn tryggingartaka yngri en 18 ára undir trygginguna þó þau séu með lögheimili annars staðar. Fjölskyldumynstur getur verið mismunandi og er í skilmálum tryggingafélaganna að finna nánari upplýsingar um það hverjir eru tryggðir. Mikilvægt er að kynna sér það sérstaklega.

Hvað þarf að hafa í huga?

Þegar keypt er fjölskyldutrygging er almennt hægt að velja á milli misviðtækra trygginga, bæði hvað varðar fjölda tryggingaþátta sem innifaldir eru og einnig er varðar bótafjárhæðir og eigin áhættu (sjálfsábyrgð, þ.e. þann hluta tjónsins sem tjónþoli verður að bera sjálfur). Við val á fjölskyldutryggingu er mikilvægt að neytendur hugi að því hvaða tryggingavernd hentar aðstæðum þeirra og gæti að því að tryggingarverndin endurspeglir raunverulegt verðmæti innbús ef til tjóns kemur (t.d. ef húsið brennur og endurnýja þarf allt innbú).

Við kaupin er gott að svara eftirfarandi spurningum:

- Eru börn á heimilinu?
- Eru verðmætar eigur sem þarf að tryggja sérstaklega, svo sem raftæki, hljóðfæri eða ípróttabúnaður?
- Ferðast fjölskyldan mikið innanlands eða erlendis?
- Er þörf á að kaupa ferðatryggingu sérstaklega eða fylgir fullnægjandi trygging með greiðslukorti?
- Er mikilvægara að hafa viðtæka tryggingu með lægri eigin áhættu eða halda iðgjöldum lágum með því að velja hærri sjálfsábyrgð?
- Er verðmæti innbús rétt áætlað? Það getur skipt miklu máli ef tjón verður.

Þegar flutt er úr einu húsnæði í annað, þarf að tilkynna tryggingafélagi um breyttan vátryggingastað.

Áður en trygging er keypt er gott að kynna sér skilmála hennar. Þar sem skilmálar eru löng og flókin skjöl er rétt að minna á að tryggingafélögunum ber að útbúa staðlað upplýsingaskjal. Þau skjöl eru yfirleitt vel uppsett og einföld yfirlstrar en eiga þó að gefa góða yfirsýn yfir það hvað felst í tryggingunni:

Staðlað upplýsingaskjal

- Til staðar á að vera staðlað upplýsingaskjal vegna allra skaðatrygginga (t.d. bílatrygginga, fasteignatrygginga og fjölskyldutrygginga).
- Skjalið á að vera stutt, skýrt og auðvelt aflestrar og henta því vel fyrir þá sem ekki treysta sér til að lesa skilmálana sjálfa.
- Í skjalinu á meðal annars að koma fram samantekt á því hvað tryggingin bætir og hvað hún bætir ekki, helstu skyldur aðila og skilyrði fyrir uppsögn.

Fjölskyldutrygging er samsett úr nokkrum mismunandi tryggingum svo sem innbústryggingu, ábyrgðatryggingu einstaklings og ferðatryggingu.

Innbústrygging

Innbústrygging er grunnþáttur fjölskyldutryggingar og veitir vernd fyrir innbú og persónulega muni ef tjón verður, til dæmis vegna eldsvoða, vatnstjóns, innbrots, ráns, óveðurs, brots, hruns eða annarra skyndilegra atvika sem talin eru upp í skilmálum tryggingafélaganna. Tryggingin getur einnig gilt utan heimilisins, til dæmis í geymslum eða á ferðalögum. Ef innbú er varanlega geymt annars staðar, svo sem í sumarhúsi eða hesthúsi, er misjafnt milli tryggingafélaga hvort og að hve miklu leyti það fellur undir trygginguna. Ef dýrir munir eru geymdir utan heimilisins ætti því að kanna hvort þeir eru tryggðir.

Með innbúi er átt við lausafé sem fylgir almennu heimilishaldi og telst ekki hluti af fasteign. Þetta eru geta verið húsgögn, heimilistæki, eldhúsáhöld, borðbúnaður, raftæki, leirtau, föt og rúmföt – eða í einföldu máli það sem fólk tekur yfirleitt með sér þegar það flytur á milli heimila.

Tryggingin nær hins vegar ekki yfir hluti sem tilheyra atvinnurekstri, né heldur gæludýr, ökutæki, báta, tjaldvagna og sambærileg tæki – það þarf að tryggja sérstaklega. Þó hafa flest tryggingafélög skilgreint einn gang af sumardekkjum eða vetrardekkjum undir hvern einkabíl fjölskyldunnar sem hluta af innbúi.

Flestir velja að vera með innbústryggingu til að verjast alvarlegum tjónum eins og eldsvoða eða innbroti. Í tryggingarskilmálum er yfirleitt að finna svokallaðar **varúðarreglur** sem segja til dæmis fyrir um að læsa skuli öllum hurðum og gluggum þegar heimilið er yfirgefið, geyma lykla á öruggum stað og læsa hjólum og bifreiðum. Þá er þess einnig oft krafist að ótvíræð merki séu um innbrot til að bætur fáið greiddar, og að innbrot eða þjófnaður séu tilkynnt tafarlaust til lögreglu.

Ef brotið er gegn varúðarreglum getur það haft áhrif á bótarétt. Þannig getur tryggingafélag lækkað bætur eða neitað að greiða bætur. Meta þarf alvarleika brotsins, hvernig tjónið bar að og önnur atvik. Tryggingafélagið þarf að sýna fram á að varúðarregla hafi verið brotin og að það hafi valdið tjóninu eða aukið afleiðingar þess.

358/2024: Ekki voru merki um að innbrot hefði átt sér stað í bifreið M þegar verðmæti voru fjarlægð úr henni. Var því vafi talinn leika á um það hvort henni hefði verið læst. Var því talið heimilt að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

203/2022: Sannað þótti að íbúð M hefði verið ólæst þegar farið var þangað inn og hluta af innbúi hennar stolið. Í því tilviki var niðurstaðan sú að M ætti ekki rétt á bótum vegna þjófnaðarins.

455/2021: Miðað við ummerki á vettvangi höfðu óprútttnir aðilar komist inn með því að spenna upp glugga sem hafði verið skilinn eftir opinn, en samkvæmt varúðarreglum bar að loka öllum gluggum og krækja þeim aftur. M taldist þó, með hliðsjón af öllum atvikum málsins, eiga rétt á bótum en tryggingafélaginu var heimilt að lækka þær um helming.

Bótafjárhæðir

Meginreglan er að raunverulegt tjón er bætt, en tjónþoli á ekki að hagnast á tjóninu, þ.e. hann á ekki að vera betur settur en ef tjónið hefði ekki átt sér stað. Þrátt fyrir það hafa tryggingafélögin það að meginreglu að bætur skuli miða við verðmæti á nýjum samskonar hlut á tjónsdegi. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega. Beita félögin svo yfirleitt afskriftarreglum vegna tiltekinna muna. Mismunandi er hversu hratt hlutir eru afskrifaðir. Hraðastar eru afskriftir snjallsíma og tölvubúnaðar.

Dæmi: Hjá tryggingafélagi afskrifast spjaldtölva um 25% á hverjum 12 mánuðum, fyrst eftir eitt ár. Full afskrift er eftir fimm ár þ.e. engar bætur fást vegna spjaldtölvu sem orðin er eldri en fimm ára. Ef spjaldtölvan er þriggja ára, fást bætur sem nema helmingi (50%) af verðmæti nýrrar sambærilegrar spjaldtölvu.

Ef fjölskylda á sérstaklega verðmæta muni, eins og dýr úr eða skartgrip, þarf að hafa í huga að tryggingafélög setja yfirleitt takmörk á hámarksbætur fyrir slíka hluti – oft á bilinu 5–10% af heildarinnbúsverðmæti.

Dæmi: Ef innbúið er tryggt fyrir 10 milljónir króna (vátryggingarfjárhæð), gæti hámarksbótafjárhæð fyrir stolna skartgrip eða úr verið 500.000 kr.

Svipuð takmörk gilda um aðra verðmæta muni eins og peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frimerkjasöfn. Þar eru hámarksbætur oft takmarkaðar við 1–2% af vátryggingarfjárhæðinni.

Ef þú átt verðmæta muni, hvort sem það eru framangreindir munir eða dýr reiðhjól eða málverk, ættirðu að skoða sérstaklega hvort þú þurfir að kaupa viðbótartryggingu til að fá fulla vernd.

Undirtrygging

Mikilvægt er að reyna að átta sig á hvert raunverulegt verðmæti innbúsins er áður en keypt er trygging fyrir það þar sem við kaupin þurfa neytendur að tilgreina vátryggingarfjárhæð sem miða á við raunverulegt verðmæti innbús. Vátryggingarfjárhæðin eru þær hámarksbætur sem fást úr tryggingunni. Gæta þarf að því að vátryggingarfjárhæðin sé ekki of lág því ef til tjóns kemur getur verið horft til þess ef um undirtryggingu er að ræða. Ef raunverulegt verðmæti innbús er hærra en vátryggingarfjárhæðin, geta tryggingafélög beitt reglum um undirtryggingu sem veldur því að eingöngu greiðast hlutfallslegar bætur. Það er þó háð því að ákvæði um undirtryggingu séu í viðkomandi skilmálum.

Dæmi: Ef altjón verður á innbúi, ef allt á heimilinu verður til dæmis eldi að bráð, eru bætur miðaðar við þá fjárhæð. Ef innbúið er tryggt fyrir 10.000.000 kr. en tjónið er í raun 20.000.000 kr. fást samt aðeins 10.000.000 kr. að hámarki úr tryggingunni.

Dæmi: Húsnæði brennur og hluti innbús, að verðmæti 3.000.000 kr., skemmist. Raunverulegt verðmæti alls innbús er 12.000.000 kr. en váttryggingarfjárhæðin er helmingi minni, eða 6.000.000 kr. og er það upphæðin sem kemur fram á váttryggingaskirteini. Undirtryggingin er skv. þessu 50%. Þá færðu ekki 3.000.000 kr. í bætur, heldur helminginn af því eða 1.500.000 kr. þrátt fyrir að vera með tryggingu fyrir hærri fjárhæð.

Þá má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 171/2023. Í því máli fékk eigandi íbúðar sem brann eingöngu 16.320.500 kr., í stað 23.315.000 kr. sem hann gerði kröfu um, en það var váttryggingarfjárhæð íbúðarinnar. Taldi tryggingafélagið að íbúðin væri undirtryggð sem nam 30% og því þurfti eigandi íbúðarinnar að þola skerðingu bóta um 30%.

Umfang tjóns

Oft er deilt um umfang tjóns, þ.e. hvaða munir skemmdust eða var stolið og hvert verðmæti þeirra er. Meginreglan er sú að það er tjónþoli sem þarf að sýna fram á það. Þó ljóst sé að við varðveitum ekki endilega kvittanir fyrir öllum þeim munum sem eru á heimilinu, er oft hægt að sýna fram á tilvist þeirra og verðmæti með öðrum hætti, svo sem með yfirlitum yfir kortafærslur, af upplýsingum af heimasíðum seljenda og öðrum sölusíðum. Á þessi atriði reyndi m.a. fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum í máli nr. 227/2024 en í því tilviki taldist M ekki hafa sýnt fram á að tjón hans væri meira en sem næmi þeim bótum sem tryggingafélagið hafði fallist á að greiða.

Innbúskaskó

Innbúskaskótrygging er oft innifalin í fjölskyldutryggingu en einnig getur hún verið valkvæð viðbót við hefðbundna innbústryggingu. Hefðbundin innbústrygging tekur einkum til tjónsatvika eins og bruna, innbrota, ráns og vatnstjóns en innbúskaskó kemur til viðbótar þegar um er að ræða skyndileg, ófyrirsjáanleg utanaðkomandi atvik.

Tryggingin bætir skyndileg og óvænt tjón á munum heimilisins, til dæmis ef farsími dettur í gólfíð og skjárinn brotnar, ef sjónvarp verður fyrir höggi, tölva fellur niður stiga, barn hellir vökva yfir leikjatölvu eða gleraugu skemmast fyrir slysi. Þetta eru tjón sem eru algeng í daglegu lífi, en eru ekki bætt úr venjulegri innbústryggingu.

Bætur eru ákvarðaðar með sama hætti og í innbústryggingunni.

Sýna þarf fram á að tjónið hafi orðið vegna skyndilegs ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Reynt hefur á ágreining þar að lútandi fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

355/2022: Níu ára gamall sonur M kastaði fjarstýringu með þeim afleiðingum að hún lenti á endanum á sjónvarpstæki sem brotnaði. Deilt var um hvort atvikið hefði verið skyndilegt, ófyrirsjáanlegt og utanaðkomandi. Nefndin taldi svo vera enda hafi sonur M ekki ætlað sér að henda fjarstýringunni í sjónvarpið heldur í sófa þaðan sem hún skoppaði og lenti á sjónvarpinu. Átti M því rétt á bótum.

Ábyrgðartrygging einstaklings

Ábyrgðartrygging fjölskyldutryggingar veitir fjölskyldumeðlimum vernd gagnvart skaðabótakröfu annars aðila. Slík trygging getur skipt sköpum þegar upp kemur óvænt atvik í daglegu lífi sem leiðir til þess að annar aðili gerir kröfu um bætur. Tryggingin greiðir bætur ef vátryggður hefur bakað sér skaðabótaskyldu samkvæmt íslenskum lögum og tjónþoli (sá sem verður fyrir tjóninu) á ekki sjálfur sök á því. Þetta getur bæði átt við um líkamstjón og munatjón.

Dæmi: Þú gætir ekki að þér á göngustíg og hjólar á gangandi vegfaranda sem skv. umferðarlögum nýtur forgangs á göngustíg. Viðkomandi slasast og einnig rifnar fíni útivistarjakkinn hans í slysinu. Sá sem þú hjólaðir á getur gert kröfu um bætur vegna bæði líkamstjónsins og tjónsins á jakkanum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar þinnar.

Þegar tryggingafélag metur bótaskyldu er tekið mið af almennum reglum skaðabótaréttar sem er lögfræðilegt úrlausnarefni. Það þurfa að vera orsakatengsl milli háttsemin hins vátryggða og tjónsins, og háttsemin þarf að teljast saknæm, þ.e. um gáleysi eða ásetning að ræða. Ekki eru greiddar bætur vegna tjóns sem stafar af hreinum óhöppum sem engum er um kennt, eða ef tjónþoli ber ábyrgð á tjóninu sjálfur. Ekki eru heldur greiddar bætur ef tjóni er valdið viljandi (af ásetningi).

Tjónþoli ber ábyrgð á að sanna að tjón hafi orðið, hver olli því og að sá aðili hafi valdið tjóninu með skaðabótaskyldum hætti.

Hjá sumum tryggingafélögum er þó að finna sérstakar reglur um tjón sem þú veldur sem gestur á heimili annarra. Slík tjón fást bætt þrátt fyrir að þú berir ekki skaðabótaábyrgð skv. lögum.

Dæmi: Þú ert í heimsókn hjá ættingja þínum og rekst í lampa á borði sem við það fellur niður og brotnar. Þrátt fyrir að líklega hafi þetta verið óhappatilvik þá bætir tryggingin þín tjónið.

Tjónþoli getur gert kröfu beint í tryggingu tjónvalds án þess að ræða við hann fyrst. Tjónþoli getur líka fengið upplýsingar frá tryggingafélagi tjónvalds um hvort hann sé með ábyrgðartryggingu enda ber tryggingafélögum skylda skv. lögum til að upplýsa um tilvist ábyrgðartrygginga. Tjónvaldur getur ekki lofa því að bæta öðrum tjón þó hann telji sig bera ábyrgð því viðurkenning á ábyrgð bindur ekki tryggingafélagið.

Helstu undanþágur tryggingafélaga eru í skilmálum tryggingarinnar en þar eru meðal annars talin upp tjón sem verða:

- Milli fjölskyldumeðlima sem búa á sama heimili.
- Vegna atvinnurekstrar eða vinnu þinnar.
- Á hlutum sem þú hefur tekið að láni eða hefur í þinni vörslu.
- Vegna dýra í þinni eigu, fasteigna, ökutækja eða skotvopna.
- Eða vegna refsiverðrar háttsemin, svo sem slagsmála.

Það er því mikilvægt að skoða skilmála eða upplýsingaskjal tryggingarinnar vel og athuga hvort þörf er á viðtækari ábyrgðartryggingu en hún býður upp.

Sérregla vegna barna yngri en 10 ára

Samkvæmt íslenskum lögum bera börn almennt ekki skaðabótaábyrgð fyrir en þau hafa náð nægum þroska til að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Í reynd er lítið svo á að börn undir 10 ára aldri séu ekki sjálf ábyrg fyrir tjóni sem þau valda nema um sé að ræða sérstaklega hættulega hegðun sem gera má ráð fyrir að barn á sama aldri forðist að sýna. Þetta mat byggir á dómum en á Íslandi er yngsta barn sem látið hefur verið sæta skaðabótaábyrgð, 10 ára og sjö mánaða gamalt. Það var í dómi Hæstaréttar frá 1974, bls. 356 þar sem barn skaut ör í auga annars barns sem við það missti sjónina á öðru auga. Taldi Hæstiréttur að barnið sem skaut örinni hefði haft nægan þroska til að vita að bogi og ör gætu verið hættulegt leiktæki.

Þrátt fyrir þetta er innifalin í fjölskyldutryggingum sérstök viðbótarvernd sem tryggingafélög veita vegna tjóns sem börn yngri en 10 ára valda, jafnvel þótt þau séu ekki skaðabótaskyld. Slík greiðsla er því hluti af viðtækari tryggingavernd og miðar að því að bæta tjón sem ella myndi ekki fást bætt samkvæmt lögum. Þó eru ákveðnar takmarkanir á þessari vernd, til dæmis er ekki greitt úr tryggingu ef barn veldur tjóni af ásetningi, þ.e. viljandi.

Foreldrar bera ekki ábyrgð á skaðaverkum barna sinna nema þeir hafi sjálfir sýnt af sér vanrækslu, t.d. með því að sinna ekki eðlilegu eftirliti eða umönnun. Það er því hvorki sjálfgefið né sjálfvirkir að foreldrar greiði bætur fyrir skaðaverk barna sinna.

Fritímaslysatrygging

Fritímaslysatrygging er hluti af fjölskyldutryggingu og veitir fjárhagslega vernd ef hinir váttryggðu verða fyrir slysi í fritíma, heima fyrir, í útivist eða við almenna líkamsrækt og íþróttaiðkun.

Skilgreining á slysi – slyshugtakið

Svo tjón sem verður vegna slyss fáist bætt úr fritímaslysatryggingu þarf atvikið sem leiddi til tjónsins að uppfylla skilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar.

Í skilmálum slysatrygginga er slys skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

Þetta þýðir að meiðsli sem er að rekja til líkama tjónþola sjálfs, til að mynda ef eitthvað gefur sig við átak, ef svimi eða krampi veldur því að tjónþoli dettur teljast ekki slys í þessum skilningi – heldur þarf alltaf eitthvað utanaðkomandi og skyndilegt að koma til. Oft geta mörkin verið óljós og erfitt er að setja fram skýrar reglur um það hvenær slys telst vera slys í skilningi tryggingarinnar. Þegar um fall er að ræða hafa dómstólar þó í einhverjum tilvikum talið að þá verði tryggingafélagið leiða líkur að því að eitthvað innra með tjónþola hafi gefið sig og valdið fallinu, annars teljist um slys í skilningi váttryggingaréttar að ræða.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dómum réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi tryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama tryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slyshugtaki váttryggingaréttar.

Fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum reynir oft á hvort um slys í framangreindum skilningi er að ræða en það hvílir á tjónþola að sýna fram á það. Sjá úrskurði í málum 114/2020, 30/2021 og 234/2021 þar sem um fall vegna svima eða yfirliðs var að ræða. Sjá einnig mál 95/2023 og 176/2023. Í mörgum skilmálum fjölskyldutrygginga hefur hugtakið verið rýmkað þannig að ekki er gerð krafa um utanaðkomandi atburð þegar slys leiðir til meiðsla á útlimum (höndum/fótum). Sjaldnast veldur það neinum vafa hvað teljist útlímur og hvað ekki, en í máli 79/2024 reyndi þó á skilgreiningu á því fyrir úrskurðarnefndinni, en þá voru aðilar ósammála um hvort öxl teldist hluti handleggjar.

Hvað bætir tryggingin?

Fritímaslysatrygging greiðir yfirleitt eftirfarandi bætur:

- **Dánarbætur** ef slys leiðir til andláts.
- **Miskabætur** ef slys veldur varanlegum líkamstjóni.
- **Dagpeninga** ef einstaklingur missir tímabundið starfsgetu (gildir fyrir 18 ára og eldri).
- **Bætur vegna tannbrots** við slys.
- **Greiðslu innlends sjúkrakostnaðar** sem ekki er endurgreiddur af Sjúkra-tryggingum Íslands, t.d. læknisheimsóknir og endurhæfing.

Tryggingin gildir um allan heim, líka fyrir námsmenn sem búa erlendis, svo lengi sem þeir halda lögheimili á Íslandi.

Ýmsar undanþágur er að finna í skilmálum tryggingafélaga, þannig eru t.d. líkamstjón í umferðarslysum undanþegin, slys fullorðinna í keppnisíþróttum, slys sem tengjast ýmissi áhættu hegðun og áhættusporti og slys sem verða í handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði. Þetta er ekki tæmandi upptalning en þeir sem stunda keppnisíþróttir eða áhættusport þurfa að gæta sérstaklega að tryggingum sínum.

Bætur taka mið af tryggingarfjárhæðum sem fram koma í váttryggingarskirteini og eru misjafnar eftir því hvaða trygging er keypt. Þá lækka bætur almennt við ákveðinn aldur tjónþola.

Orsakatengsl og sönnun

Þó sýnt sé fram á að slys hafi átt sér stað er það eftir sem áður tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns og að það verði rakið til slyssins. Við sönnun á því skiptir miklu máli að læknisfræðileg gögn sýni fram á að tiltekin einkenni eða áverkar séu vegna slyssins en ekki annarra atvika:

406/2022: M lýsti atvikum svo að hún hefði haldið á barnabarni sínu sem fór að berjast um í fangi hennar með þeim afleiðingum að hún slasaðist í baki. Engin læknisfræðileg gögn lágu þó fyrir er studdu við að atvik hefðu verið með þeim hætti né um að einkenni M væri að rekja til þessa atviks. Þar sem M hafði ekki sýnt fram á atvik og að þau hefðu orsakað tjón hennar var kröfu hennar um bætur hafnað.

82/2020: M krafðist bóta vegna tjóns sem hún varð fyrir er hún féll á jörðina. Við komu hennar til læknis daginn eftir var hins vegar ekki minnst á fallið og önnur læknisfræðileg gögn studdu ekki nægilega við þá afstöðu M að einkenni hennar væru til komin vegna falls. Taldist M því ekki hafa sýnt fram á orsakatengsl og kröfu hennar um bætur úr fritímalysatryggingu var hafnað.

Skerðing eða niðurfelling bóta

Sýni tjónþoli af sér stórkostlegt gáleysi og það leiðir til tjóns getur verið heimilt að skerða bætur til hans í heild eða hluta. Við mat á því hvort og þá hvaða, skerðing er heimil þarf að meta hve mikil sök viðkomandi er og líta til allra atvika við tjónið. Það er tryggingafélagið sem þarf að sýna fram á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og að heimilt sé að skerða eða fella niður bótarétt vegna þess. Nokkrum sinnum hefur reynt á mat á þessu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum:

328/2024: *M slasaðist er hún féll af rafhlaupahjólí en í ljós kom að hún var nokkuð ölvuð við akstur þess. Samkvæmt umferðarlögum er óheimilt að hjóla eða reyna að hjóla ef ástand ökumanns er þannig að hann er ekki fær um örugga stjórn hjólsins. Hið sama gildir um rafhlaupahjól. Taldi nefndin því sýnt að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og var því heimilt að lækka bætur til hennar um 2/3 hluta.*

324/2022: *M slasaðist illa þegar hann dýfði sér, með höfuðið á undan og hendur með síðum, í laug sem var mest 1,5 metrar að dýpt. Var það mat nefndarinnar að í þessu hátterni hefði falist stórkostlegt gáleysi, sem leitt hafi til tjóns M. Var því heimilt að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.*

Ferðatryggingar

Ferðatryggingar eru innifaldar í árgjöldum flestra kreditkorta. Það er líka hægt að kaupa þær með fjölskyldutryggingu, en yfirleitt er þá um valkvæða viðbót að ræða.

Helsti kosturinn við að vera bæði með ferðatryggingu kreditkorts og ferðatryggingu í fjölskyldutryggingu er sá að ef hámarksbótafjárhæð er náð í annarri tryggingunni þá tekur hin tryggingin við ef um er að ræða umfangsmikið tjón. Þannig gæti verið gott að hafa tvær tryggingar ef ferðast er til Bandaríkjanna eða annarra landa þar sem kostnaður vegna innlagnar á sjúkrahús getur verið gríðarlega hár.

Annað sem hafa þarf í huga er að kreditkortatryggingar ná yfirleitt ekki til fullorðinna barna (eldri en 23 ára) en fjölskyldutrygging tryggir börn á heimilinu óháð því hversu gömul þau eru.

Réttaraðstoðartrygging/málskostnaðartrygging

Það getur verið afar kostnaðarsamt að leita með ágreining til dómstóla. Réttaraðstoðartryggingu er ætlað að greiða bætur vegna kostnaðar sem tengist rekstri einkamála sem varða hinn vátbyggða sem einstakling. Skilyrði er að málið komi til úrlausnar almennra dómstóla á Íslandi (héraðsdómstólar, Landsréttur eða Hæstiréttur) og að lögmaður tilkynni tryggingafélaginu um að hann hafi tekið að sér málið og fái fyrirfram samþykki frá tryggingafélagi um að það muni taka þátt í kostnaði vegna dómsmálsins.

Margar tegundir dómsmála eða ágreinings falla þó ekki undir trygginguna. Er þar helst að nefna mál sem varða:

- **Sakamál**, þar sem einstaklingur er grunaður um eða ákærður fyrir refsiverðan verknað.
- **Ágreining sem fer til stjórnvalda eða sérdómstóla**, t.d. úrskurðarnefnda.
- **Hjónaskilnað, sambúðarslit og forsjármál**, þ.m.t. forræði, umgengni og faðerni.

- **Mál sem tengjast vinnu eða atvinnurekstri.**
- **Ábyrgðir**, t.d. þegar tryggður gengur í ábyrgð fyrir annan eða setur eign sína að veði.
- **Óvenjulegar fjárhagslegar aðgerðir**, sem eru mjög umfangsmiklar miðað við venjulegan einstakling.
- **Kröfur sem hafa verið framseldar** til hins vátryggða.
- **Mál sem tengjast fasteignum** vátryggða. Hér þarf að skoða réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar ef hún er fyrir hendi en sú trygging gæti þá tekið til slíks dómsmáls.
- **Mál sem tengjast vélknúnum farartækjum**, hjólhýsum, loftföllum, bátum o.s.frv.
- **Skaðabótamál vegna refsiverðra verknaða.**

112/2023: Ágreiningur varðandi kattahald í fjölbýlishúsi var talinn varða M sem „eiganda fasteignar“ og var bótaréttur því ekki til staðar.

26/2021: M átti í ágreiningi við ÍLS-sjóð vegna uppgreiðslugjalds. Tryggingafélagið byggði á því að um mál sem varðaði M sem „eiganda fasteignar“ væri að ræða og hafnaði bótaskyldu. Nefndin leit svo á að um væri að ræða ágreining um lögmæti tiltekinnar gjaldtöku óháð eignarhaldi á fasteign. Nefndin taldi því að þó lán hjá ÍLS hefði upphaflega verið tekið í tengslum við fasteignakaup varðaði ágreiningurinn ekki M sem „eiganda fasteignar“. Átti M því rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu.

Hér má einnig nefna úrskurð í máli nr. 49/2021, en þar taldi nefndin að tryggingafélag hefði þrengt um of að rétti tryggingartaka til að sækja í réttaraðstoðartryggingu.

Tímamörk

Nokkuð flókið getur verið að meta hvort réttaraðstoðartrygging tekur til þess ágreining sem er uppi. Eftirfarandi reglur gilda um það og er þeim ætlað að girða fyrir að fólk „tryggi eftir á“, þ.e. kaupi réttaraðstoðartryggingu þegar fyrir séð er að leita þurfi til dómstóla með tiltekin mál. Þetta eru töluvert flóknar reglur og þurfa tjónþolar að máta sitt tilvik við þær hverju sinni. Hægt er að sækja bætur í réttaraðstoðartryggingu ef:

1. Vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hefur þá verið í gildi í minnst tvö samfelld ár.
 - Tryggingin þarf ekki að hafa verið hjá sama tryggingafélagi allan tímann. Ef þú hefur haft sams konar tryggingu hjá öðru félagi, telur það með í heildartímanum.
 - Skoða þarf í hverju máli fyrir sig hvenær ágreiningur telst hafa komið upp og ræðst það af atvikum hverju sinni. Í mörgum úrskurðum úrskurðarnefndar í vátryggingamálum hefur verið fjallað um upphafstíma ágreinings:
2. Ef tryggingin hefur ekki verið í gildi í tvö ár, getur réttur á réttaraðstoð samt verið fyrir hendi ef atvikin eða atburður sem krafan byggist á hafa átt sér stað eftir að tryggingin tók gildi.

3. Ef réttaraðstoðartrygging er ekki lengur í gildi þegar ágreiningur kemur upp, getur réttur á réttaraðstoð úr eldri tryggingu verið til staðar ef tryggingin var í gildi þegar atvikin áttu sér stað og ekki eru liðin meira en fjögur ár frá þeim tíma.

Tilkynningarfrestur

Auk ofangreindra tímafresta þarf einnig að huga að því að tilkynna tryggingafélaginu um kröfu innan árs sem váttryggður vissi um atvik sem krafan er reist á. Það er ekki endilega sami tímapunktur og þegar ágreiningur telst hafa komið upp enda getur það verið löngu áður en málið er komið á það stig að fyrirséð er að leita þurfi til dómstóla.

Í málum sem varðar réttaraðstoð hefur úrskurðarnefndin, t.d. í máli nr. 280/2018, miðað upphaf tilkynningarfrestsins við þann tíma þegar váttryggður gat gert sér grein fyrir það ágreiningur væri kominn á það stig að úr honum yrði ekki leyst nema fyrir dómstólum sem er yfirleitt síðar en upphaf ágreiningsins sjálfs. Annað væri óeðlilegt enda getur ágreiningur verið kominn upp löngu áður en lögmaður kemur að málinu og skilyrði fyrir því að unnt sé að sækja í réttaraðstoðartryggingu er að lögmaður sé búinn að taka að sér málið.

Hvaða kostnaður fæst greiddur úr tryggingunni?

Réttaraðstoðartryggingin greiðir fyrir eðlilegan og nauðsynlegan lögmanns- og málskostnað upp að ákveðnu hámarki sem getið er um á skírteini tryggingarinnar (á bilinu 2 – 3 milljónir) ef hann fæst ekki greiddur frá gagnaðila eða hinu opinbera. Eigin áhætta er yfirleitt í kringum 20%, þó að lágmarki ákveðin fjárhæð sem einnig kemur fram í skírteini.

Tryggingin greiðir:

- Þóknun lögmanns og önnur lögfræðileg gjöld.
- Kostnað við sérfræðiálit/matsgerð (ef lögmaður telur nauðsynlegt áður en málið fer fyrir dóm).
- Kostnað vegna vitna eða annarrar sönnunarfærslu.
- Réttargjöld.
- Málskostnað sem þú ert dæmd/t/ur til að greiða gagnaðila.
- Málskostnað sem þú samþykkir að greiða í sátt (ef dómur hefði væntanlega dæmt þig til að greiða meira).

Mikilvægt að hafa í huga:

- Ef þú gefur eftir réttinn til að fá kostnað greiddan frá öðrum (t.d. með sátt), greiðir tryggingafélagið ekki bætur.
- Þú þarft að sækja um gjafsókn ef mögulegt er nema ljóst sé að þú uppfyllir ekki skilyrði.
- Tryggingafélagið getur krafist þess að ágreiningur um gjald lögmanns fari fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands.
- Bætur eru greiddar þegar málinu er lokið (ekki meðan á því stendur).

Aðrir þættir sem eru oft hluti af fjölskyldutryggingum

Sjúkrahúslegutrygging

Sjúkrahúslegutrygging veitir fjárhagslega stuðning ef einhver hinna váttryggðu þarf að leggjast inn á sjúkrahús vegna veikinda, sjúkdóms eða slyss. Hún tryggir dagpeningagreiðslur meðan á innlögn stendur og getur þannig hjálpað til við að brúa tekjutap eða aukinn kostnað sem hlýst af dvölinni.

Áfallahjálp

Það getur verið mikið áfall að verða fyrir innbroti, slysi eða öðru alvarlegu tjóni og einhverjar fjölskyldutryggingar veita stuðning með greiðslu fyrir áfallahjálp (samtalsmeðferð hjá sálfræðingi).

Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánú sambandi

Sumar fjölskyldutryggingar veita stuðning þurfi einstaklingur að yfirgefa heimili sitt vegna ofbeldis í nánú sambandi. Er þá um að ræða bætur til að standa straum af kostnaði við kaup á brýnum nauðsynjum, svo sem fatnaði, hreinlætisvörum eða öðru sem þarf þegar viðkomandi yfirgefur heimili sitt í skyndi.

Umönnunartrygging barna

Umönnunartrygging greiðir dagpeninga til eins forsjáraðila ef barn undir 18 ára aldri þarf að dvelja á sjúkrahúsi samfelld í lengur en fimm daga vegna sjúkdóms eða slyss. Skilyrði bóta er að barn þarfnist umönnunar eða viðveru forráðamanns samkvæmt læknisráði.

Trygging á munum til tómstundaiðkana – viðbót við innbústryggingu

Þessi trygging greiðir bætur vegna tjóns á munum til tómstundaiðkana vegna tjónsorsaka sem innbústryggingin tekur til (þjófnaður, eldsvoði o.s.frv.). Þeir munir sem hér falla undir teljast almennt ekki til innbús svo sem kajakar, arabátar, slöngubátar, sæpotur, golfbílar og búnaður vegna hestamennsku.

Greiðslukortatrygging

Greiðslukortatrygging greiðir bætur vegna tjóns sem hlýst af því að greiðslukort tapast og óviðkomandi aðili notar það sem svíksamlegum hætti.

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða og mikilvægt að tryggingapörf sé metin út frá aðstæðum hverju sinni.

Mikilvægir frestir

Tilkynningarfrestur

Samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga getur réttur til bóta fallið niður ef váttryggingafélagi er ekki tilkynnt um tjónið innan árs. Ársfresturinn byrjar að líða þegar tjónþoli gerir sér grein fyrir tjóninu og hvað varðar skemmdir á innbúi (munatjón) má gera ráð fyrir því að það sé um leið og tjónið á sér stað.

Þegar um frítímaslys er að ræða byrjar þessi ársfrestur þó ekki endilega að líða á slysdegi, heldur er miðað við það hvenær sá sem slasaðist gerði sér grein fyrir því að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Nokkuð oft hefur reynt á þetta atriði fyrir úrskurðarnefndinni:

80/2023: M slasaðist í desember 2019, en tilkynnti tryggingafélaginu ekki um slysið fyrr en í ágúst 2022. Nefndin skoðaði fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn

og taldi að þó áverkar M hefðu verið alvarlegir hafi honum ekki mátt vera það ljóst strax að varanlegar afleiðingar væru af slysinu. Með hliðsjón af því að M var í umfangsmikilli sjúkraþjálfun fram til janúar 2022 taldi nefndin að einhverjar líkur hefðu á þeim tíma verið á því að hann næði fullum bata. Var því ekki sýnt fram á að M hafi mátt vita um tjón sitt fyrr en í ágúst 2021. Því hafi eins árs tilkynningarfresturinn ekki verið liðinn og var bótaskylda því til staðar.

Þegar um réttaraðstoðartryggingu er að ræða byrjar ársfrestur yfirleitt að byrja á þeim tíma þegar váttryggður gat gert sér grein fyrir því að ágreiningur væri kominn á það stig að úr honum yrði ekki leyst nema fyrir dómstólum.

Enginn tilkynningarfrestur er í ábyrgðartryggingum.

Matsfrestur

Í skilmálum frítímaslysatrygginga er oft kveðið á um sérstakan matsfrest. Það þýðir að sá sem slasast þarf að óska eftir mati á varanlegum afleiðingum slyssins, svokölluðu örorkumati, innan ákveðins tíma. Slíkt mat er forsenda þess að fá greiddar bætur fyrir varanlega örorku vegna slyssins. Fresturinn er almennt þrjú ár og byrjar að líða á slysdegi, án undantekninga og óháð því hvenær bataferli lýkur. Hægt er að óska eftir því að tryggingafélag framlengi frestinn en þeim er ekki skylt að verða við slíkum beiðnum.

Málskotsfrestur

Ef tryggingafélag hafnar bótaskyldu eða tekur ákvörðun um að skerða bætur, ber því að tilkynna skriflega um slíka ákvörðun og benda á að hægt sé að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla innan árs. Sé það ekki gert innan eins árs glatast réttur tjónþola til bóta eða frekari bóta en félagið hefur boðið.

Fyrningarfrestur

Um kröfur vegna tjóns úr fjölskyldutryggingu gilda fyrningarreglur laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sem og almennar fyrningarreglur. Samkvæmt þeim fynrast kröfur á fjórum til tíu árum, allt eftir tegund tjóns.

Ferðatryggingar

Ferðatryggingar eru innifaldar í árgjöldum flestra kreditkorta. Þær geta til dæmis tekið til veikinda og slysa erlendis, tjóns eða tafa á farangri, ferðarofs og forfalla. Bótafjárhæðir og fjárhæð sjálfsábyrgðar geta verið mismunandi eftir kortategundum og sem dæmi eru bílaleigutryggingar ekki alltaf innifaldar. Nánari upplýsingar um það til hvers kyns tjóns ferðatryggingar taka er að finna í skilmálum og á heimasíðum bankanna.

Ferðatryggingar er einnig hægt að kaupa sérstaklega hjá tryggingafélögum og eru þær þá yfirleitt valkvæð viðbót við fjölskyldu- eða heimilistryggingar. Þessar tryggingar eru að miklu leyti sambærilegar við kreditkortatryggingar. Mikilvægt er að skoða skilmála áður en slík viðbótartrygging er keypt þar sem tvítrygging gefur ekki rétt til tvöfaldrar bóta. Er þó rétt að benda á að fjölskyldu- og heimilistryggingar tryggja börn váttryggingartaka sem eiga sama lögheimili og hann, óháð því hvað börnin eru gömul. Greiðslukortatryggingar hætta hins vegar yfirleitt að gilda um börn þegar ákveðnum aldri er náð og er yfirleitt miðað við 23 ára afmælisdaginn. Stundum gilda þær þó lengur ef ferðast er í fylgd með korthafa. Þetta þýðir að 23 ára „barn“ sem ferðast eitt og er ekki með kreditkort eða með ódýrt kreditkort, án ferðatryggingar, er ekki með ferðatryggingu í gegnum kortatryggingu foreldris þó þau búi á sama lögheimili. Ef foreldrið er hins vegar með valkvæða ferðatryggingu hjá tryggingafélagi mundi barnið falla undir hana. Annar kostur við að vera bæði með ferðatryggingu kreditkorts og ferðatryggingu í fjölskyldutryggingu er sá að ef hámarksbótafjárhæð er náð í annarri tryggingunni þá tekur hin tryggingin við ef um er að ræða umfangsmikið tjón. Þannig gæti t.d. verið gott að hafa tvær tryggingar ef ferðast er til Bandaríkjanna eða annarra landa þar sem kostnaður vegna innlagnar á sjúkrahús getur verið gríðarlega hár.

Ferðatryggingar gilda almennt bara í ákveðinn tíma á ferðalagi erlendis, yfirleitt 60 eða 92 daga. Ætli fólk sér að dvelja lengur erlendis er því mikilvægt að skoða hvort í boði er að kaupa sérsniðna ferðatryggingu eða hvort hægt er að framlengja gildistímann. Þá er hægt að kaupa stakar ferðatryggingar vegna einstakra ferðalaga.

Forföll

Fyrirframgreiddur ferðakostnaður (upp að ákveðinni fjárhæð) sem ekki fæst endurgreiddur er bættur ef ekki verður af ferðalagi vegna t.d. andláts, alvarlegs slyss eða veikinda, eða annarra alvarlegra atvika sem eru tilgreind í skilmálum. Oftast reynir á þetta ef sá sem ætlaði að ferðast veikist og kemst ekki í ferðina. Ferðakostnaður á þá að fást bættur ef lagt er fram læknisvottorð um óferðafærni.

Í skilmálum ferðatrygginga kemur almennt fram að forföll vegna veikinda séu þó ekki bætt ef um er að ræða veikindi sem voru til staðar áður. Í skilmálum er að finna nánari skilgreiningu á því hvað verði til þess að bótaréttur falli niður. Yfirleitt kemur þá fram að hafi váttryggður sótt meðferð vegna sömu veikinda á síðustu sex eða tólf mánuðum fyrir kaup á ferðinni (eða fyrir greiðslu staðfestingargjalds) sé bótaréttur ekki til staðar. Í stöðluðum vottorðum til tryggingafélaganna (sérstök eyðublöð frá þeim) er þá yfirleitt spurt að því hvort váttryggður hafi sótt meðferð vegna sömu veikinda á þessu tímabili. Þrátt fyrir það reynir oft á túlkun þessa fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og þarf þá að meta hvort það eru ný veikindi,

eða versnun veikinda sem þegar voru fyrir hendi, sem valda því að vátryggður er ekki ferðafær. Sé um að ræða til dæmis tilfallandi flensu eða fótbrott ætti ekki að vera neinn vafi um bótaskyldu. Sé hins vegar um að ræða t.d. versnun andlegra eða líkamlegra kvilla, sem vátryggður hefur verið í meðferð vegna, t.d. tekið lyf vegna, er bótaskylda almennt ekki fyrir hendi. Þar sem um undantekningarákvæði er að ræða er það tryggingafélagið sem þarf að sýna fram á að það eigi við. Tryggingafélagið ber einnig hallann af því séu skilmálar og undantekningarákvæði ekki orðuð með nægilega skýrum hætti.

103/2020: Hjónin M og X keyptu sér ferð sem þau hættu við að fara í samkvæmt læknisráði. Í því máli reyndi á ýmislegt fyrir nefndinni. Þar sem M hafði verið í krabbameinsmeðferð og óferðafærni hans tengdist því var litið svo á að hana væri að rekja til veikinda sem M þjáðist af og var í meðferð vegna á síðustu sex mánuðum fyrir kaup á ferðinni. Átti M því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu vegna veikinda sinna. X var einnig veik en þar sem veikindi hennar voru ekki alvarleg var ekki fallist á að M ætti rétt á bótum vegna forfalla sinna á grundvelli þess að um „alvarleg veikindi“ maka væri að ræða. Einkenni X voru hins vegar nýtilkomin og átti hún því rétt á bótum vegna þess ferðakostnaðar sem ekki fékkst endurgreiddur. Þar sem ferðasaliinn hafði boðið M og X gjafabréf vegna forfalla þeirra var hins vegar svo litið á að sá hluti ferðakostnaðar fengist „endurgreiddur“ og þurfti tryggingafélagið því ekki að greiða bætur vegna hans.

175/2022: M komst ekki í utanlandsferð vegna mikillar versnunar á veikindum sem hún hafði þjáðst af um árabil. Þar sem læknisvottorð staðfesti að hún M hafði leitað meðferðar vegna veikinda sinna á mánuðunum áður en ferðin var keypt átti hún ekki rétt á bótum.

242/2024: Í þessu máli var ekki deilt um að bótaskylda sem slík væri til staðar vegna þess að M þurfti að hætta við ferð sína. Hins vegar hafnaði tryggingafélagið að greiða M kostnað vegna gistingar, þar sem hægt hefði verið að afpanta gistinguna og fá hana endurgreidda frá gististaðnum. Taldi tryggingafélagið að M hefði hins vegar vanrækt að senda tilkynningu um afpöntun. Nefndin leit til þess að M hefði pantað gistinguna í félagi við aðra konu en sú kona fór í ferðina og nýtti gistinguna. Ekki hafi verið hægt að ætlast til þess að M afpantaði gistinguna fyrir hönd þeirra beggja. Átti M því rétt á bótum vegna síns hlutar í gistikostnaði.

Í tryggingaskilmálum er tiltekið til hvaða þátta ferðakostnaðar bótaréttur vegna forfalla tekur til en almennt er það bara fargjald og gistikostnaður. Hafi fólk til dæmis keypt sér miða í leikhús eða á fótboltaleik erlendis fæst slíkur kostnaður almennt ekki bættur:

360/2024: M og X þurftu að hætta við ferðalag vegna andláts nákomins ættlingja. Þau fengu fargjald og gistikostnað bættan. Kostnaður vegna leiðsagnar, fararstjórnar og aðgangseyris í ferðinni fékkst hins vegar ekki bættur enda féll hann utan við skilgreiningu á „ferðakostnaði“ eins og hún var sett fram í skilmálum, þ.e. að ferðakostnaður væri „fargjald og gistikostnaður.“

Sjúkrakostnaður, endurgreiðsla ferðar og ferðarof

Bætur vegna sjúkrakostnaðar, þar með talið vegna sjúkrahúslegu og lyfja, eru greiddar slasist hinn vátryggði eða veikist erlendis. Í skilmálum ferðatrygginga er nánar fjallað um þennan bóталиð og hvenær undanþágur á greiðslu eigi við. Dæmi

um undanþágu gæti verið kostnaður við meðferð vegna veikinda sem voru til staðar á síðustu mánuðum fyrir kaup á ferðinni. Ekki er algengt að komi til ágreinings um sjúkrakostnað sem slíkan en þessu samhengi er þó rétt að minna einnig á **evrópska sjúkratryggingakortið** en ítarlegar upplýsingar um það er að finna á island.is.

Við ákveðnar aðstæður getur váttryggður átt rétt á endurgreiðslu ferðar þurfi hann að fara heim fyrr en ráðgert var. Getur það verið vegna veikinda eða slyss eða annarra alvarlegra atvika sem tilteknir eru í skilmálum. Orlofsferð fæst almennt endurgreidd úr ferðatryggingu, í heild eða hlutfallslega, þurfi váttryggður að rjúfa ferð og fara heim eða liggja á sjúkrahúsi erlendis. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að **nauðsynlegt er að tilkynna tryggingafélaginu og SOS International um það ef alvarleg slys eða veikindi koma upp** á ferðalagi. Bótaréttur getur verið háður því að samráð sé haft við bæði tryggingafélagið og SOS International og hefur nokkrum sinnum reynt á það fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum:

3/2022: M veiktist alvarlega erlendis og ákvað að rjúfa ferð sína og koma heim. Í skilmálum tryggingarinnar kom fram að skilyrði bótagreiðslu væri að heimferð væri samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki váttryggingafélagsins og SOS International. Þar sem þau skilyrði voru ekki uppfyllt átti M ekki rétt á bótum.

Ferðin fæst ekki endurgreidd þó veikindi valdi því að fólk geti ekki notið ferðarinnar eins og lagt var upp með við kaup á henni. Vísast til nánari umfjöllunar um það í úrskurðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 96/2023 og 9/2024, en í þeim málum var það ekki talið fela í sér bótaskyld tjón þó váttryggðu hefðu verið of veik til að stunda annars vegar skíði og hins vegar golf.

Ef eitthvað kemur fyrir náinn ættingja í heimalandi váttryggðs t.d. andlát, alvarlegt slys eða veikindi, bætir tryggingin viðbótarútgjöld sem af því hljótask, svo sem kostnað við nýjan flugmiða heim. Ferðin sjálf fæst ekki endurgreidd í slíkum tilvikum. Í skilmálum ferðatrygginga er þessi bótaþáttur oft kallaður **ferðarof**.

Váttryggingafélögum er heimilt að kveða nánar á um það í skilmálum sínum hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo bótaskylda sé til staðar. Séu skilmálar hins vegar ekki skýrir hvað það varðar bera félögin hallann af því:

247/2023: M og X keyptu sér utanlandsferð sem átti að vara í fimm daga. Þau veiktust bæði í ferðinni og þurftu að leggjast inn á sjúkrahús og breyta heimflugi sínu. Þau fengu greiddar bætur vegna sjúkrakostnaðar og nýs heimflugs. Tryggingafélagið neitaði hins vegar að bæta þeim kostnaðinn við ferðina sjálfa þar sem slíkt ætti ekki við um ferðir sem vari í fimm daga eða skemur. Þar sem ferð M og X varð á endanum sjö dagar vegna veikinda þeirra taldi nefndin að undantekningarákvæðið ætti ekki við. Hvergi kom fram í skilmálunum að það væri miðað við upphafleg ferðaplön og hefði tryggingafélagið getað tekið það skýrt fram í skilmálum sínum. Þar sem það var ekki gert og ferðin varð á endanum sjö dagar úrskurðaði nefndin um að félagið skyldi endurgreiða M og X ferðina.

Farangur

Í skilmálum ferðatrygginga er fjallað um farangurstryggingar, sem taka til þess þegar farangur skemmist, er stolið, eða hann týnist/tefst í flutningi. Það er nokkuð mismunandi hversu víðtækar þær tryggingar eru og hvernig varúðarreglur sem fylgja á við vörslu farangurs eru orðaðar í skilmálum. Gott er að hafa í huga að

peningar og greiðslukort teljast ekki til farangurs í þessum skilningi. Oft reynir á það fyrir úrskurðarnefndinni hvort bótaskylda vegna þjófnaðar á farangri er til staðar og er þá helst deilt um það hvort váttryggður hafi vanrækt að fylgja varúðarreglum skilmálanna og hvaða áhrif það hafi:

404/2021: Töskuíeigu M var stolið þegar hún var á ferðalagi. Taskan var skorðuð milli tveggja stóla við borð sem fjórar manneskjur sátu við í morgunverðarsal hótelsins sem M dvaldi á. Enginn sá hvað gerðist. Tryggingafélagið taldi að M hefði ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu töskunnar og hafi skilið hana eftir eftirlitslausa á almannafæri en það var sérstaklega bannað í skilmálum tryggingarinnar. Nefndin taldi að morgunverðarsalur á hóteli væri almennt aðeins ætlaður þeim sem þar ættu erindi, þ.e. starfsfólki og gestum hótelsins. Því hafi M ekki skilið töskuna eftir á almannafæri. Niðurstaða nefndarinnar var því sú að M átti rétt á fullum bótum vegna töskunnar.

433/2023: M var á göngu eftir strönd á Tenerife þegar ókunnugur maður kom að og bauðst til að taka mynd af honum. Maðurinn hljóp svo burt með síma M. Taldi nefndin að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og brotið gegn varúðarreglu um að gæta fyllsta öryggis við vörslu símans með því að rétta ókunnugum manni símann. Átti M því engan rétt á bótum vegna símastuldarins.

358/2023: M skildi töskur eftir næturlangt í bifreið. Um morguninn voru töskurnar horfnar og engin sýnileg merki um innbrot. Með vísan til allra gagna málsins taldi nefndin ósannað að bifreiðin hefði verið læst og því hefði M skilið verðmæti eftir næturlangt í ólæstri bifreið. Þó M hefði þannig brotið gegn varúðarreglum taldi nefndin rétt að hann fengið bætur að hluta, eða 1/3.

Hvað varðar þjófnað á ferðalögum er mikilvægt að váttryggður geti sýnt fram á að þjófnaður hafi raunverulega átt sér stað, enda er það almennt tjónþoli sem þarf að sýna fram á tjón og orsök þess. Sem dæmi má nefna að í máli 341/2022 fyrir nefndinni var bótaskylda hafnað þar sem M gat ekki sýnt fram á að síma í hans eigu hefði verið stolið, en engin lögregluskýrsla eða önnur sambærileg gögn lágu fyrir.

Einnig hefur reynt á skýrleika skilmála farangurstrygginga fyrir nefndinni en sem fyrr segir er það tryggingafélagið sem ber ábyrgð á því ef skilmálar eru óskýrir. Má hér nefna mál nr. 383/2022 þar sem M fékk bætur vegna sólgleraugna sem var stolið jafnvel þó í skilmálum kæmi fram að tjón vegna þjófnaðar á gleraugum væri ekki bætt. Nefndin leit svo á að sú undanþága tæki aðeins til hefðbundinna sjóngleraugna. Hefði tryggingafélagið þannig getað sagt það skýrlega í skilmálum sínum ætti undanþágan líka að ná til sund- eða sólgleraugna. Í máli 14/2023 var hins vegar um að ræða þjófnað á sólgleraugum með styrk, þ.e. sjóngleraugu og í því máli var bótaskylda hafnað með vísan til þess að samkvæmt skilmálum væru ekki greiddar bætur vegna þjófnaðar á gleraugum.

Gæludýratryggingar

Gæludýr eru ekki tryggð í fjölskyldutryggingum en hægt er að kaupa sérstakar tryggingar vegna hunda, katta og hesta. Gæludýr eru ekki tryggð í fjölskyldutryggingum en hægt er að kaupa sérstakar tryggingar vegna hunda, katta og hesta. Þær greiða m.a. bætur vegna tjóns sem stafar af veikindum eða dauða gæludýrs, eða skaðabótaskylds tjóns sem verður af völdum dýra.

Almennt er hægt að kaupa afnotamissistryggingu, ábyrgðartryggingu, líftryggingu, sjúkrakostnaðartryggingu og umönnunar/gæslutryggingu vegna dýra. Þegar um hestaer að ræða eru jafnvel fleiri tryggingar í boði en samsetning hestatrygginga er þó nokkuð ólík milli tryggingafélaga.

Skilmálar tryggingafélaganna eru einnig nokkuð mismunandi þegar kemur að dýratryggingum. Hægt er að skoða upplýsingaskjöl slíkra trygginga áður en ákvörðun er tekin um kaup og meta út frá þeim hvaða tryggingar og samsetning henta best.

Hvað þarf að hafa í huga

Eftir að gæludýr hefur náð tilteknum aldri (oft miðað við fimm ár) er almennt ekki hægt að kaupa tryggingu vegna þess.

Rétt eins og á við um líf- og sjúkdómatryggingar mannfólks þarf að gæta þess að segja satt og rétt frá heilsufari við töku trygginga þegar um dýr er að ræða:

305/2024: *M átti ekki rétt á bótum úr sjúkrakostnaðartryggingu hundsins síns þar sem hún vanrækti, við töku tryggingarinnar, að gefa réttar upplýsingar um fyrri heilsufar hundsins.*

Þá er einnig alveg skýrt að þau tilvik sem leiða til tjóns mega ekki hafa átt sér stað áður en tryggingin tók gildi. Reyndi á það í máli 82/2024 þar sem eigandi hunds krafðist bóta vegna tjóns sem hundurinn varð fyrir í slysi sem atvikaðist tveimur dögum áður en tryggingin tók gildi. Þeirri kröfu var hafnað.

Eigandi dýrs þarf að tilkynna tryggingafélagi sínu sem fyrst um tjón sem hann telur eiga undir dýratryggingu. Í öðrum tilvikum en þegar krafist er bóta úr ábyrgðartryggingu fellur bótaréttur niður ef bóta er ekki krafist innan árs frá því að kunnugt er um atvik sem krafan reisir á. Umræddur eins árs frestur byrjar því til dæmis að líða við dauða dýrs, þegar tiltekna sjúkdómsgreiningar liggja fyrir eða, þegar um sjúkrakostnaðartryggingu er að ræða, þegar lækniskostnaður kemur til.

Hafni tryggingafélag kröfu um bætur, í heild eða að hluta, hefur eigandi dýrsins svo eitt ár til að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum eða dómstóla.

Afnotamissistrygging

Afnotamissistrygging greiðir bætur vegna skertra afnota af dýri. Dæmi um slíkt er ef hundur eða köttur sem ætlaður er til kynbótaræktunar tapar eiginleikum sínum til slíkrar ræktunar (verður ófrjór eða uppfyllir ekki lengur skilyrði til ræktunar) eða hundur hentar ekki lengur til sérstakra verkefna (svo sem blindrahundar). Afnotamissistrygging reið- og keppnishesta greiðir bætur ef hesturinn er algerlega og varanlega óhæfur til reiðar vegna nánar tilgreindra atvika og afnotatrygging stóðhesta greiðir bætur glati stóðhestur getu sinni til að fylja hryssur. Ýmis skilyrði eru fyrir greiðslu bóta úr tryggingunni, svo sem þau að sjúkdómur hafi ekki verið fyrir hendi er tryggingin tók gildi.

Stundum kemur upp ágreiningur um það hvort bótaskylda sé til staðar og má hér nefna mál 80/2024 fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Í því tilvikum sótti eigandi bæt看ur þar sem ræktunartík hentaði ekki lengur til ræktunar þar sem hún greindist með brot í hægri mjaðmakúlu og blindu á öðru auga. Þar sem í skilmálum tryggingarinnar voru talin upp þau tilvik sem leiddu til bótaskyldu, og brot á mjaðmakúlu og blinda voru ekki þar á meðal, var enginn bótaréttur fyrir hendi.

Afnotamissistrygging er óþörf fyrir eigendur hefðbundinna gæludýra. Séu dýr ætluð til ræktunar eða tiltekinna starfa er rétt að skoða þessa tryggingu, sér í lagi ef það leiðir til fjárhagslegs tjóns fyrir eiganda geti dýrin ekki sinnt þeim hlutverkum. Það er yfirleitt skilyrði fyrir kaupum á afnotamissistryggingu að dýrið sé einnig líftryggt.

Afnotamissistrygging fellur úr gildi þegar dýrið hefur náð tilteknum aldri og í upplýsingaskjali um trygginguna kemur fram hver sá aldur er. Hann getur verið mismunandi milli tryggingafélaga.

Ábyrgðartrygging

Ábyrgðartryggingu er ætlað að greiða bæt看ur vegna tjóns sem dýr veldur öðrum, sé um að ræða skaðabótaskylda háttsemi eiganda eða umráðamanns. Í þeim tilvikum er ekki nóg að vera með ábyrgðartryggingu í gegnum fjölskyldutryggingu. Hvað varðar hunda og ketti þá eru ábyrgðartryggingar oft innifaldar í leyfisgjöldum sveitarfélaga og því rétt að kanna hvort svo sé áður en keypt er sérstök ábyrgðartrygging. Sömu skilyrði eru fyrir greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingum dýra eins og úr ábyrgðartryggingum almennt og sýna þarf fram á að tjóninu hafi verið valdið af gáleysi þess sem ábyrgð bar á dýrinu:

235/2023: *M var að hjóla eftir göngustíg þegar hundur gekk í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að M féll fram fyrir sig á hjólinu og hjólið og fót hans skemmdust. M byggði á því að eigandi hundsins hafi haft hann ólæstan í flexitaumi meðan hann þreif upp eftir hann. Þá hafi hann verið með airpods og því ekki heyrt í viðvörunarbjöllu M. Litið var til þess að hundurinn hefði verið í viðurkenndum taumi til samræmis við hundasamþykkt og til þess að á göngustíg eigi hjólreiðamenn að sýna sérstaka tillitssemi. Var ekki talið að umráðamaður hundsins hafi sýnt af sér slíka háttsemi að bótaréttur væri til staðar og var kröfu M því hafnað.*

251/2024: *Hestur M fældist, með þeim afleiðingum að hún féll af baki og meiddist, við það að laus hundur gekk að honum í hesthúsahverfi. Nefndin taldi töluvert gáleysi felast í því að hafa lausan hund á hesthúsasvæði enda fælast hestar, sem eru flóttadýr, auðveldlega við að mæta hundi. Var því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu hundeigandans til staðar.*

Oftast reynir á ágreiningur um bæt看ur úr ábyrgðartrygginga vegna hunda. Um kattahald gilda mun færri reglur og hegðunarviðmið en um hundahald og því óalgengara að sækja þurfi í ábyrgðartryggingu vegna katta. Það er enda erfiðara að sýna fram á að eigandi kattar hafi sýnt af sér gáleysislega hegðun við vörslu hans. Rétt er þá að taka fram að tjón sem rekja má til þess að ekki er farið að lögum og reglum um dýrahald bætist almennt ekki úr ábyrgðartryggingu.

Líftrygging

Bæt看ur greiðast úr líftryggingu ef dýr deyr eða það týnist eða tapast og finnst ekki aftur eftir tiltekinn tíma. Bæt看ur geta lækkað eftir að dýr nær ákveðnum aldri og

eftir að tilteknum aldri er náð fellur líftryggingin niður. Þessi aldursmörk geta verið mismunandi eftir dýrategundum og tryggingafélögum. Ýmsar takmarkanir eru á gildissviði líftryggingar dýra, til dæmis greiðast ekki bætur ef dauða þeirra er að rekja til nánar tilgreindra ástæðna. Þar á meðal geta verið arfgengir eða meðfæddir sjúkdómar, öldrunar- og hrörnunarsjúkdómar og smitsjúkdómar.

Líftryggingingarfjárhæð tekur mið af markaðsvirði dýrsins en það getur til dæmis breyst með aldri þess. Hundar án ættbókar og „hefðbundnir“ heimiliskettir hafa almennt lítið markaðsvirði þó þeir séu eigendum sínum kærir og hjá sumum tryggingafélögum er ekki hægt að kaupa líftryggingu vegna hunda og katta nema dýrin séu ættbókarfærð. Þess utan þarf að meta sérstaklega, út frá fjárhagslegu verðmæti dýrs, hvort rétt sé að líftryggja það.

438/2024 Samkvæmt tryggingarskírteini var hundur M líftryggður fyrir um 370.000 kr. Hundurinn dó þegar hann var sjö og hálfis árs. M taldi sig eiga að fá þá fjárhæð greidda en tryggingafélagið vísaði til þess að um hámarksbætur væri að ræða og að miða yrði við markaðsvirði á dánardegi. Vísaði félagið til skilmála sinna þar sem fram kom að þrátt fyrir að hundur væri líftryggður fyrir hærri fjárhæð væru aðeins greiddar bætur sem næmu raunverulegu verðmæti. Félagið bauðst til að greiða M 100.000 kr., en M gat ekki sýnt fram á raunverulegt markaðsvirði hunds á þessum aldri. Í úrskurði sínum gagnrýndi nefndin orðalag skilmála félagsins en taldi þó að M hefði ekki sýnt fram á að umfang tjóns síns, þ.e. raunverulegt fjárhagslegt verðmæti hundsins þegar hann dó, hefði verið meira en þær bætur sem félagið bauðst til að greiða.

Sjúkrakostnaðartrygging

Sjúkrakostnaðartrygging tekur til ófyrirséðs dýralækniskostnaðar sem er afleiðing af slysum eða veikindum gæludýrs. Greiðslur úr þessari tryggingu eru almennt takmarkaðar við tiltekna hámarksupphæð sem er tilgreind í tryggingarskírteini. Eigandi dýrsins ber ákveðna sjálfsábyrgð, sem þýðir að hann þarf að bera tiltekna fjárhæð sjálfur áður en tryggingin tekur við.

Töluverðar undantekningar eru svo frá greiðsluskyldu. Það sem varðar hunda- og kattaeigendur líklega mestu er að almennt er ekki bættur kostnaður vegna tannhirðu eða tannviðgerða (nema vegna slysa) eða geldinga og ófrjósemisaðgerða. Þá er ekki bættur kostnaður sem kemur til vegna arfgengra eða meðfæddra kvilla.

Skilmálar hestatrygginga virðast að nokkru frábrugðnir skilmálum sjúkrakostnaðartrygginga hunda og katta og virðast einnig að einhverju leyti mismunandi milli tryggingafélaga. Er því ítrekað mikilvægi þess að kynna sér upplýsingaskjal um slíkar tryggingar áður en þær eru keyptar.

Sjúkrakostnaðartrygging dýra, eins og líf- og afnotamissistrygging, fellur niður eftir að ákveðnum aldri er náð.

Umönnunar/gæslutrygging

Umönnunar- eða gæslutrygging tekur til tjóns vegna kostnaðar við gæslu eða umönnun dýrs ef eigandi veikist skyndilega eða slasast og þarf að dvelja á sjúkrahúsi vegna þess. Tryggingin tekur þó ekki til hvers kyns veikinda og geta veikindi tengd langvarandi sjúkdómum sem voru til staðar við töku tryggingarinnar verið undanskilin í skilmálum, svo og veikindi sem orsakast af misnotkun áfengis eða lyfja.

Fasteignatrygging

Fasteignatrygging, einnig kölluð húseigendatrygging, veitir vernd fyrir fasteignina sjálfa. Um er að ræða frjálsa tryggingu sem keypt er sem viðbót við brunatryggingu og innbústryggingu. Mikilvægt er að þekkja muninn á þessum tryggingum:

Brunatrygging

Brunatrygging er **lögbundin** trygging sem nær aðeins til **tjóns af völdum elds**, sprengingar og eldingar.

- Bætir t.d. tjón á húsnæði ef það brennur en ekki tjón á innbúi (húsmunum).
- Skylda er að brunatryggja allar fasteignir á Íslandi.

Fasteignatrygging, einnig kölluð húseigendatrygging

Fasteignatrygging er **frjáls** trygging sem veitir **vernd fyrir fasteignina sjálfa** og tekur til margra tegunda tjóna, annarra en brunatjóna. Algengustu tjónin eru ýmiss konar tjón af völdum vatns, þó ekki vatns sem berst að utan (s.s. rigningarvatn).

- Bætir t.d. tjón vegna skyndilegs og óvænts vatnsleka úr lögnum hússins, óveðurs, innbrota og fleiri atvika.
- Ekki skylda, en getur verið mikilvæg viðbót við brunatryggingu.

Innbústrygging er oft hluti af heimilistryggingu/fjölskyldutryggingu

Innbústrygging er **frjáls** trygging sem tryggir **lausafé heimilisins** (innbú), þ.e. húsgögn, raftæki, fatnað, muni o.fl. Er oftast hluti af heimilistryggingu.

- Bætir t.d. tjón ef brotist er inn og sjónvarpi stolið, eða ef vatn skemmir sófann.
- Tryggir ekki sjálfa fasteignina, aðeins eigur sem fólk flytur með sér.

Í fjölbýlishúsum er algengt að húsfélagið kaupi fasteignatryggingu fyrir allt húsið og því er mikilvægt fyrir íbúa í fjölbýlishúsi að kanna hvort svo sé.

Auk þess að bæta tjón á fasteigninni sjálfri felur fasteignatrygging í sér ábyrgðartryggingu húseiganda en hún verndar húseiganda gagnvart tjóni sem hann veldur sem eigandi fasteignarinnar. Fasteignatrygging felur einnig í sér réttaraðstoðartryggingu sem greiðir málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem kemur til úrlausnar almennra dómstóla og varðar tryggðan sem eiganda þeirrar fasteignar sem vátryggingin tekur til.

Fasteignatryggingin greiðir bætur vegna ýmissa tjónsorsaka, svo sem vatntjóns og innbrota. Úplýsingaskjali og skilmálum vegna fasteignatrygginga er nánar skilgreint til hvers kyns tjónsorsaka vátryggingin tekur. Við val á tryggingu er mikilvægt er að kynna sér hvaða þættir falla undir fasteignatryggingu mismunandi tryggingafélaga.

Vátryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð í fasteignatryggingu er miðuð við gildandi brunabótamat fasteignarinnar. Því er mikilvægt að brunabótamatið endurspegli raunverulegt virði fasteignar. Sjá nánar: island.is/brunabotamat.

Meðan fasteignir eru í byggingu og eru ekki komnar með brunabótamat, er hægt að kaupa húsbýggjendatryggingu sem tekur á tjónum eins og innbrot-um, skemmdarverkum, vatnstjónum og tjóns vegna foks og óveðurs. Ef vátryggingarfjárhæð er of lág hefur tryggingafélag heimild til að beita skilmálaákvæðum um undirtryggingu.

Hverjir eru vátryggðir?

Fasteignatryggingin er fyrir þinglýsta eigendur fasteigna. Við eigendaskipti gildir tryggingin í 14 daga fyrir nýjan eiganda nema hann kaupí sjálfur tryggingu vegna eignarinnar fyrir þann tíma.

Tilkynningarfrestur og skylda til að takmarka tjón

Tilkynningarfrestur er eitt ár skv. lögum en í skilmálum fasteignatrygginga er lögð sú skylda á herðar húseigendum að tilkynna tjón tafarlaust. Mikilvægt er að starfsmenn tryggingafélagsins séu kallaðir sem allra fyrst á vettvang til þess að framkvæma tjónaskoðun og ákveða næstu skref í samráði við fasteignareiganda. Eiganda fasteignarinnar ber skylda til að takmarka tjónið og gera ráðstafanir til að afstýra tjóni eða draga úr því. Tilkynna þarf því tjón um leið og vart verður við skemmdir á eigninni. Sé það vanrækt getur það leitt til lækkunar eða missis bóta enda er mikilvægt, sér í lagi þegar um vatnstjón er að ræða, að bregðast strax við til að koma í veg fyrir að mygla myndist í fasteigninni.

Hvað bætir fasteignatryggingin?

Tryggingin bætir tjón sem verður á fasteigninni sjálfri og föstum búnaði hennar, svo sem gólfefnum, innréttingum, hurðum og gluggum. Þegar um er að ræða vatnsleka greiðir félagið einnig fyrir uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að stöðva leka, svo og frágang að nýju til að koma fasteigninni í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Mikilvægt er að hafa í huga að skemmist gólfefni vegna bótaskylds atviks, takmarka tryggingafélögin tjónið við gólfefni í því rými sem skemmdirnar eru. Í dag er algengt að flæðandi parket eða annað gólfefni sé á öllum helstu rýmum fasteignarinnar. Þrátt fyrir að svo hátti til áskilja tryggingafélögin sér rétt til að greiða eingöngu bætur fyrir gólfefni í því rými þar sem skemmdir urðu þrátt fyrir að ekki sé hægt að kaupa samskonar gólfefni og það sem skemmdist. Húseigendur þurfa því að sætta sig við að sjáanlegur munur sé á nýju gólfefni sem lagt er í kjölfar tjóns og eldra gólfefni sem þegar er til staðar á eigninni, jafnvel þó þröskuldur sé ekki milli rýma. Hefur úrskurðarnefnd í vátryggingamálum staðfest í úrskurðum sínum að slík takmörkun í skilmálum sé heimil, sjá mál 340/2022, 349/2022, 130/2024 og 190/2024. Tryggingafélög geta beitt afskriftum þ.e. lækkað tjónabætur vegna aldurs gólfefnis eða innréttinga. Í skilmálum tryggingafélaganna er sem dæmi algengt að frá bótum sé dregið 5% fyrir hvert aldursár parkets umfram fimm ár, að hámarki 70% frádráttur.

Sönnunarbyrði

Þegar deilt er um hvort tjón sé bótaskyld skiptir miklu máli hver ber ábyrgð á að sanna atvik málsins. Þetta kallast sönnunarbyrði. Það fellur á fasteignareiganda að sanna að tjón hafi orðið og að það falli undir skilmála tryggingarinnar. Í fasteignatjónum getur þurft að leggja fram ljósmyndir, kvittanir og yfirlýsingar frá iðnaðarmönnum sem koma á vettvang. Hafni tryggingafélag bótaskyldu, t.d. á grundvelli undanþágu í skilmála, ber því að sanna að undanþágan eigi við.

Dæmi: Tjón verður á innréttingu og parketi vegna leka frá miðstöðvarofni. Eigandi fasteignar verður að sanna að um sé að ræða skyndilegt og óvænt tjón. Ef tryggingafélagið neitar og segir að vatnið hafi lekið í langan tíma þ.e. um langvarandi leka sé að ræða þarf tryggingafélagið að leggja fram gögn því til sönnunar.

Hér má einnig nefna mál nr. 24/2022 fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Í því tilviki vildi tryggingafélagið meina að um væri að ræða tjón vegna langvarandi leka eða raka og því væri bótaskylda ekki fyrir hendi. Þar sem engin gögn lágu fyrir því til stuðnings var bótaskylda fyrir hendi.

Helstu þættir fasteignatryggingar

Skilmálar tryggingafélaganna eru með mismunandi orðalagi en flestir þeirra taka til eftirfarandi tjónsorsaka:

Vatnstjón

Þetta eru algengustu tjónin og geta valdið miklum skemmdum. Tjón vegna leka úr vatnsleiðslum hússins (auk ofna og frárennslislagna) sem á upptök sín innan veggja hússins er bótaskyldt samkvæmt skilmálum. Skilmálar tryggingafélaganna áskilja alltaf að tjónið sé af völdum *skyndilegs og óvænts leka* sem á upptök sín innan veggja fasteignarinnar. Einhver tryggingafélög setja einnig skilyrði um að lekinn hafi verið ófyrirsjáanlegur. Tilgangur þessa er að bæta ófyrirséð og skyndileg tjón en ekki langvarandi leka eða tjón vegna skorts á viðhaldi eða slæms frágangs. Það er tjónþoli sem ber sönnunarbyrði fyrir því að lekinn sé óvæntur og skyndilegur.

Þá er oft ágreiningur um það hvaðan vatnið komi þ.e. hvort það eigi upptök sín innan veggja fasteignarinnar eða um sé að ræða utanaðkomandi vatn. Með utanaðkomandi vatni er átt við vatn sem þrýstist upp úr skólp- eða frárennslislögnum og vatn sem leitar inn í hús af svölum, þökum eða í gegnum sprungur og óþétta glugga. Tjón af völdum skýfalls- og asahláku er tryggt og er sérþáttur í tryggingunni.

Til viðbótar bætir tryggingin yfirleitt tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, vatnsrúmum, fiskabúrum, frystikistum og ísskápum vegna mistaka eða skyndilegra bilana.

Eins og í öllum tryggingum er að finna undanþágur frá bótaskyldu. Sú undanþága sem mikilvægt er að átta sig á er að öll félögin undanskilja tjón vegna langvarandi raka eða leka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

347/2024: M krafðist bóta úr fasteignatryggingu sinni vegna leka sem uppgötvaðist í veggjum íbúðar hans. Lekinn átti upptök sín í ónýtum vatnslás á efri hæð hússins. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu og taldi tjónið stafa af langvarandi leka þar sem veggir væru mjög illa farnir af langvarandi raka og myglu. Úrskurðarnefndin féllst á það og taldi ekki sýnt fram á að tjónið stafaði af skyndilegum og óvæntum leka. Bótaskylda var því ekki fyrir hendi.

24/2022: M krafðist bóta úr vatnstjónstryggingu vegna leka úr gólfhitalögn sem kom í ljós í nóvember 2021. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með vísan til langvarandi leka og undanþáguákvæða skilmála tryggingarinnar. M taldi lekann skyndilegan og vísaði til yfirlýsinga fagaðila sem M lagði fram. Úrskurðarnefnd féllst á með M að fyrirliggjandi gögn staðfestu að lekið hefði skyndilega úr lögn hússins. Tryggingafélagið hefði þá ekki lagt fram nein gögn til að hnekkja þeim gögnum sem M lagði fram. Bótaskylda úr fasteignatryggingu var því talin fyrir hendi.

Fasteignatrygging bætir yfirleitt ekki tjón á þeim hlut eða hlutum sem ollu tjóninu.

Dæmi: Miðstöðvarofn lekur og veldur tjóni á parketi, bætur greiðast vegna parketsins en eigandi fasteignar þarf sjálfur að greiða fyrir nýjan ofn eða viðgerð á ofninum sjálfum.

Skýfall og asahláka

Tjón af völdum skýfalls og asahláku er bætt en það getur verið vegna jarðvegsvatns sem flæðir inn um glugga/hurðir í kjallara eða á jarðhæð fasteignar af völdum skyndilegs skýfalls (úrhellisrigningar) eða asahláku (snjóbráðar). Vatnsmagnið þarf að vera svo mikið að jarðvegsniðurföll ráða ekki við að leiða vatnið frá fasteigninni.

Undanþegin eru tjón vegna vatns frá svölum, þakrennum og tjón vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Tjón sem Náttúruhamfaratrygging á að bæta skv. lögum falla ekki heldur hér undir.

Frostsprungur

Tjón á vatnsleiðslum ef hitakerfi bilar skyndilega. Undanþegin eru tjón á snjóbræðslukerfum.

Innbrot

Skemmdir á fasteign vegna innbrots eða tilraunar til innbrots. Ekki bætast þeir munir sem stolið er en innbús/fjölskyldutrygging tekur til slíks tjóns.

Sótfall

Óvænt sót frá kynditækjum eða eldstæðum.

Snjóþungi

Tjón ef snjór sligar þak eða vegg húseignar. Tjón af völdum snjóflóða falla ekki hér undir enda falla slík tjón undir Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Fok og óveður

Ef vindur rífur glugga/þak og nær 28,5 m/sek (mælt af Veðurstofu).

Brot á gleri

Brot á gleri sem er fastsett í húsnæði (ekki rispur eða móða).

Brot og hrun

Skemmdir á loftaklæðningum, innréttingum, hreinlætistækjum, helluborðum og steinplötum o.fl. vegna skyndilegra atvika.

Húsaleigutjón

Ef eigandi fasteignar þarf að flytja úr henni og leigja annað húsnæði eru greiddar bætur vegna þess. Þær nema meðalhúsaleigu og eru greiddar vegna allt að sex mánaða.

Ef leigjandi er í fasteigninni og hann þarf að flytja út vegna tjónsins og viðgerða vegna þess er vitaskuld ekki hægt að innheimta leigu frá honum á meðan. Í þeim tilvikum eru greiddar bætur vegna tapaðra leigutekna, það er meðalhúsaleiga í sex mánuði. Leigusali þarf að sýna fram á tjón sitt, svo sem að leiga hafi verið greidd vegna eignarinnar.

Ábyrgðartrygging húseiganda

Ábyrgðartrygging húseiganda er hluti af fasteignatryggingu og tryggir húseigendur fyrir tjóni á fólki eða munum sem þeir kunna að bera skaðabótaábyrgð á vegna fasteignar sinnar. Líkt og í öðrum ábyrgðartryggingum er skilyrði bótageiðslu það að tjóni hafi verið valdið af gáleysi. Auk þess utan tekur tryggingin til ábyrgðar húseigenda skv. lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 og þá þarf gáleysi ekki alltaf að koma til.

Ábyrgðartryggingin bætir tjón sem eigandi fasteignar, eða eignarhluta í húsi, ber ábyrgð á vegna:

- Galla eða bilunar í eigninni, t.d. lagnir hússins, laust handrið eða hálka í stiga eða tröppum. Ef um er að ræða laust byggingarefni telst það ekki hluti fasteignarinnar, samanber úrskurð 62/2022.
- Vanrækslu á viðhaldi eignar sem veldur tjóni.

Sá sem gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu, þ.e. tjónþoli, þarf að sýna fram á að tjón hafi orðið, orsök þess og hver beri ábyrgð á tjóninu, til dæmis að tjónið hafi orðið vegna vanrækslu eða bilunar sem eigandi húss eða húsfélag ber ábyrgð á.

9/2022: *Hluti þaks fauk af fjöleignarhúsinu X í illvirði og skemmdi bifreið M. M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins X. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið yrði ekki rakið til saknæmrar háttsemi. Úrskurðarnefndin taldi að M hefði ekki sýnt fram á að nokkur á vegum X hefði sýnt saknæma háttsemi sem lyti að frágangi þaksins. Átti M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins.*

Oftast reynir á ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar þegar um er að ræða fjöleignarhús. Má það rekja til þess að í lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 er að finna sérstakar ábyrgðarreglur. Í 51. gr. laganna er kveðið á um skaðabótaábyrgð eigenda séreignar gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna tjóns sem stafar af sameigninni. Ábyrgðin nær m.a. til tjóns sem verður vegna vanrækslu á viðhaldi eða mistaka við meðferð eða viðhald.

Dæmi: *Íbúi efri hæðar vanrækir viðhald baðherbergis þannig að fúga fer að leka og veldur tjóni hjá íbúa neðri hæðar. Samkvæmt 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, ber eigandi séreignar ábyrgð gagnvart öðrum eigendum hússins vegna fjártjóns sem stafar af vanrækslu á viðhaldi séreignarinnar, búnaði hennar og lögnum. Ef íbúi neðri hæðar getur sannað vanrækslu íbúa efri hæðar á viðhaldi, getur hann sótt bætur í ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar efri hæðar.*

Auk þess tekur ábyrgðin til tjóns vegna bilunar á búnaði sameignar eða sameiginlegum lögnum, jafnvel þótt engum verði kennt um bilunina. Hér er því um að ræða svokallaða hlutlæga ábyrgð, þar sem ekki þarf að sanna sök til að ábyrgð stofnist.

Samkvæmt 52. gr. laga um fjöleignarhús ber húsfélagið sambærilega ábyrgð gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum ef tjón verður vegna vanrækslu, mistaka eða bilana í sameign eða sameiginlegum lögnum. Þessi regla þýðir að húsfélag getur þurft að bæta tjón sem verður af slíkum orsökum, jafnvel þótt enginn hafi gerst sekur um vanrækslu eða gáleysi (hlutlæg ábyrgð).

Dæmi: *Sprungu myndast í sameiginlegri lög fjölbýlishúss og veldur vatnstjóni í einni íbúð fjölbýlishúss. Á grundvelli 52. gr. laga um fjöleignarhús ber húsfélagið hlutlæga ábyrgð á tjóninu þar sem tjónið stafar af bilun á sameiginlegum lögnum. Allir eigendur íbúða í húsinu eru félagsmenn í húsfélaginu og í ljósi þeirrar grundvallarreglu að enginn getur átt skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér, dregst eignarhluti eiganda skemmda húsnæðisins frá bótum til hans.*

Réttaraðstoðartrygging/málskostnaðartrygging

Réttaraðstoðartrygging greiðir hluta af kostnaði vegna dómsmála ef fasteign-areigandi á í ágreiningi sem tengist fasteigninni. Það gæti til dæmis verið vegna gallamáls sem upp kemur og tengist kaupum eða sölu fasteigna. Skilyrði er að málið komi til úrlausnar almennra dómstóla á Íslandi (héraðsdómstólar, Landsréttur eða Hæstiréttur) og að lögmaður tilkynni tryggingafélaginu um að hann hafi tekið að sér málið og fái fyrirfram samþykki frá tryggingafélagi um að það muni taka þátt í kostnaði vegna dómsmálsins.

Tímamörk

1. Bótaskylda er háð því að vátryggingin sé í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi þá verið í gildi í minnst tvö ár samfelld.
 - Tryggingin þarf ekki að hafa verið hjá sama tryggingafélagi allan tímann. Ef vátryggður hefur haft sams konar tryggingu hjá öðru félagi, telur það með í heildartímanum.
 - Skoða þarf í hverju máli fyrir sig hvenær ágreiningur telst hafa komið upp og ræðst það af atvikum hverju sinni.
2. Ef tryggingin hefur ekki verið í gildi í tvö ár, getur vátryggður samt átt rétt á réttaraðstoð ef atvikin eða atburður sem krafan byggist á hafa átt sér stað eftir að tryggingin tók gildi.
3. Ef vátryggður er ekki lengur með réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur hann átt rétt á réttaraðstoð úr eldri tryggingu ef hún var í gildi þegar atvikin áttu sér stað og ekki eru liðin meira en 4 ár frá þeim tíma.

Tilkynningarfrestur skv. lögum um vátryggingarsamninga

Auk ofangreindra tímafresta þarf hinn vátryggði að tilkynna tryggingafélaginu um kröfuna innan árs frá því að hann vissi um atvik sem krafan er reist á. Það er ekki endilega sami tímapunktur og þegar ágreiningur telst hafa komið upp.

Í málum sem varða réttaraðstoð skal miða upphaf tilkynningarfrests við það þegar vátryggður gat gert sér grein fyrir því að ágreiningur væri kominn á það stig að úr honum yrði ekki leyst nema fyrir dómstólum. Sjá mál nr. 280/2018, 399/2023 og 448/2023 fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Það er þá yfirleitt síðar en upphaf ágreiningsins sjálfs. Annað væri óeðlilegt enda getur ágreiningur verið kominn upp löngu áður en lögmaður kemur að málinu og skilyrði fyrir því að unnt sé að sækja í réttaraðstoðartryggingu er að lögmaður sé búinn að taka að sér málið.

Hvaða kostnaður fæst greiddur úr tryggingunni?

Réttaraðstoðartryggingin greiðir fyrir eðlilegan og nauðsynlegan lögmanns- og málskostnað upp að ákveðnu hámarki sem getið er um á skírteini tryggingarinnar (á bilinu 2 – 3 milljónir) ef hann fæst ekki greiddur frá gagnaðila eða hinu opinbera. Eigin áhætta er yfirleitt í kringum 20%, þó að lágmarki ákveðin fjárhæð sem einnig kemur fram í skírteini.

Tryggingin greiðir:

- Þóknun lögmanns og önnur lögfræðileg gjöld.
- Kostnað við sérfræðiálit/matsgerð (ef lögmaður telur slíkt nauðsynlegt áður en málið fer fyrir dóm).

- Kostnað vegna vitna eða annarrar sönnunarfærslu.
- Réttargjöld.
- Málskostnað sem þú ert dæmd/t/ur til að greiða gagnaðila
- Málskostnað sem þú samþykkir að greiða í sátt (ef dómur hefði væntanlega dæmt þig til að greiða meira).

Mikilvægt að hafa í huga:

- Ef vátryggður gefur eftir réttinn til að fá kostnað greiddan frá öðrum (t.d. með sátt eða gjafsókn), greiðir tryggingafélagið ekki bætur.
- Tryggingafélagið getur krafist þess að ágreiningur um gjald lögmanns fari fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands.
- Bætur eru greiddar þegar málið er lokið (ekki meðan á því stendur).

Líf- og sjúkdómatryggingar

Sjúkdómatrygging

Sjúkdómatrygging er trygging sem greiðir váttryggða fjárhagslegar bætur ef hann greinist með ákveðinn alvarlegan sjúkdóm. Í skilmálum sjúkdómatrygginga er að finna tæmandi talningu á þeim sjúkdómum sem undir trygginguna falla. Það eru því ekki allir sjúkdómar sem falla undir trygginguna.

Fjárhæð sjúkdómatryggingar og iðgjald

Váttryggður velur hversu háa sjúkdómatryggingu hann vill taka. Því hærri sem váttryggingarfjárhæðin er, því hærra verður iðgjaldið. Aldur hefur líka áhrif á iðgjaldið, þeir sem yngri eru greiða lægra iðgjald en þeir eldri. Að auki ræður heilsufar miklu, svo sem sjúkdómar sem váttryggður hefur fengið áður, og fjölskyldusaga um arfgenga sjúkdóma, sem getur leitt til álags á iðgjaldið. Þá er iðgjaldið hærra fyrir þau sem reykja.

Launþegar njóta réttinda samkvæmt kjarasamningum og eiga rétt á launum í veikindum um ákveðinn tíma. Auk þess er hægt að sækja um stuðning úr sjúkrasjóðum stéttarfélagi ef veikindi valda því að viðkomandi dettur tímabundið út af vinnumarkaði. Þessar greiðslur eru þó yfirleitt aðeins hluti af fyrri launum og oft greiddar í takmarkaðan tíma.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga hins vegar sjaldnast sömu réttindi og þurfa því að huga sérstaklega að því að kaupa tryggingu sem getur tryggt þeim nauðsynlegar tekjur ef þeir verða óvinnufærir um tíma.

Það er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir þau réttindi sem eru til staðar ef alvarleg veikindi koma upp, svo sem laun frá vinnuveitanda, greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags eða örorkulífeyrir úr lífeyrissjóði. Ef þessi réttindi duga ekki til að fjármagna rekstur heimilisins meðan hinn váttryggði er frá vinnu, er rétt að skoða hvort þörf er á sjúkdómatryggingu eða annarri persónutryggingu (t.d. sjúkratryggingu eða afkomutryggingu). Ef keypt er sjúkdómatrygging þarf jafnframt að meta hvaða tryggingarfjárhæð hentar best. Fjárhæðin ætti að taka mið af tekjum, skuldbindingum og aðstæðum, svo sem fjölskyldustærð og skuldastöðu.

Betra er að taka tryggingu þegar fólk er tiltölulega ungt og heilbrigt því iðgjald tryggingar er þá lægra og meiri líkur eru á að fá tryggingu. Við ákveðnar aðstæður, t.d. barneignir eða fasteignakaup, er oft hægt að hækka trygginguna án þess að skila inn nýjum heilsufarsupplýsingum.

Bætur úr sjúkdómatryggingu

Bæturnar eru gjarnan greiddar út innan tveggja vikna eftir að öll nauðsynleg gögn hafa borist tryggingafélaginu. Váttryggður fær alla þá fjárhæð sem hann tryggði sig fyrir og er um skattfrjálsa greiðslu að ræða.

Líftrygging

Líftrygging veitir fjárhagslega vernd ef váttryggður fellur frá. Þótt það geti verið óþægilegt að hugsa sér slíkt, getur verið nauðsynlegt að tryggja að aðstandendur, hvort sem það eru börn, maki eða aðrir nákomnir, verði ekki skildir eftir í óvissu eða fjárhagserfiðleikum.

Fjárhæð líftryggingar og iðgjald

Við kaup á líftryggingu þarf að ákveða hversu há hún á að vera. Því hærri sem váttryggingarfjárhæðin er, því hærra verður iðgjaldið. Aldur hefur líka áhrif á iðgjaldið, þau sem eru yngri greiða lægra iðgjald en þau eldri. Að auki ræður heilsufar miklu því horft er til sjúkdóma sem hinn váttryggði hefur fengið áður og fjölskyldusögu um arfgenga sjúkdóma, sem getur leitt til álags á iðgjaldið.

Tryggingarfjárhæðin ætti að taka mið af fjárhagslegum skuldbindingum t.d. húsnæðislánum, bílalánum, námslánum og öðrum skuldum, til að létta fjárhagslega undir með maka og/eða börnum þannig að ekki þurfi að selja húsnæði fjölskyldunnar.

Bætur úr líftryggingu

Bæturnar eru skattfrjálsar og greiðast beint til rétthafa bóta þ.e. fara ekki inn í dánarbú viðkomandi. Váttryggður velur hverjir fá bætur úr líftryggingunni og getur valið um þrjá kosti:

- Ekki tilnefndur rétthafi: Hjúskaparmaki fær líftryggingarbæturnar greiddar. Ef hinn váttryggði er ekki giftur eru líftryggingabætur greiddar til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- Lögerfingjar: Maki fær 1/3 líftryggingabóta og börn fá 2/3 hluta líftryggingabóta.
- Skráning rétthafa á nafn: Hægt er að skrá einn eða fleiri einstaklinga sérstaklega, t.d. sambúðarmaka (óvígð sambúð) sem annars myndi ekki fá bætur.

Alltaf er hægt að breyta tilnefningu rétthafa síðar, til dæmis ef fjölskylduhagir breytast.

Áhættumat og heilsufarsupplýsingar

Mikilvægt er að segja satt og rétt frá

Þegar sótt er um líf- og sjúkdómatryggingu þarf að fylla út ítarlega váttryggingabeiðni og veita upplýsingar um:

- Heilsufar og fyrri veikindi.
- Fjölskyldusögu (t.d. arfgenga sjúkdóma).
- Atvinnu og áhættuatferli (t.d. fjallaklifur eða akstursíþróttir).

Þessar upplýsingar eru metnar af tryggingafélaginu eða endurtryggjendum þess. Ýmsir áhættuþættir eru skoðaðir af tryggingafélaginu þegar umsókn er metin. Sem dæmi um áhættuþætti í líf- og sjúkdómatryggingum eru reykingar, hár blóðþrýstingur, offita, sykursýki, geðsjúkdómar og áfengis- og vímuefnavandi.

Heilsufar váttryggðs getur leitt til:

- Hækkunar á iðgjaldi.
- Takmarkana á tryggingavernd.
- Synjun á tryggingu.

Mikilvægt er að segja rétt frá í umsókninni því röng upplýsingagjöf getur leitt til skerðingar eða niðurfellingar bóta. Skiptir þá engu þó iðgjald hafi verið greitt í mörg ár áður en til tjóns kemur. Ef tryggingu er synjað, þ.e. tryggingafélag vill ekki selja viðkomandi tryggingu t.d. vegna heilsufars, er hægt að óska eftir rökstuðningi tryggingafélags fyrir synjuninni.

Afleiðingar vanrækslu á upplýsingaskyldu

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ber tryggingafélag ekki ábyrgð ef tryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Til að svo teljist þarf tryggingafélagið að sýna fram á að viðkomandi hafi af ásetningi gefið rangar eða villandi upplýsingar sem hann vissi eða mátti vita að hefðu áhrif á það hvort váttrygging yrði veitt.

Ef sviksamleg vanræksla er ekki til staðar, en þó brotið gegn upplýsingaskyldu í verulegum mæli, er kveðið á um það í 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga að félaginu sé heimilt að fella ábyrgð sína niður að hluta eða í heild. Það fer eftir umfangi og eðli vanrækslunnar hvort ábyrgðin fellur niður að öllu leyti eða einungis að hluta til.

Aðrar reglur gilda þegar um líftryggingar er að ræða. Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd fyrir rétthafa líftryggingabóta, sem felur í sér að tryggingafélag getur aðeins borið fyrir sig vanrækslu á upplýsingagjöf ef andlát á sér stað innan tveggja ára frá því tryggingin var tekin. Hafi liðið lengri tími en tvö ár frá því tryggingin var tekin getur tryggingafélag ekki borið fyrir sig ranga upplýsingagjöf nema svikum hafi verið beitt.

Tryggingafélagið ber sönnunarbyrðina fyrir því að tryggingartaki hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Þegar tjón er tilkynnt til tryggingafélags vegna líf- eða sjúkdómatryggingar, kallar félagið alltaf eftir sjúkraskrá frá heilsugæslu eða öðrum meðferðaraðilum sem nær nokkur ár aftur í tímann frá þeim degi sem sótt var um trygginguna til þess að kanna hvort réttar upplýsingar hafi verið gefnar við töku tryggingar.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hefur ítrekað fjallað um mat á vanrækslu upplýsingaskyldu. Þar hefur verið lagt mat á hvort tryggingafélagið hafi sýnt fram á að tryggingartaki hafi meðvitað gefið rangar upplýsingar eða látið hjá líða að veita mikilvægar upplýsingar sem hefðu skipt máli við gerð váttryggingarsamnings.

114/2023: M sótti um sjúkdómatryggingu árið 2019 og greindist með MS árið 2022. Hann krafðist bóta, en tryggingafélagið hafnaði kröfunni því það taldi M hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína. Félagið byggði á því að M hefði ekki upplýst um fyrri einkenni sem fram komu í sjúkraskrá m.a. skyntruflanir í hægri fæti árið 2018 og sjóntruflanir í æsku sem taldar voru tengjast sjóntaugabólgu. M hélt því fram að hann hefði ekki talið þessi einkenni alvarleg eða varanleg og að engin eftirfylgni hefði verið hjá læknum. Úrskurðarnefndin taldi að engin samtímagögn bentu til þess að M hefði mátt vita að um væri að ræða einkenni sem honum bar að segja frá við töku tryggingarinnar og að tryggingafélagið hefði ekki sýnt fram á verulega vanrækslu á upplýsingaskyldu. Því bar félaginu að greiða bætur.

Í öðrum tilvikum tekst tryggingafélagi að sanna vanrækslu á upplýsingaskyldu og getur það leitt til uppsagnar á tryggingu:

339/2023: M krafðist bóta úr sjúkdómatryggingu hjá tryggingafélagi sínu vegna aðgerðar á blöðruhálskirtli á árinu 2023. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu þar sem slíkt atvik félli ekki undir skilmála tryggingarinnar og taldi M jafnframt hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar árið 2018. Kom fram í sjúkraskrá að M hefði glímt við þvagfæra- og blöðruhálskirtilsvandamál allt frá 2001 án þess að taka það fram í heilsufarsyfirlýsingu við töku

tryggingarinnar. M hélt því fram að hann hefði veitt munnlegar upplýsingar um vandamálin í símtali við tryggingasölumann og að sá hafi fyllt út umsóknina án þess að skrá þær. Engar sannanir um það lágu fyrir. Úrskurðarnefndin taldi vanrækslu M á upplýsingagjöf verulega og að V hefði verið heimilt að hafna kröfu um bætur og segja tryggingunni upp skv. 84. gr. laga nr. 30/2004.

Stundum er tryggingafélagi eingöngu heimilt að skerða bótarétt að hluta til vegna rangrar upplýsingagjafar:

346/2023: M sótti um bætur úr sjúkdómatryggingu hjá tryggingafélagi sínu árið 2022 vegna MS-greiningar frá árinu 2013. Tryggingafélagið synjaði greiðslu á þeirri forsendu að M hefði vanrækt upplýsingaskyldu við tryggingatöku árið 2007, þar sem hún greindi ekki frá taugatengdum einkennum og MRI-rannsókn sem hún fór í árið 2006 vegna hugsanlegs MS. M hélt því fram að engin greining hafi legið fyrir fyrr en 2013 og að hún hafi ekki haft vitneskju um alvarleika einkenna sinna við tryggingatöku. Úrskurðarnefnd féllst á að M hefði vanrækt að veita réttar upplýsingar um taugakerfiseinkenni og myndrannsókn, sem hefðu haft verulega þýðingu fyrir áhættumat. Vanrækslan þótti þó ekki svo alvarleg að réttlæta fulla synjun bóta.

Mikilvægir frestir

Ef váttryggður greinist með sjúkdóm sem gæti fallið undir sjúkdómatryggingu er mikilvægt að tilkynna tryggingafélaginu um það eins fljótt og hægt er. Það skal gert í síðasta lagi innan árs frá því váttryggður fékk vitneskju um atvik sem krafan er reist á, samnanber 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þegar um sjúkdómatryggingu er að ræða er yfirleitt miðað við formlega greiningu sjúkdóms.

250/2018: M krafðist bóta úr sjúkdómatryggingu eftir að hafa greinst með illvigt brjóstakrabbamein í mars 2016. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að tilkynning hafi borist of seint, eða 27. júní 2017, eftir að rúmlega eitt ár var liðið frá greiningu sjúkdómsins, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. M hélt því fram að fresturinn ætti ekki að hefjast fyrr en við lok meðferðar í maí 2017. Úrskurðarnefnd tók ekki undir það og taldi að réttur til bóta hefði stofnast við staðfesta greiningu sjúkdómsins 11. mars 2016, en ekki við lok meðferðar. Þar með var tilkynningarfrestur liðinn þegar krafa M barst.

Hafni tryggingafélagið bótakröfu eða skerði bætur hefur váttryggður svo eitt ár frá tilkynningu félagsins um það til að leita til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla.

Þegar um bætur úr líftryggingu er að ræða eiga ofangreindir frestir ekki við.

Aðrar heilsutryggingar

Ýmsaraðrar heilsutryggingar eru í boði hjá íslenskum og erlendum tryggingafélögum sem bjóða upp á tryggingar hér á landi. Má þar nefna meðgöngutryggingu, barnatryggingu, sjúkra- og slysatryggingar, starfsörorkutryggingu, lífeyristryggingar og söfnunarlíftryggingar.

Slysaftrygging launþega

Í kjarasamningum er nær undantekningarlaust kveðið á um skyldu vinnuveitanda til að tryggja starfsmenn sína með slysaftryggingu. Er því um að ræða tryggingu sem vinnuveitandi tekur og greiðir iðgjöld vegna. Launþegi ætti því að vera tryggður vegna slysa sem verða í vinnu eða á leið til eða frá vinnu. Þau sem stunda sjálfstæðan rekstur þurfa hins vegar að huga sérstaklega að þessum málum. Auk kjarasamningsbundinna trygginga eru lögbundnar slysaftryggingar, þar sem vinnuveitendum er skylt samkvæmt lögum að tryggja tilteknar starfsstéttir, t.a.m. sjómenn.

Ákvæði um slysaftryggingar og bótafjárhæðir samkvæmt þeim geta verið mismunandi eftir kjarasamningum og starfsgreinum. Greiddir eru dagpeningar vegna tímabundinnar óvinnufærni (ekki þó í öllum kjarasamningum), örorkubætur ef varanleg örorka hlýst af slysi og dánarbætur ef starfsmaður deyr innan árs af völdum slyss. Þá greiðist kostnaður vegna tannbrota af völdum slysa umfram það sem almannaftryggingar bæta. Í sumum tilvikum er kveðið á um svokallaða sólarhringstryggingu, sem veitir tryggingavernd allan sólarhringinn, óháð því hvort slys á sér stað í eða utan vinnu. Í öðrum kjarasamningum er tryggingin takmörkuð við vinnutíma og ferðir til og frá vinnu.

Slysaftryggingar almannaftrygginga

Í lögum um slysaftryggingar almannaftrygginga nr. 45/2015 er svo fjallað um rétt til bóta úr slysaftryggingum almannaftrygginga þegar slys verður m.a. við vinnu eða íþróttaiðkun. Í lögunum er einnig fjallað um hvaða bætur greiðast komi til slyss, þ.e. sjúkrá hjálp, dagpeningar, miskabætur vegna varanlegs líkamstjóns og dánarbætur. Það eru Sjúkratryggingar Íslands, en ekki einstök tryggingafélög sem annast umsýslu slysaftryggingar almannaftrygginga.

Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Verði starfsmaður fyrir slysi sem hann telur að rekja megi til gáleysis yfirmanna eða samstarfsfólks er jafnframt hægt að gera kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda sé hún til staðar. Bætur úr ábyrgðartryggingu eru almennt hærri en úr slysaftryggingu launþega. Frá skaðabótum úr ábyrgðartryggingum dragast bætur úr slysaftryggingu svo það kemur ekki til þess að starfsmenn fái tvígreitt fyrir tjón sitt. Ef vinnuveitandi ber skaðabótaábyrgð á slysi er staðan því sú að starfsmaður á rétt á bótum úr slysaftryggingu og ábyrgðartryggingu.

Skilgreining slysaugtakans

Svo tjón sem verður vegna slyss fáist bætt úr slysaftryggingu launþega þarf atvikið sem leiddi til tjónsins að uppfylla skilyrði slysaugtaks vátryggingaréttar. Það sem við tölum í daglegu tali um sem „slys“ er því ekki endilega bótaskýlt slys.

Í skilmálum slysaftrygginga er slys skilgreint sem **skyndilegur, utanaðkomandi atburður** sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum reynir oft á það hvort þessi skilyrði eru uppfyllt en það hvílir á tjónþola að sýna fram á það.

197/2023: *M varð fyrir meiðslum er hann hoppaði niður úr vinnuvél og lenti illa. Af gögnum málsins taldi nefndin ekki sýnt fram á að utanaðkomandi atvik eða atburður hafi haft áhrif þar á. Taldi nefndin því að meiðsli M mætti rekja til innra álags eða veikleika en ekki atviks sem félli undir slysaugtakið samkvæmt skilgreiningu þess í skilmálum. Var kröfu hans því hafnað.*

Meiðsli sem er að rekja til líkama tjónþola sjálfs, t.a.m. ef eitthvað gefur sig við átak, ef svimi eða krampi veldur því að tjónþoli dettur, teljast ekki slys í þessum skilningi – heldur þarf alltaf eitthvað utanaðkomandi og skyndilegt að koma til. Oft geta mörkin verið óljós og erfitt er að setja fram skýrar reglur um það hvenær slys telst vera slys í skilningi tryggingarinnar. Þegar um fall er að ræða hafa dómstólar þó í einhverjum tilvikum talið að þá verði tryggingafélagið að leiða líkur að því að eitthvað innra með tjónþola hafi gefið sig og valdið fallinu, annars teljist um slys í skilningi váttryggingaréttar að ræða.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dómum réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi tryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama tryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slyshugtaki váttryggingaréttar.

Nokkrum sinnum hefur reynt á þetta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og má hér nefna mál 438/2021 en þar þótti ekki sýnt fram að fall M væri að rekja til innra sjúkdómsástands. Var því niðurstaðan sú að um slys hefði verið að ræða og hann ætti bótarétt úr slysatryggingu launþega.

Slyshugtak almannatrygginga

Oft byggja tjónþolar á því að þar sem bætur hafi fengist úr slysatryggingum almannatrygginga hljóti þeir að eiga rétt á bótum úr slysatryggingu launþega. Skilgreining slyshugtaksins er þó önnur þegar kemur að almannatryggingum. Ekki er áskilið í skilgreiningu slyshugtaksins samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga að um utanaðkomandi atburð sé að ræða, heldur þarf aðeins að hafa verið um að ræða „skyndilegan óvæntan atburð“. Var lagagreinininni breytt og skilyrðið um „utanaðkomandi“ tekið út og „óvænt“ sett í staðinn í þeim tilgangi að víkka út skilgreiningu slyshugtaksins þannig að bætur fengjust greiddar í fleiri tilvikum. Í váttryggingarétti er þó eins og áður segir enn gerð krafa um „utanaðkomandi“ atburð. Þó bótaskylda kunni að vera til staðar úr slysatryggingum almannatrygginga leiðir það því ekki sjálfkrafa til þess að um „slys“ í skilningi váttryggingaréttar hafi verið að ræða. Þó bótaskylda úr slysatryggingum almannatrygginga sé til staðar er því ekki þar með sagt að tjón sé bótaskyld úr slysatryggingu launþega.

195/2022: *M slasaðist við að lyfta þungri verkfæratösku. Af málsatvika lýsingum varð ekki séð að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Voru skilyrði slyshugtaksins því ekki uppfyllt og kröfu M um bætur úr slysatryggingu launþega hafnað. Í úrskurði sínum fjallaði nefndin m.a. um að það hefði ekki áhrif á niðurstöðuna þó Sjúkratryggingar Íslands hefðu samþykkt bótaskyldu, enda væri skilgreining slyshugtaksins í lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 öðru vísi og þar væri þess ekki krafist um að um „utanaðkomandi“ atburð væri að ræða.*

Orsakatengsl og sönnun

Komi til slyss er mikilvægt að leggja fram eins ítarleg og greinargóð gögn og unnt er um atvikið, en nokkuð er um að frásögn þess slasaða sé ekki studd með nægilegum gögnum þegar ágreiningur ratar fyrir nefndina. Getur niðurstaðan þá orðið sú að ekki sé sýnt fram á að um slys hafi verið að ræða:

137/2024: M varð fyrir meiðslum við störf á hjúkrunarheimili, en hún var að færa vistmann á heimilinu til í rúmi. Í atvikalýsingu hennar kom fram að samstarfskonan sem var að vinna verkið með henni hefði ekki lyft snúningslakinu sem vistmaðurinn lá á í takt við M og hefði það því verið „utanaðkomandi“ atburður. Ekki lá fyrir neinn vitnisburður frá samstarfskonunni, áverkavottorð, eða annað sem stutt gæti frásögn M. Var því niðurstaða nefndarinnar sú að ekki væri sýnt fram á að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð væri að ræða og var kröfu M hafnað.

164/2024: Í málskoti lýsti M atvikum svo að hún hefði fallið um vörubretti og slasast við það. Í læknisfræðilegum gögnum kom hins vegar fram að ekki væri áverkasaga til staðar og sagði M lækni m.a. að hún héldi að hún hefði misstigið sig. Þá var ekki til staðar nein staðfesting vinnuveitanda á þessari atvikalýsingu eða vitnisburðir sem staðfestu hana. Taldi nefndin því ekki sýnt fram á að líkamstjón M væri rakið til slyss í skilningi vátryggingaréttar.

Þó sýnt sé fram á að slys hafi átt sér stað er það eftir sem áður tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns og að það verði rakið til slyssins:

345/2023: Ekki var um það deilt að M hefði orðið fyrir slysi við vinnu þegar hann fékk þungt högg á mjöðm. M fann fyrir ýmsum alvarlegum einkennum, bæði líkamlegum og andlegum, sem hann taldi að rekja til slyssins. Af læknisfræðilegum gögnum mátti hins vegar ráða að einkenni hafi verið til staðar fyrir slysið þó þau hefðu breyst og aukist. Ekki lágu fyrir nefndinni gögn á borð við matsgerð er sýndu fram á orsakatengsl milli slyssins og einkenna eða versnunar einkenna M. Taldi nefndin því ekki sýnt fram á orsakatengsl og var kröfu M um bætur þar af leiðandi hafnað.

Skerðing eða niðurfelling bóta

Sýni launþegi af sér stórkostlegt gáleysi og það leiðir til tjóns getur verið heimilt að skerða bætur til hans í heild eða hluta. Einfalt gáleysi nægir ekki til skerðingar bóta heldur þarf sá sem slasast að hafa hagað sér með verulega gáleysislegum hætti. Við mat á því hvort og þá hvaða, skerðing er heimil þarf að meta hve mikil sök viðkomandi er og líta til allra atvika við tjónið. Það er tryggingafélagið sem þarf að sýna fram á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða og að heimilt sé að skerða eða fella niður bótarétt vegna þess.

123/2022: M sem var ökumaður vinnuvélar ók að brú með gálga á vinnuvél í uppréttri stöðu. Var vinnuvélin því töluvert yfir hámarkshæð vinnuvéla og of há til að komast undir brúna og slasaðist M nokkuð við áaksturinn. Með aksturslagi sínu braut M gegn ákvæðum reglugerðar um stærð og hámarksþyngd ökutækja þar sem sagði m.a. að sérstaklega ætti að gæta að hæð vinnuvélar þegar ekið væri undir brú. Var M talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og var því heimilt að skerða bætur til hans úr slysatryggingu launþega um helming.

Mikilvægir frestir

Tilkynningarfrestur

Samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga getur réttur til bóta fallið niður ef tryggingafélagi er ekki tilkynnt um tjónið innan árs. Þegar um líkamstjón er að ræða byrjar þessi ársfrestur þó ekki endilega að líða á slysdegi, heldur er miðað við það hvenær sá sem slasaðist gerði sér grein fyrir því að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Nokkuð oft hefur reynt á þetta atriði fyrir úrskurðarnefndinni:

80/2023: M slasaðist í desember 2019, en tilkynnti tryggingafélaginu ekki um slysið fyrr en í ágúst 2022. Nefndin skoðaði fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn og taldi að þó áverkar M hefðu verið alvarlegir hafi honum ekki mátt vera það ljóst strax að varanlegar afleiðingar væru af slysinu. Með hliðsjón af því að M var í umfangsmikilli sjúkraþjálfun fram til janúar 2022 taldi nefndin að einhverjar líkur hefðu á þeim tíma verið á því að hann næði fullum bata. Var því ekki sýnt fram á að M hafi mátt vita um tjón sitt fyrr en í ágúst 2021. Því hafi eins árs tilkynningarfresturinn ekki verið liðinn og var bótaskylda því til staðar.

425/2023: M fékk brunaáverka í slysi í nóvember 2020 en tryggingafélaginu var tilkynnt um slysið í ágúst 2022. Fyrir utan upplýsingar um komu M á bráðamóttöku strax eftir slysið lágu engin læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni, og var því ekki hægt að meta af þeim hvenær M mátti gera sér grein fyrir því að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Hins vegar lá fyrir að M hafði leitað til lögmanns vegna slyssins í febrúar 2021. Miðaði nefndin því við að þá hefði M gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins og því hefði ársfresturinn byrjað að líða í febrúar 2021. Var fresturinn því liðinn þegar M tilkynnti um tjón sitt. Var kröfu hans um bætur þar af leiðandi hafnað.

247/2024: M ökklabrotnaði á leið heim úr vinnu í nóvember 2020, en tryggingafélaginu var tilkynnt um slysið í október 2022. Nefndin leit til fyrirbyggjandi gagna og m.a. þess að M hefði verið í endurhæfingu eftir slysið. Í nóvember 2021 hafi læknir metið það svo að varanlegar afleiðingar yrðu af slysinu. Var miðað við að þá hafi tilkynningarfresturinn byrjað að líða. Því hafi hann ekki verið liðinn þegar tryggingafélaginu var tilkynnt um slysið og var bótaskylda því til staðar.

Málskotsfrestur

Ef tryggingafélag hafnar bótaskyldu eða tekur ákvörðun um að skerða bætur, ber því að tilkynna launþega skriflega um slíka ákvörðun og benda á hægt sé að skjóta málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla innan árs. Sé það ekki gert innan ársins stendur ákvörðun félagsins óhöggud. Vilji launþegi því reyna að fá ákvörðun félagsins breytt verður hann að grípa til aðgerða innan árs frá því hann fær tilkynningu frá tryggingafélaginu.

Matsfrestur

Jafnvel þó tilkynnt sé um slys innan tilkynningarfrestsins þarf einnig að gæta að því að í skilmálum tryggingafélaganna er gert ráð fyrir að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Dómstólar hafa fjallað um þetta skilmálaákvæði og komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði um matsfrest í tryggingarskilmálum séu hvorki óeðlileg eða óvenjuleg.

Eftir að þessi þrjú ár eru liðin er því ekki unnt að krefjast bóta vegna þeirra atriða sem metin eru við örorkumat, s.s. varanlegrar örorku. Tryggingafélögin geta þó samþykkt að bera þennan frest ekki fyrir sig, þ.e. fallast á að mat fari fram þrátt fyrir að meira en þrjú ár séu liðin frá slysi en þeim er það sumsé ekki skylt. Á þetta skilmálaákvæði hefur reynt fyrir úrskurðarnefndinni, til dæmis í málum nr. 14/2022, 15/2022 og 151/2024. Í þeim öllum var fallist á að bótaréttur væri fallinn niður þar sem matsfrestur var liðinn, enda er fyrrgreint skilmálaákvæði skýrt og fortakslaust varðandi þriggja ára frestinn.

Fyrningarfrestur

Um kröfur úr slysatryggingu launþega gilda einnig almennar fyrningarreglur, þ.e. krafa vegna líkamstjóns fyrnist almennt á tíu árum frá slysdegi.

Ábyrgðartryggingar

Samkvæmt íslenskum lögum ber einstaklingur skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur öðrum með saknæmum og ólögmætum hætti, en þessi regla er einkum nefnd sakarreglan. Ábyrgðartryggingar eru ætlaðar til að bæta tjón sem einhver ber skaðabótaábyrgð á, þ.e. þegar einhver veldur öðrum tjóni af gáleysi og ber ábyrgð á því samkvæmt lögum. Slík trygging greiðir tjónþola bætur í stað þess að hinn skaðabótaskyldi þurfi sjálfur að greiða þær úr eigin vasa. Hinn skaðabótaskyldi þarf þó alltaf að greiða sjálfsábyrgð tryggingarinnar.

Ábyrgðartryggingar geta bæði verndað einstakling ef hann veldur tjóni og einnig tryggt bætur ef aðrir valda honum tjóni. Ef ábyrgðartrygging er til staðar er hægt að krefjast bóta beint frá tryggingafélaginu.

Það skiptir miklu máli að greina á milli þess hvort tjón hafi orðið vegna gáleysis eða hvort það hafi verið hreint óhappatilvik. Þessi greinarmunur hefur áhrif á hvort tjónið telst bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu eða ekki.

Gáleysi felur í sér að viðkomandi fer ekki nógu varlega, sýnir ekki næga aðgát eða brýtur gegn reglum sem ætlað er að tryggja öryggi annarra, jafnvel þó það hafi ekki verið viljandi. Gáleysi getur svo verið mismunandi alvarlegt, og er þá annars vegar talað um einfalt eða almennt gáleysi og hins vegar um verulegt eða stórkostlegt gáleysi.

Óhappatilvik eru atvik sem enginn gat séð fyrir eða komið í veg fyrir með eðlilegum hætti. Þetta eru tjón sem verða án þess að neinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða vanrækslu. Í slíkum tilvikum er engin skaðabótaskylda til staðar og því ekki greiddar bætur úr ábyrgðartryggingu. Á þetta hefur reynt í fjölmörgum dómum héraðsdóms, Landsréttar og Hæstaréttar og einnig fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum:

47/2023: *M slasaðist þegar hún féll um brotinn kantstein fyrir framan verslun X og krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu. Hún taldi að verslunin hefði með vanrækslu skapað hættu og ekki gætt að öryggi viðskiptavina. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu og taldi slysið vera óhappatilvik. Úrskurðarnefndin tók undir það og taldi að aðstæður á vettvangi hafi ekki verið svo hættulegar að sérstakar öryggisráðstafanir hefðu verið nauðsynlegar.*

Ef einhver veldur þér tjóni af **ásetningi** (viljandi) áttu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu viðkomandi. Ástæða þess er sú að tryggingar eru aðeins ætlaðar til að bæta tjón sem verður vegna gáleysis. Þeim eru ekki ætlað að verja þann sem brýtur viljandi af sér. Atvikið sjálft getur þrátt fyrir það verið skaðabótaskyldt að lögum en í stað þess að sækja bætur í tryggingu viðkomandi, þarf að krefjast skaðabóta beint frá þeim aðila.

Dæmi: *Ef einhver brýtur visvitandi glugga á húsinu þínu eða beitir þig ofbeldi, þá færðu ekki bætur úr tryggingu hans. Þú þarft þess í stað að beina kröfu beint að honum sjálfum og krefjast skaðabóta. Sjá t.d. úrskurð í máli nr. 313/2023.*

Mikilvægir frestir

Enginn sérstakur tilkynningarfrestur gildir þegar um ábyrgðartryggingar er að ræða, ólíkt því sem gildir um aðrar tryggingar. Það eru því eingöngu almennar

fyrningarreglur sem huga þarf að, þ.e. ef of langur tími liður án þess að krafa sé gerð um bætur úr ábyrgðartryggingu, getur krafan fyrnst. Skaðabótakröfur fyrnast samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda þar sem finna má sambærilegt ákvæði við 52. gr. laga um váttryggingarsamninga. Krafa fyrnist á fjórum árum frá þeim degi sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns fyrnist á tíu árum.

Mikilvægt er fyrir tjónþola að tryggja sér sönnun sem allra fyrst eftir tjónsatburð. Því er ráðlagt að safna gögnum sem geta síðar staðfest atvikið og umfang tjóns. Það getur t.d. falið í sér að taka myndir af vettvangi og tjóni, kanna hvort myndbandsupptökur séu á vettvangi, skrá niður nöfn og símanúmer vitna, og tilkynna atvikið til lögreglu eða annarra viðeigandi aðila sem geta staðfest hvað gerðist. Eftir því sem lengra liður frá tjónsatburði verður erfiðara að afla slíkra gagna og sönnunarstaðan verður erfið.

Eigin sök í skaðabótamálum

Í skaðabótamálum felur eigin sök (eða meðábyrgð tjónþola) það í sér að tjónþoli hefur átt þátt í eigin tjóni og þá dregur það úr skaðabótaskyldu hins sem olli tjóninu eða útilokar hana alfarið í vissum tilvikum. Með öðrum orðum er litið til þess hvort tjónþoli sjálfur hafi sýnt af sér háttsemi sem stuðlaði að því að tjónið varð eða gerði það verra en ella. Metið er í hverju tilviki hvort háttsemi tjónþola hafi verið gáleysisleg, þ.e. hvort hann hafi ekki sýnt nægilega varúð eða skynsemi miðað við aðstæður. Ef svo er getur hann borið meðábyrgð. Það fer þó eftir umfangi eigin sakar og afleiðingum hennar hvort hún leiðir til lækkunar bóta eða útilokar þær.

18/2022: *M slasaðist árið 2020 þegar hún féll um litla hjólakerru í anddyri verslunar X og krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu verslunarinnar. Trygginga-félagið viðurkenndi bótaskyldu en taldi M hafa sýnt af sér gáleysi og bæri hún því helming tjónsins sjálf. M mótmælti því og taldi sig enga ábyrgð bera. Úrskurðarnefndin mat það svo, m.a. með hliðsjón af myndbandsupptöku, að M hefði ekki litið fram fyrir sig og því sýnt af sér einfalt gáleysi. Því skyldi hún bera helming tjónsins sjálf.*

Þegar starfsmaður slasast í vinnu og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu, gilda sérstakar reglur um meðábyrgð hans. Samkvæmt 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 má ekki skerða bætur til starfsmanns þótt hann hafi átt þátt í því að tjónið varð, nema sýnt sé fram á að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða valdið tjóninu af ásetningi.

Sönnunarbyrði í skaðabótamálum

Meginreglan um sönnunarbyrði og sönnun á orsakatengslum í skaðabótarétti er sú að sá sem krefst skaðabóta (tjónþoli) ber sönnunarbyrði fyrir öllum grundvallarskilyrðum skaðabótaskyldu, þar með talið orsakatengslum milli tjónsatburðar og tjóns. Þannig þarf tjónþoli að sanna að tjón hafi átt sér stað, að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjónsins.

Í sumum tilvikum getur komið til þess að vikið sé frá sönnunarreglum í þágu tjónþola. Stundum kemur það beinlínis fram í lögum að sönnunarbyrðinni sé snúið við þ.e. tjónvaldur ber sönnunarbyrðina fyrir því að háttsemi hans sem leiddi til tjóns hafi ekki verið saknæm. Þessi regla heitir sakarlíkindaregla.

En hvernig er hægt að sanna að um bótaskyld tjón sé að ræða? Erfitt er að gefa nákvæmar leiðbeiningar um það en helstu gögnin sem lögð eru fram í skaðabótamálum eru lögregluskýrslur, vitnaframburðir, ljósmyndir, samskipti aðila, læknagögn og myndbandsupptökur. Þó tjónþoli lýsir sjálfur atvikum og tjóni með trúverðugum hætti þá nægir framburður hans einn og sér ekki sem sönnun. Leggja þarf fram gögn sem styðja framburðinn og sönnunargögnin þurfa að vera hlutlaus og traust:

168/2023: *M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu X eftir að hafa runnið í blautum stiga í fasteign í eigu X og slasast. Hún hélt því fram að hálkuvörnum hefði verið ábótavant og að bilun í lyftu hefði leitt til aukinnar notkunar stigans. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu og nefndin taldi ekki sýnt fram á að slys M væri að rekja til saknæmrar vanrækslu af hálfu X. M lagði ekki fram gögn um veðurfar, bleytu, bilun í lyftu eða ófullnægjandi öryggisráðstafanir. Talið var ósannað að um annað en óhappatilvik hefði verið að ræða.*

Fjárhæð skaðabóta

Fjárhæð skaðabóta á Íslandi fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins og ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Meginregla í skaðabótarétti er sú að tjónþoli eigi að fá bætur sem svara til þess fjárhagslega tjóns sem hann hefur orðið fyrir þ.e. hann á að vera eins settur fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki átt sér stað.

Bætur fyrir líkamstjón eru reiknaðar út á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 en þegar um munatjón er að ræða er það meginregla skaðabótaréttarins um fullar bætur sem á við.

Dæmi: *Sími skemmist vegna gáleysis annars aðila. Nýr sími af sömu tegund kostar 180.000 kr. En síminn sem skemmdist var árs gamall og hafði því rýrnað í verði. Endurkaupsvirði sambærilegs notaðs síma er 140.000 kr. Tjónþoli fær ekki nýjan síma því hann á ekki að hagnast á tjóninu, heldur fær hann 140.000 kr.*

Frjálsar eða lögboðnar ábyrgðartryggingar

Frjálsar ábyrgðartryggingar eru t.d. ábyrgðartryggingar einstaklinga sem eru hluti af fjölskyldu- og fasteignatryggingum. Vísast til umfjöllunar um þær í viðeigandi köflum. Tryggingafélögin bjóða einnig upp á frjálsar ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur og einstaka starfsstéttir og eru þær tryggingar mjög algengar hér á landi enda vernda slíkar tryggingar atvinnurekanda í rekstri hans. Svokallaðar skaðsemisábyrgðartryggingar eru einnig frjálsar tryggingar sem veita atvinnurekanda vernd gagnvart skaðabótaábyrgð sem leiðir af tjóni vegna varnings, sem hann framleiðir, selur eða lætur á annan hátt af hendi.

Lögboðnar ábyrgðartryggingar eru ábyrgðartryggingar ökutækja og ábyrgðartryggingar sem löggjafinn hefur ákveðið að tiltekna starfsstéttir þurfi skv. lögum að hafa til að tryggja hagsmuni þeirra sem verða fyrir tjóni. Þessar starfsstéttir eru t.d. byggingarstjórar, lögmenn, endurskoðendur, fasteignasalar, bifreiðasalar og hönnuðir. Auk þessa þarf heilbrigðisstarfsfólk að vera með sjúklingatryggingu. Sú trygging var færð frá váttryggingafélögum yfir til Sjúkratrygginga Íslands með lögum nr. 47/2024 sem tóku gildi 1. janúar 2025

Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Ábyrgðartryggingu atvinnureksturs er ætlað að mæta skaðabótakröfum sem geta fallið á atvinnurekanda (fyrirtæki) ef aðrir verða fyrir tjóni vegna starfseminnar.

Þetta geta bæði verið tjón á eignum og líkamstjón. Þessi trygging er eins og áður segir algeng hérlandis enda sjá atvinnurekendur hag sinn í því að hafa slíka tryggingu.

Algengustu tjónin sem sótt eru í slíka tryggingu eru vinnuslys og slys vegfarenda eða viðskiptavina sem rekja má til aðbúnaðar í eða við fyrirtæki. Einnig er algengt að sótt sé í slíka tryggingu iðnaðarmanna ef þeir valda tjóni á munum við vinnu sína.

Algengar undanþágur

Í skilmálum ábyrgðartrygginga er að finna ákvæði sem mæla fyrir um undanþágu frá ábyrgð og þá sérstaklega undanþágur sem eiga við um munatjón. Verður hér eingöngu vikið að þeim undanþágum sem oftast hefur reynt á fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Ábyrgðartryggingin tekur ekki til tjóns á munum sem atvinnurekandi hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans:

451/2024: M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu fatahreinsunarinnar X eftir að svartur litur smitaðist úr hringaboxi í brúðarkjól sem hreinsaður var hjá X. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að tryggingin taki ekki til muna sem váttryggingartaki hefur í vörslu sinni eða tekur að sér að hreinsa. Úrskurðarnefnd féllst á það og taldi tjónið falla undir undanþáguákvæði skilmála. Bótaskylda var því ekki talin fyrir hendi.

Tryggingin tekur heldur ekki til tjóns á munum sem atvinnurekandi hefur til viðgerðar eða vinnur við með öðrum hætti:

255/2024: M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu X eftir að starfsmaður X olli tjóni á þaki við hreinsun klaka með járnkalli. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með vísan til undanþáguákvæðis þar sem tryggingin tekur ekki til tjóns sem verður við verk sem váttryggður tekur að sér. Úrskurðarnefnd féllst á skýringu félagsins og taldi tjónið falla undir undanþáguákvæðið. Bótaskylda úr tryggingunni var því ekki talin fyrir hendi.

Eftjónverðurvegnagallaeðaófullnægjandiframkvæmdaráverkisematvinnurekandi hefur tekið að sér, telst slíkt tjón vera innan ramma samningssambands aðila. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup og heyrir ágreiningur þá undir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Vinnuslys

Allir launþegar eru tryggðir í slysatriggingu vegna slysa sem þeir verða fyrir í vinnutíma eða á leið til eða frá vinnu. Slysatrigging launþega greiðir bætur á grundvelli kjarasamninga og fela slíka bætur í sér dagpeninga, örorkubætur og dánarbætur. Skaðabætur samkvæmt skaðabótalögum geta numið mun hærri fjárhæðum. Starfsmenn sem lenda í slysi á vinnustað eiga, ef slysið má rekja til gáleysis yfirmanna eða samstarfsfólks, rétt á því að gera kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda til þess að fá tjón sitt að fullu bætt. Frá skaðabótum úr ábyrgðartryggingum dragast bætur úr slysatriggingu sé um sama váttryggingartaka að ræða þ.e. vinnuveitanda í báðum tilvikum.

Sömu reglur gilda um sönnun þ.e. starfsmaðurinn ber sönnunarbyrðina. Við tilteknar aðstæður er slakað á sönnunarkröfum til starfsmanna og er það einkum ef vinnuveitandinn vanrækir skyldur sínar, t.d. til að tilkynna tjón til Vinnueftirlitsins.

Vinnuveitandi verður í þeim tilvikum að bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í dómaframkvæmd hefur vanræksla vinnuveitanda á tilkynningarskyldu sinni almennt verið metin þannig að frásögn tjónþola þ.e. hins slasaða starfsmanns, er lögð til grundvallar málsatvikum og þar með orsök vinnuslyss. Því verður þó ekki jafnað til sönnunar bótaábyrgðar. Jafnvel þó sýnt teljist fram á að slys hafi orðið með tilteknum hætti er því ekki þar með sagt að sannað sé að vinnuveitandi beri skaðabótaábyrgð vegna þess:

143/2025: M varð fyrir slysi við vinnu sína þegar hún fór niður stiga með fangið fullt af rúmfötum. Starfsfólk átti að nota körfur til að flytja þvott á milli hæða en samkvæmt M voru handföng á körfunum brotin og því ekki hægt að nota þær. Vinnuveitandi tilkynnti ekki réttilega um slysið til Vinnueftirlitsins. Var því byggt á frásögn hennar af tildrögum um slysið og um aðstæður á vinnustað. Þrátt fyrir það var ekki talið að vinnuveitandi bæri skaðabótaábyrgð á slysi hennar, enda hafi verið í sjálfu sér verið einfalt og ekki var talið að aðstæður á vinnustaðnum hefðu orsakað slys M.

Þegar aðstæður eru hættulegar eða verk starfsmanna flóknari getur vanræksla á tilkynningu leitt til annarrar niðurstöðu:

51/2024: M varð fyrir brunaslysi við vinnu sína hjá X við notkun gaslampa. Hann krafðist bóta vegna skaðabótaábyrgðar vinnuveitandans, en hélt því fram að eldur hefði blossað upp úr gashylki vegna gallaðs búnaðar og skorts á öruggum vinnuaðstæðum. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu og hélt því fram að M hefði sjálfur valdið eldinum og að enginn galli hafi verið á gaskútum. Úrskurðarnefndin lagði áherslu á að vinnuveitanda bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins, en hafði vanrækt þá skyldu. Sú vanræksla hafði þau áhrif að ekki fór fram rannsókn af hálfu Vinnueftirlits sem olli sönnunarskorti um orsök slyssins. Með vísan til dómaframkvæmdar, m.a. Hrd. 151/2017, taldi nefndin að við slíkar aðstæður yrði frásögn tjónþola lögð til grundvallar og jafnvel sönnunarbyrði snúið við. Engin gögn lágu fyrir um áhættumat eða hvernig X uppfyllti skyldur sínar varðandi öryggi starfsmanna og meðferð eldfimra efna. Við þessar aðstæður var talið að X bæri ábyrgð á líkamstjóni M.

Slys vegfarenda

Algennt er að vegfarendur geri kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingum verslunar- eða þjónustuaðila vegna slysa, t.d. hákuslysa eða slysa vegna ófullnægjandi frágangs lóða. Sönnunarstaðan er sú sama þ.e. tjónþoli ber sönnunarbyrðina og þarf að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings:

14/2024: M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu X, eiganda bílasölu, eftir að hún féll á ísilögðu bifreiðastæði og hlaut alvarlegt líkamstjón. Hún hélt því fram að slysstæður hefði verið hættulegur vegna hálku og dældar í malbiki og vísaði til skorts á aðgerðum af hálfu X til að tryggja öryggi gesta. Úrskurðarnefndin lagði áherslu á að sönnunarbyrðin um saknæma háttsemi hvíldi á M. Ljósmyndir lögreglu sýndu ekki fram á að dældin í malbikinu væri sérstaklega hættuleg. Þá lá fyrir að verktaki hafði saltað stæðið á slysdegi og ekkert benti til þess að aðstæður hefðu verið með þeim hætti að kallað hefði á frekari aðgerðir. Bótaskyldu var hafnað.

222/2022: M slasaðist þegar hún rann í hálku á útisvæði sundlaugar X, þar sem snjóbræðslukerfi virkaði ekki að fullu. Hún krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu X á þeim grunni að ekki hefðu verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja öryggi gesta við þær sérstöku aðstæður sem ríktu á slysdegi. Úrskurðarnefndin taldi ljóst að starfsfólk X vissi af skertri virkni snjóbræðslukerfisins og hefði því borið aukna skyldu til að bregðast við. Ekki lágu þó fyrir nákvæmar upplýsingar um hvenær eða hvar saltað var þennan dag og var því ekki talið sýnt fram á að nauðsynlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að draga úr hættu. Sönnunarbyrði um það hvíldi á X og tryggingafélaginu, sem báru hallann af skorti á gögnum um framkvæmd varúðarráðstafana. Taldi nefndin að slysið mætti rekja til vanrækslu sundlaugarstarfsmanna á öryggisskyldum sínum. Niðurstaða nefndarinnar var staðfest í dómi Landsréttar í máli nr. 468/2024.

Má hér einnig nefna tvo dóma Hæstaréttar þar sem komist var að ólíkri niðurstöðu um bótaskyldu verslunar vegna slyss viðskiptavinar.

Hrd. 419/1994: Kona var á leið út úr verslun Blómavals í Sigtúni þegar henni skrifaði fótur í hálku á stéttinni fyrir utan inngang verslunarinnar með þeim afleiðingum að hún féll og ökklabrotnaði. Hæstiréttur taldi að sérstök skylda hefði hvílt á starfsmönnum Blómavals til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka slysa-hættu og féllst á bótaskyldu verslunarinnar.

Hrd. 29/2011: Deilt var um hvort Hagkaup bæri bótaábyrgð á líkamstjóni konu sem steig á döðlu á gólfi við ávaxtaborð í versluninni og féll. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að slysið yrði ekki rakið til saknæmrar vanrækslu af hálfu starfsmanna Hagkaups og taldi að um óhappatilvik hefði verið að ræða, sem ekki leiddi til bótaskyldu.

Ýmis munatjón

Bótaskylda vegna munatjóns getur einnig fallið undir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar.

Reynt hefur á mörg mál fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum þar sem krafist er bóta úr ábyrgðartryggingu sveitarfélaga vegna tjóns af völdum hola í malbiki, sjá mál nr. 134/2024 og 94/2025. Svo komi til bótaskyldu í slíkum málum þarf að sýna fram á að starfsmenn sveitarfélaga hafi vitað af holu í malbiki og ekki gert ráðstafanir vegna hennar áður en tjón varð.

Einnig er oft krafist bóta úr ábyrgðartryggingu byggingaraðila þegar lausir hlutir hafa fokið af byggingarsvæði og valdið skemmdum á ökutækjum, sjá mál 177/2022 og 397/2022.

Svokölluð kerrutjón á bílastæðum matvöruverslana eru einnig algeng, sjá mál 383/2024 og 126/2025.

Í öllum þessum málum hefur reynst erfitt fyrir þá sem verða fyrir tjóni að leggja fram gögn sem sýna fram á sök meintra tjónvalda.

Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra

Byggingarstjóri er löggiltur aðili sem ber faglega ábyrgð á daglegri framkvæmd byggingarframkvæmda og tryggir að þær séu í samræmi við viðeigandi lög og reglur. Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum

hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laganna, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verk-sviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllumum gagnvart eiganda. Það er þó jafnframt skilyrði bótaskyldu að ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit samkvæmt lögnum. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Samkvæmt lögum um mannvirki ber byggingarstjóra að hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Hljóti eigandi eða annar maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi ber hann skaðabótaábyrgð á því. Byggingarstjóri ber einnig meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþátta sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda eða að mannvirki er tekið í notkun. Það er þó einnig skilyrði að rekja megi ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verkssviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

158/2022: *Krafist var skaðabóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra þar sem eftir afhendingu fasteignar kom í ljós að ástand gólfefna var ekki eðlilegt. Holhljóð heyrðist í gólfum þegar gengið var, hiti var óbærilegur og það fauk inn um hurðir og glugga. Úrskurðarnefndin taldi að byggingarstjóri B hefði sýnt af sér gáleysi með því að ráða hvorki múrarmeistara né tryggja að flísalögn væri í samræmi við byggingarreglugerð og góða starfshætti. Ábyrgð hans fælist í því að leggja mat á verkþætti og tryggja rétt verklag. Gallar, sem rekja mátti til þessa eftirlitsleysis, féllu því undir starfsábyrgð hans.*

Sönnun í byggingarstjóramálum getur verið erfið og kostnaðarsöm þar sem oft er gerð krafa um að húseigandi afli matsgerðar dómkvaddra matsmanna sem mæta þá á staðinn og meta tjónið og orsök þess. Það er þó ekki skilyrði að matsgerð liggja fyrir en vægi slíkra sönnunargagna er meira en annarra.

155/2022: *M krafðist bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X vegna vatnstjóns í íbúð sem hún keypti í byggingu árið 2019. Hún taldi X hafa vanrækt eftirlitsskyldu sína. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu og taldi sönnun um tjón, orsök þess og ábyrgð byggingarstjóra ekki liggja fyrir. Úrskurðarnefndin lagði áherslu á að samkvæmt lögum um mannvirki þarf að sanna að verulegir ágallar hafi komið í ljós, að þá megi rekja til stórfelldrar vanrækslu iðnmeistara og að byggingarstjóri hefði átt að verða þeirra var við eftirlit. M hafði þó ekki lagt fram matsgerð eða önnur sönnunargögn sem gátu sýnt fram á tjón, orsakir þess eða vanrækslu. Lýsingar hennar einar og sér þóttu ekki nægar. Ekki var fallist á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans þar sem M tókst ekki að uppfylla sönnunarbyrði um skaðabótaábyrgð hans.*

Þrátt fyrir að matsgerð liggi fyrir getur húseigandi ekki byggt á matsgerðinni ef hún fjallar ekki um þau atriði sem þörf er á.

46/2022: M krafðist bóta úr starfsábyrgðartryggingum tveggja byggingarstjóra vegna galla í nýbyggðu raðhúsi. Hún vísaði til matsgerðar dómkvadds matsmanns sem aflað var í tengslum við dómsmál gegn seljanda eignarinnar. Úrskurðarnefndin taldi matsgerðina ekki fullnægjandi sem sönnun um bótaskyldu byggingarstjóra, þar sem hún fól ekki í sér mat á því hvort skilyrði um stórfellda vanrækslu iðnmeistara væru uppfyllt. Að auki var ekki sýnt fram á að ágallar hefðu verið slíks eðlis að byggingarstjórar hefðu átt að taka eftir þeim við eftirlit sitt. Niðurstaða úrskurðarnefndar var sú að M átti ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórana A eða B, þar sem fyrirliggjandi matsgerð veitti ekki fullnægjandi grundvöll fyrir skaðabótaskyldu þeirra.

Starfsábyrgðartrygging fasteignasala

Samkvæmt 4. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 ber fasteignasala skylda til þess að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjártjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna á hans vegum. Á þessa ábyrgð reynir hvað helst varðandi þær upplýsingar sem fram koma í söluýfirliti en fasteignasala ber skylda til þess að afla upplýsinga um ástand fasteignar og hugsanlega ágalla á henni. Sýni fasteignasali af sér gáleysi sem veldur því að upplýsingar í söluýfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi og tjón verður af, getur hann borið skaðabótaábyrgð á tjóninu. Við mat á hugsanlegri skaðabótaskyldu fasteignasala getur orðalag söluýfirlitsins skipt miklu máli, eins og sjá má af tveimur úrskurðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum:

6/2024: Við sölu á fasteign var tilgreint í söluýfirliti að húsið hefði verið endurnýjað að miklu leyti, og tekið hefði verið í gegn þak, raflagnir, skólp og dren. Síðar kom í ljós að ástand skólplagna og drengs var ekki gott, og ráðast þurfti í endurnýjun. Tryggingafélagið samþykkti skaðabótaskyldu sína varðandi ástand frárennslislagna, en hafnaði því að rangar upplýsingar hefðu verið veittar um dren, þar sem ekki var hægt að sjá það með sjónskoðun. Úrskurðarnefndin taldi ekki vera eðlismun á upplýsingum sem hægt væri að sjá með sjónskoðun og þeirra sem ekki væri hægt að sjá. Með hliðsjón af því að fasteignasali hafði ekki gert neinar ráðstafanir til þess að staðreyna hvort umræddar upplýsingar væru réttar var kaupandi talin eiga ríkari rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu fasteignasalans.

83/2024: Deilt var um hvort kaupandi fasteignar ætti rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu fasteignasala. Í söluýfirliti fasteignarinnar kom fram að „lagnir væru að sögn eiganda í lagi“, auk þess sem yfirlitsblað seljanda hafi gefið í skyn að ekkert bent til annars en að lagnirnar væru í lagi. Fljótlega eftir afhendingu kom í ljós að lagnirnar voru ónýtar, götótta og að nærliggjandi tré hafði skotið rótum um þær. Úrskurðarnefndin taldi að ekki bæri að túlka skyldu fasteignasala svo rúmt að honum bæri að rannsaka sérstaklega ástand lagnanna. Lýsingu seljanda á ástandi lagnanna bæri að túlka í því ljósi að ekkert við daglega notkun hafi bent til þess að lagnirnar væru í ólagi. Ekki var fallist á að fasteignasali eða seljandi hefðu veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og bótskyldu var því hafnað.

Starfsábyrgðartrygging lögmanna

Samkvæmt 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 er lögmönnum skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Þannig getur lögmaður orðið skaðabótaskyldur gagnvart umbjóðanda sínum, gerist hann sekur um vanrækslu í starfi sem leiðir til tjóns. Samkvæmt 18. gr. lögmannalaga ber lögmönnum í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna:

Hrd. 262/2000: Kona krafði lögmann um skaðabætur vegna vanrækslu hans í störfum fyrir hana. Lögmenninum var veitt umboð til þess að gæta hagsmuna konunnar að því er varðaði bótarétt vegna meiðsla sem hún hlaut við vinnuslys. Lögmaðurinn fékk gjafsóknarleyfi fyrir K, en höfðaði ekki mál. Hann lýsti kröfu K ekki heldur í protabú vinnuveitanda hennar, sem tekinn hafði verið til gjaldþrotaskipta. Með hliðsjón af þeirri ríku ábyrgð sem lögmenn bera gagnvart skjólstæðingum sínum var talið að lögmaðurinn hefði brugðist skyldum sínum. Var lögmaðurinn talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni konunnar, enda stæðu líkur til þess að henni hefðu verið dæmdar bætur að einhverju leyti hefði kröfum hennar verið haldið til haga.

Þá má einnig nefna að í máli nr. 108/2024 fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum var niðurstaðan sú að tjónþoli ætti rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns þar sem honum misfórst að tilkynna tryggingafélagi um vinnuslys innan tilkynningarfrests.